

**SKOÐUN** Við þurfum á jörðinni að halda en hún ekki okkur, skrifar Sóley Kaldal. 25



**MENNING** Reggísveitin Hjálmar tekur upp nýja plötu með Erlend Øye úr Kings of Convenience. 62



**SPORT** Teitur Örlygsson verður áfram hjá Stjörnunni en hættir með liðið eftir næsta vetur. 56





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**2. maí 2013**
102. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



### Fyrirferð á snjóhengju

Uppgjör innlánsstofnana í slitameðferð má ekki raska fjármálastöðugleika.

## FRÉTTIR

### Engin hlýindi fram undan

Eftir einn kaldasta apríl í manna minnum treysta veðurfræðingar sér ekki til að lofa neinu um hlýindi. 6

**Læra af fálkamerkingum** Nýting nýrra litmerkja skilar merkilegum niðurstöðum um fálka hér á landi. Hægt er að greina fuglana lifandi. 8

**400 látnir** Minnst 400 manns hafa fundist látnir í fataverksmiðjunni sem hrundi til grunna í Dhaka í Bangladess. 10



22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | SV | 9 |
| Akureyri | 1° | SV | 5 |
| Egilsstaðir | 0° | SV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | SV | 2 |
| Reykjavík | 2° | SV | 7 |

**HLÝNAR** Í dag verða suðvestan 8-13 m/s og þykknar upp V-til en annars hægari og bjart. Hlýnar smám saman í veðri, einkum NV-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaður | Fólk




# Gestafjöldinn traðkar Þingvelli ofan í svaðið

Þjóðgarðsvörður segir holskeflu ferðamanna það sem af er ári skilja Þingvelli eftir sem flakandi sár. Verja eigi allt að 60 milljónum króna til að byggja stíga, palla og girðingar til að vernda viðkvæman gróður frá því að vera traðkaður niður í svaðið.

**ÞJÓÐGARÐAR** Holskefla ferðamanna hefur verið á Þingvöllum það sem af er ári með tilheyrandi álagi. Hörður Jónasson, bílstjóri og leiðsögumaður, segir ástandið sláandi.

„Hver vill koma og skoða mold og drullu? Það tekur lyng og mosa hálfa öld að jafna sig ef það þá yfir höfuð gengur,“ segir Hörður Jónasson, bílstjóri og leiðsögumaður, um ástandið á Þingvöllum.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður tekur undir með Herði. „Álagið á Þingvelli, vatnið og þinghelgina er ört vaxandi,“ segir Ólafur. „Þetta er skuggahliðin á átakinu Ísland allt árið; þessi gríðarlegi fjöldi ferðamanna sem kemur og gengur um landið eins og á sumardegi.“

Að sögn Ólafs verða settar allt að sextíu milljónir króna í ýmsar úrbætur, meðal annars í palla við Öxarárfoss og við Drekkingarhyl, auk þess sem settir verða upp kaðlar og girðingar.

- gar / sjá síðu 16



> Hver vill koma og skoða mold og drullu?
>
> *Hörður Jónasson, bílstjóri og leiðsögumaður*



**Á KAFI Í SNJÓ** Snjódýptin við bæinn Brúnastaði í Fljótum er með ólíkindum og þurftu Kristinn Knörr og Ólafur Ísar Jóhannessynir að grafa sig niður á rúllustæðuna. Veðurstofa Íslands hefur gefið út að veturinn í ár sé sá kaldasti á Norðurlandi frá því árið 1990. **Sjá síðu 2**

MYND/JÓHANNES RÍKHARÐSSON

Fleiri dæmi um kynferðisbrot hjá Ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi:

# Bílstjóri braut ítrekað á farþega

**LÖGREGLUMÁL** Bílstjóri hjá Ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi braut fyrr á þessu ári ítrekað á þroskaskertri konu sem ferðaðist með fyrirtækinu. Konan tilkynnti áreitnina á vinnustað sínum. Málið hefur ekki verið kært til lögreglu.

Í bréfi sem sent var frá vinnustað konunnar til yfirmanns Ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi segir að maðurinn hafi ítrekað haldið utan um hana, sagst elska hana og kysst hana á munninn. Sú háttsemi hafi varað í einhverjar vikur. Þá hafi hann sagst hlakka til að hitta hana aftur til að fá annan koss þegar skipt var um bílstjóra í eitt skipti.

Systir konunnar segir bílstjórann hafa mútað henni með kókflöskum til að hún segði ekki frá, hafa sagt henni að hann ætti börn og hún mætti ekki segja frá samskiptum þeirra undir nokkrum kringumstæðum.

Yfirmaður Ferðaþjónustu fatlaðra, Einar Valsson, neitaði að tjá sig um málið við Fréttablaðið en yfirmaður konunnar segir hann hafa ætlað að ræða við umræddan bílstjóra þegar bréfið var sent fyrir tveimur mánuðum.

Greint var frá því í blaðinu í gær að bílstjóri á vegum fyrirtækisins hefði verið kærður fyrir nauðgun um miðjan mars og honum þá sagt upp störfum. Ekki fæst uppgefið hvort um sama mann er að ræða. - sv



Líklegt að brotið sé á fötluðum konum

Búist við ákvörðun í dag:

# Sigmundur metur stöðuna

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur nú hitt formenn allra flokka sem náðu manni inn á þing. Hann er þó þögull sem gröfin um það við hvaða flokk, eða flokka, hann hyggst hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður. Líklegt er að hann tilkynni það í dag.



**SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON**

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, var síðastur formannanna til að ganga á fund Sigmundar. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur segir ljóst að Sigmundur Davíð ætli að láta stjórnarmyndunarviðræður snúast um það hve langt menn séu tilbúnir að koma til móts við Framsóknarflokkinn. - kóp / sjá síðu 4

Viðsnúningur frá 2008:

# Fleiri konur sitja nú í stjórnum

**VIÐSKIPTI** Eftir skráningu Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) á aðallista Kauphallar Íslands í næstu viku gegnir kona starfi stjórnarformanns í tveimur fyrirtækja Kauphallarinnar. Elín Jónsdóttir er stjórnarformaður TM og einnig Regins, sem þegar er skráð í Kauphöll.

Í september taka gildi lög sem kveða á um að hlutur hvors kyns í stjórnum fyrirtækja þar sem starfsmenn eru fimmtíu eða fleiri megi ekki fara undir 40%.

Eftir skráningu TM verður hlutur kvenna í stjórnum íslenskra fyrirtækja Kauphallarinnar rétt rúm 46 prósent á móti tæplega 54 prósenta hlut karla. Fyrir fimm árum voru konur 10% stjórnarmanna.

- óká / sjá Markaðinn



**ELÍN JÓNSDÓTTIR**






## SPURNING DAGSINS



Guðni, er þetta hálfgert kvalræði hjá ykkur?

**„Nei, þetta bjargast alltaf í okkar sveit.“**

Guðni Örn Hauksson er formaður björgunarsveitarinnar Hafliða á Þórshöfn. Sveitin lagði nótt við dag og bjargaði tveimur af sex háhyrningum sem syntu upp í fjöru við Heiðarhöfn á Langanesi.

Akureyrarbær vill vita hvort starfsumsækjendur á elliheimilum hafi framið auðgunarbrot:

# Fá ekki upplýsingar um þjófnaði á skrá

**AKUREYRI** Sakaskrá ríkisins hefur synjað beiðni Akureyrarbæjar um að senda sérstaklega upplýsingar um auðgunarbrot hjá þeim sem sækja um starf á öldrunarheimilum í bænum.

Félagsmálaráð samþykkti um miðjan mars að fá upplýsingarnar til viðbótar venjubundinni beiðni til sakaskrár um sakavottorð einstaklinganna.

Inda Björk Gunnarsdóttir, formaður félagsmálaráðs, segir ástæðu ákvörðunar ráðsins vera þá að starfsmenn öldrunarheimila vinni þétt og náið með vistmönnum inni á stofnunum. Engin atvik varðandi þjófnað eða annað slíkt hafi þó komið upp.

„Fólkið hefur aðgang að herbergjum fólks og þetta var sett fram til að setja smá varnagla,“ segir hún. „Þetta er eitt af því sem kom upp þegar við vorum að ræða sakavottorðin, hvort það væri ekki rétt að fylgdi, eins og kynferðisbrot og fíkniefnabrot.“

Fram kemur á vef Akureyrarvikublaðs að sakaskrá hafi ekki heimild til að gefa umbeðnar upplýsingar en umsækjandi geti sjálfur sótt slíkt sakavottorð til sýslumanns. Ástæðan sé sú að ferlið sé bæði kostnaðarsamt og tímafrekt, sem gæti raskað ráðningarferlinu og tímaramma þess.

Inda segir að ekki sé enn búið að ákveða hvort umsækjendur eigi að sækja um upplýsingarnar sjálfir til að vísa fram við umsókn. - sv



**SYNJAÐ UM UPPLÝSINGAR** Akureyrarbær hefur ekki ákveðið hvort umsækjendur um starf á öldrunarheimilum þurfi að framvísa upplýsingum um hvort þeir hafi framið auðgunarbrot.



**HREINSAR TIL** Grímur Þ. Jónasson hefur unnið hjá Reykjavíkurborg frá árinu 1979. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hreinsunarstarf í Reykjavík stendur nú yfir sem endranær:

# Alltaf nóg af rusli í borginni

**REYKJAVÍK Nóg er að gera hjá starfsmönnum borgarinnar sem sjá um að tína upp rusl þessa dagana, enda hefur mikið rusl safnast upp í vetur og eftir vindasama daga undanfarið.**

**„Það er alltaf nóg að gera en þó aðeins meira á vorin og á sumrin,“ segir Grímur Þ. Jónasson, starfsmaður á Hverfamiðstöð Reykjavíkurborgar í Laugardal.**

**Grímur hefur starfað hjá Reykjavíkurborg síðan árið 1979, eða í 34 ár, og kann því vel. Hann segir starfið vera þægilega útivinnu en það sé þó alltaf betra á sumrin þegar sólin er á lofti.**

**Grímur hefur farið víða undanfarna daga. Þegar Fréttablaðið hitti á hann var hann að tína rusl við Hverfisgötu, en hann hefur hreinsað svæðin við Reykjavíkurtjörn og Klambratún undanfarna daga, enda hafði mikið af rusli safnast upp á svæðinu.** - hó

## VIÐSKIPTI

### Engilbert bauð í golfvöll

Sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps hafnaði kauptilboði athafnamannsins Engilberts Runólfssonar fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags í golfvöllinn að Minni-Borg.

## HAPPDRÆTTI

### Vann 54 milljónir í lottó

Einn Íslendingur og einn Dani skiptu á milli sín fyrsta vinningi í Víkingalottóinu í gærkvöldi. Hvor um sig hlýtur rúmar 54 milljónir króna í vinning.

24 þreyta inntökupróf:

# Vilja í læknanám í Slóvakíu

**MENNTAMÁL** Alls munu 24 íslenskir stúdentar þreyta inntökupróf í læknisfræði fyrir háskóla í Slóvakíu.

Greint var frá því í Fréttablaðinu í fyrra að íslenskir nemendur hefðu þennan möguleika til að geta stundað nám í öðrum Evrópulöndum í greinum eins og læknisfræði og öðlast full réttindi. Í fyrra fóru átta í læknisfræði til Slóvakíu. - sv

# Bændur taka birgðastöðu eftir kuldatíð

Bændasamtökin kanna á landsvísu hver staða bænda er eftir veturinn. Heyforði fer þverrandi og hætta á kali í túnum. Bóndi í Fljótum segir veturinn á við það versta sem hafi sést. Allt er á svarta kafi í snjó en sauðburður er þegar hafinn.

**LANDBÚNAÐUR** Fulltrúar Bændasamtakanna (BÍ) funduðu með embættismönnum í atvinnuvegaráðuneytinu á mánudag til að ræða horfur á Norður- og Austurlandi vegna yfirvofandi hættu á kali í túnum og heyskorti. Gerð verður allsherjar könnun á stöðu bænda eftir veturinn. Bóndi í Fljótum segir veturinn standast samanburð við það versta sem menn þekki til.

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, segir að viðvarandi kuldatíð hafi orðið til þess að menn settust niður. „Það er hins vegar ekki okkar trú að um yfirvofandi neyðarástand sé að ræða. En við viljum vera tilbúin. Niðurstaðan er að hafa samband við búnaðarsamböndin landið um kring því við viljum vita í hvaða sveitum mesti snjórinn er, hvar mesta kalhættan er og hvernig heyforða bænda er háttað. Einnig viljum við vita hvort til eru fræ ef mikið þarf að rækta upp. Ef vorar illa, sem ekki virðist útilokað, viljum við einfaldlega vita þetta í tíma.“

Þeir sem funduðu voru Bændasamtökin, atvinnuvegaráðuneytið, Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins og Bjargráðasjóður, sem bætir bændum fjárhagslegan skaða vegna kals eins og segir í verklagsreglum sjóðsins.

Jóhannes H. Ríkharðsson, bóndi á Brúnastöðum í Fljótum, segir stöðuna langt frá því góða. Allt sé á kafi í snjó og sem í janúar yfir að líta. „Þetta er eins og maður fær veturinn verstan, ég verð að viðurkenna það. Skaflarnir hérna heima við hús eru um sex metrar á dýpt og kominn maí.“

Jóhannes er með 800 fjár en búnaðarhættir nútímans gera ekki ráð fyrir öðru en að beita vélum allan veturinn. Það er hins vegar ekki hlaupið að slíku þegar allt er á kafi vikur og mánuði á enda, segir Jóhannes. „Ég er orðinn tæpur á fóðri enda uppskerubrestur í fyrrasumar vegna þurrka. Maður hefði kannski sloppið ef fé hefði ekki verið komið í hús í byrjun nóvember á fulla gjöf.“

Það er huggun harmi gegn, segir Jóhannes, að hann óttast ekki kal í túnum hjá sér. Það segir hann hins vegar ekki eiga við um alla bændur í sveitinni.

Sauðburður er hafinn á Brúnastöðum og vandamál með hýsingu er yfirvofandi þar sem og á mörgum bæjum, enda erfitt að hleypa fé úr húsi vegna snjóþyngsla.

„Þetta er svona að síga af stað, þrjátíu eða fjörutíu eru bornar. En við brugðum á það ráð að fá okkur grænlenska vinnumenn – það þurfti vana menn fyrst svona er komið,“ segir Jóhannes hlæjandi og bætir við að ekkert sé annað eftir en að gera grín að öllu saman.

svavar@frettabladid.is



**Á SVARTA KAFI** Handmokað var ofan af sauðburðarskýlinu á Brúnastöðum sem var að falla saman undan snjófarginu. MYND/JÓHANNES RÍKHARÐSSON

> **Þetta er eins og maður fær veturinn verstan, ég verð að viðurkenna það.**
>
> *Jóhannes H. Ríkharðsson, bóndi á Brúnastöðum*

Matís DNA greinir gen sem getur bætt kynbótastarf íslenska hestsins:

# Skeiðgenið greint á Íslandi

**RANNSÓKNIR** Þekkingarfyrirtækið Matís hefur hafið DNA-greiningar á geninu DMRT3; geninu sem stjórnar skeiðgangi íslenska hestsins. Rannsakendurnir, Lisa Andersson hjá Capilet Genetics AB og fleiri sem uppgötvuðu genið, telja víst að fundurinn geti bætt kynbótastarf hestsins.

Í einfaldaðri mynd geta hestar haft eina af þremur arfgerðum. Ein arfgerðin er þegar hestar eru arfhreinir fyrir skeiðgeninu (AA) og búa yfir skeiði. Séu tvö arfhrein hross pöruð saman gefa þau af sér arfhreint alhliðahross (AA).

Önnur arfgerðin gefur af sér arfblendna hesta (CA) og eru slíkir hestar yfirleitt fjórgangshross en séu þeir paraðir við arfhreinan eða arfblendinn einstakling geta þeir gefið af sér alhliða afkvæmi í 50% eða 25% tilfella.

Þriðja arfgerðin er arfhrein án skeiðgensins (CC) og hestar með þessa arfgerð eru í flestum tilfellum gangtreg hross.

Með því að DNA-greina hross fyrir þessu geni geta ræktendur valið undaneldisgripina með tilliti til þess hvort þeir eru alhliða hestar (arfhreinir), klárhestar með tölti (arfblendnir) eða hreinir klárhestar. - shá



**ÍSLENSKT** Genarannsóknir gætu breytt kynbótastarfi á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



MAZDA.IS

mazda

# VELDU SPARNEYTINN OG ÖRUGGAN JEPPA MEÐ FRÁBÆRA AKSTURSEIGINLEIKA




SPARAÐU MEÐ
**SKYACTIV**
NÝ TÆKNI FRÁ MAZDA

## MAZDA CX-5
VERÐ FRÁ 5.490.000 KR.

Mazda CX-5 er framúrskarandi jeppi búinn byltingarkenndri SkyActiv spartækni Mazda. Ný og öflug vélalína, ný 6 þrepa sjálfskipting og nýr hástyrktarundirvagn gera nýju SkyActiv spartækni Mazda einstaka. Hún skapar fádæma sparneytni samanber nýju bensínvélina sem notar einungis 6,6 lítra með sjálfskiptingu.

Skynvætt fjórhjóladrif (4WD) ásamt léttari og sterkari yfirbyggingu gera Mazda CX-5 öruggari. Mazda CX-5 fékk fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP og var einnig valinn *Top Safety Pick* af Insurance Institute for Highway Safety. Mikið innanrými, 1800 kg dráttargeta, 21 cm veghæð ásamt stóru farangursrými skapa þér frábært notagildi.

Komdu í reynsluakstur.

**Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.**
**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is**

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. $CO_2$ losun 155 g/km.
Beinskiptur, verð 5.490.000 kr. Sjálfskiptur, verð 5.890.000 kr. Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

## GENGIÐ 30.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,71 | 117,27 |
| Sterlingspund | 180,81 | 181,69 |
| Evra | 152,48 | 153,34 |
| Dönsk króna | 20,447 | 20,567 |
| Norsk króna | 20,017 | 20,135 |
| Sænsk króna | 17,830 | 17,934 |
| Japanskt jen | 1,197 | 1,204 |
| SDR | 176,02 | 177,06 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
208,1233

Beinafundur í Bandaríkjunum talinn sönnun þess að landnemar borðuðu lík samlanda sinna:

# Lögðu sér lík til munns í hungursneyð

**SAGA** Beinafundur við Jamestown í Virginíu í Bandaríkjunum er talinn sönnun þess að breskir landnemar neyddust til að leggja sér mannakjöt til munns í mikilli hungursneyð veturinn 1609 til 1610.

Fréttastofa BBC greinir frá því að vísindamenn við Smithsonian-safnið í Washington DC telji nær útilokað að för í beinagrind stúlkubarns séu tilkomin með öðrum hætti en þeim þegar lík er hlutað í sundur og kjöt þess fjarlægt.

Vísindamennirnir telja að stúlkan hafi brauðfætt hungraða landnema í Jamestown í mikilli hungursneyð sem þar var í heilan vetur, en tugir, jafnvel hundruð manna, létust þá úr hungri. Ekki er þó vitað hvernig dauða stúlkunnar bar að en bein hennar fundust við fornleifauppgröft á staðnum í fyrra. Sannað er hins vegar að stúlkan var frá Bretlandseyjum.

Veturinn sem um ræðir, frá 1609 til 1610, er alræmdur í bandarískri sögu. Oft er vitnað til hans sem hluta eins versta tíma í landnámssögu Norður-Ameríku. Heimildir greina frá því að glorsoltið fólkið neytti hesta, hunda, katta, rottna og snáka áður en gripið var til örþrifaráða til að komast af. Lengi hefur því verið haldið fram að íbúar Jamestown hafi lagt í mannát, en hversu víðtæk þessi iðja var er ósannað. **- shá**



**MANNÁT** Aðeins 60 af um 300 voru á lífi í Jamestown þegar hjálp barst. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

---

Mótmæli í Danmörku:

## Baulað á forsætisráðherra

**DANMÖRK** Baulað var á Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, þegar hún hugðist halda ræðu í Árósum í gær, í tilefni af 1. maí.



**HELLE THORNING-SCHMIDT**

Að minnsta kosti einn maður var handtekinn fyrir að sprauta vatni á forsætisráðherra, að því er fram kemur á vef Jyllands-Posten.

Svo mikil varð truflunin að forsætisráðherrann gat varla komið upp orði. Hún hóf þó upp raust sína á endanum og hélt ræðuna. Hún endaði hana á því að óska þeim sem væru komnir til að hlusta og eiga rökræður gleðilegs verkalýðsdags. **- jhh**

Tilfærsla stofnana skoðuð:

## Bætt aðgengi og hagkvæmni

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hvetur stjórnvöld til að kanna mögulegan ávinning þess að flytja undir sama þak nokkrar stofnanir sem sinna þjónustu við fólk með skerta færni.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á að margir fatlaðir þurfi á að halda þjónustu fleiri en einnar af þeim stofnunum sem sinna rannsóknum, greiningu og margvíslegri þjónustu við fólk sem hefur skerta færni af einhverju tagi.

Með því að flytja þær undir sama þak mætti bæta aðgengi að þjónustu þeirra og auka hagkvæmni í rekstri. Stofnanirnar eru nú dreifðar á höfuðborgarsvæðinu. **- óká**

# Einlægni eða lævís leikur

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur fundað með formönnum allra flokka. Hann verst svara um næstu skref. Tvennum sögum fer af því hvort hann sé í einlægni að leita hófanna eða aðeins að styrkja stöðu sína.

**FRÉTTASKÝRING**
Hver er staðan í stjórnarmyndunarviðræðum?

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknaflokksins, hefur nú fundað með formönnum allra flokka sem náðu manni á þing. Hann hafði gefið það út að það væri forsenda þess að ákveða hverjum hann byði til formlegra stjórnarmyndunarviðræðna.

Sigmundur vildi ekki ræða við fjölmiðla í gær en mun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, gefa út yfirlýsingu í dag um næstu skref. Heimildarmenn blaðsins telja ýmist að um sé að ræða einlæga leið til að kanna alla kosti eða að á ferð sé leikur til að sýna hver valdið hefur í væntanlegum viðræðum við Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins. Flestir eru þó sammála um að enn séu mestar líkur á viðræðum við Sjálfstæðisflokkinn.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur segir að í sögulegu ljósi séu aðeins nokkrar sekúndur liðnar af stjórnarmyndunarferlinu. Hann hvetur fólk til að slappa af, en oft og tíðum sé eins og krafan um nýja frétt þrisvar á dag keyri fréttir áfram af viðræðunum.

Hvað eðli þeirra sjálfra varðar segir hann að ljóst sé að Sigmundur Davíð stilli sér upp sem sá sem ráði ferðinni.

„Hann ætlar að láta stjórnarmyndunarviðræðurnar snúast um það, að minnsta kosti á meðan hann hefur umboðið, hversu langt aðrir eru tilbúnir að koma til móts við Framsóknarflokkinn.

Það sem um skal rætt er kosningastefnuskrá Framsóknarflokksins, það er ekkert verið að mætast á miðri leið. Hann stýrir því hverjir hoppa upp í með honum.“

kolbeinn@frettabladid.is



„Ég er allt of mikill græningi í þessu pólitíska leikhúsi til að meta hvort þetta hafi verið sett á svið. Ég upplifði þetta ekki þannig, mér fannst þetta bara vera einlægar samræður.

*Birgitta Jónsdóttir, kapteinn Pírata*

„Staðan er nokkuð opin. Þetta eru meiri þreifingar en ég sá fyrir. Það er margt sem þarf að skýrast betur áður en hægt er að segja hvað er líklegt stjórnarmynstur.

*Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar*

**Þögull sem gröfin**
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, lætur ekki ná í sig.

„Ég hitti Sigmund í gær og við áttum ágætis tal saman. Hann er náttúrulega bara með umboðið og hann ákveður næstu skref.

*Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar*

**Ekki náðist í Bjarna Benediktsson.**

„Við erum reiðubúin að setjast niður með formlegum hætti og skoða möguleikana á stjórnarsamstarfi til vinstri.

*Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**Á morgun**
8-15 m/s, hvassast V-til.



**Laugardagur**
Austan 10-18 m/s.

**ÞYKKNAR UPP** Bætir smám saman í úrkomu á morgun með heldur hlýnandi veðri um allt land. Lítur út fyrir slyddu og rigninu og stífa austanátt víðast hvar á laugardag og síðan norðanátt með kólnandi veðri á sunnudag.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Billund | 12° | Gautaborg | 10° | London | 15° | Orlando | 26° | San Francisco | 25° |
| Basel | 20° | Frankfurt | 19° | Kaupmannahöfn | 10° | Mallorca | 20° | Ósló | 12° | Stokkhólmur | 12° |
| Berlín | 19° | Friedrichshafen | 19° | Las Palmas | 22° | New York | 20° | París | 16° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

www.bauhaus.is

# BAUHAUS®

**Allt fyrir hús, heimili og garða**



**weber**

**GASGRILL Q300**
2 ryðfríir brennarar. Grillflötur 63 x 45 cm. Tvískiptar pottjárns grillgrindur. Lok og botn úr álsteypu. Þrýstikveikjurofi. Niðurfellanleg hliðarborð. Hitamælir í loki. Hjólavagn fylgir.

**AFMÆLISVERÐ**
**79.990,-!**



5 ÁRA BAUHAUS ÁBYRGÐ

**Nilfisk**

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
C 115.3-6 PCD X-TRA. Þrýstingur dælu 115 bör. Vatnsflæði 440 l/klst. 6 m háþrýstislanga. Innbyggður vagn. Click&Clean, snúningsstútur og bursti fylgja með.

**AFMÆLISVERÐ**
**14.995,-!**






**ÚTIHURÐ T110**
Hvít með 115 mm karmi.
Stærð 94,8 x 211,5 cm.

**AFMÆLISVERÐ**
**79.995,-!**



**ELISABETH SÓFASETT**
Settinu tilheyrir borð með glerplötu, sófi og 2 stólar í polyrattan. Svartar sessur fylgja með.

**AFMÆLISVERÐ**
**109.000,-!**

**Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 2. maí til og með sunnudeginum 5. maí 2013. Gildir á meðan birgðir endast.**

**BAUHAUS REYKJAVIK -** Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir íslenska sprotafyrirtækið sem var selt til Bandaríkjanna á milljarð króna?
**2.** Hversu margir kafarar borguðu fyrir að kafa í Silfru í mars og apríl?
**3.** Hvað heitir konungur Hollands?

**SVÖR:**
**1.** CLARA. **2.** Tvö þúsund. **3.** Vilhjálmur Alexander.

Stjórnarformaður Íslandsstofu segir ríkisstjórn ráðalausa gagnvart vaxtaákvörðunum:

# Gagnrýndi vaxtastefnu SÍ harkalega

**EFNAHAGSMÁL** Friðrik Pálsson, stjórnarformaður Íslandsstofu, gagnrýndi vaxtastefnu Seðlabanka Íslands (SÍ) í ræðu sinni á ársfundi stofunnar og sagði stjórnvöld í raun ráðalaus gagnvart henni.

Friðrik sagði að SÍ hefði haldið stýrivöxtum svo háum eftir hrun að fjölmargir hagsmunaaðilar, svo sem stjórnvöld og forsvarsmenn atvinnulífs og launþegahreyfinga, hefðu lýst áhyggjum sínum af því. Þá hefðu háir vextir leikið heimilin illa. Margt hefði verið rætt um nauðsyn á sjálfstæði Seðlabanka, en fyrr mætti nú rota en dauðrota.

„Erum við komin með fjórskiptingu ríkisvaldsins eða hvaða aðra skýringu má finna á því að ráðherrar ríkjandi stjórnar virðist bíða í ofvæni eftir vaxtaákvörðun Seðlabankans í hvert skipti? Mun hún falla að stefnu ríkisstjórnarinnar í peningamálum og öðrum málum? Oftar en ekki lýsa þeir því yfir að þeir hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum. Og svo hvað? Jú, svo bíðum við aftur í mánuð.“

Friðrik benti á að 43 prósent af þeim sem sæti tækju á Alþingi eftir kosningar gerðu það í fyrsta skipti. Ábyrgð þeirra sem fyrir væru væri mikil og þeir yrðu að taka vel á móti þeim og tryggja að vinnubrögðin tryggðu Alþingi aukna virðingu.



> **Ég óttast að enn ein bólan sé í uppsiglingu og við getum átt á hættu slæmar afleiðingar ef við tökum ekki á málum nú þegar.**
> *Friðrik Pálsson, stjórnarformaður Íslandsstofu*

„Bankabólan er að baki eða er það ekki? Ég óttast að enn ein bólan sé í uppsiglingu og við getum átt á hættu slæmar afleiðingar ef við tökum ekki á málum nú þegar.“ **- kóp**






**GRÝLUKERTI 1.MAÍ** Í Fossvoginum var ekkert sem benti til þess að sumar væri gengið í garð. Þeir Bangsi og Fengur létu sér þó fátt um finnast. MYND/MARÍA STEFÁNSDÓTTIR

# Ekkert í veðurspám sem vísar á hlýindi

Eftir einn kaldasta apríl í manna minnum treysta veðurfræðingar sér ekki til að lofa neinu um verulega hlýnandi veður næstu daga. Garðyrkjustjóri segir að það yrði afleitt að fá vind og frost í maí. Kaldasti apríl síðan 1990 á Norðurlandi.

**VEÐUR** Veðurstofa Íslands greinir það ekki í kortunum að veður fari hlýnandi á næstunni að nokkru marki. Nú liggur fyrir að aprílmánuður var venju fremur kaldur á landinu.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Veðurstofuna í gærkvöldi og spurði fregna var niðurstaðan í raun skýr. Þeir sem binda vonir við sumarlegra veður þurfa að bíða í viku hið minnsta. Að sögn veðurfræðings hlýnar aðeins dag og dag en síðan snýr aftur til fyrri vegar. Þetta á við um helgina þegar snýr aftur í norðlægar áttir eftir aðeins hærri hitatölur í dag og á morgun. Þegar spurt var hvort fólk á Norður- og Austurlandi gæti átt von á því að eitthvað tæki upp af snjó og klaka var svarið nei.

Í stuttu yfirliti Veðurstofunnar yfir veðurfar á landinu í apríl segir að í Reykjavík hafi mánuðurinn ekki verið kaldari síðan árið 2000. Á Akureyri er mánuðurinn aftur á móti sá kaldasti í tæpan aldarfjórðung, eða síðan 1990. Þá segir að úrkoma hafi verið um 70% af meðalúrkomu í Reykjavík en í rétt rúmu meðallagi á Akureyri. Í Reykjavík voru sólskinsstundir óvenju margar; höfðu mælst vel yfir 200. Er talið trúlegt að mánuðurinn verði þriðji mesti sólskinsapríl í Reykjavík frá upphafi mælinga.

„Það er í sjálfu sér ekki mjög óvenjulegt að fá svona kuldatíma í apríl en maður er farinn að vonast til þess að við fáum ekki frost úr þessu. Það er frekar áhyggjuefnið,“ segir Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkur.

Hann segir að frostanætur hafi verið í Reykjavík en svo hafi hlýnað yfir daginn. Plönturnar þoli alveg slíka hitalækkun en afleitt væri að fá kaldan næðing með frosti úr þessu. Smávægilegir skaðar hafi þó orðið á plöntum í apríl.

„Margir eru óþreyjufullir eftir vorinu, komnir garðyrkjuþættir í sjónvarpið og fólk farið að kaupa plöntur. Fólk er þó stundum of bratt með að planta hinu og þessu út, við getum enn átt von á frosti í maí,“ segir Þórólfur. **- shá, kóp**

Lögregla þögul sem gröfin um frekari handtökur í Boston:

# Þrír handteknir til viðbótar

**BOSTON** Lögreglan í Boston hefur handtekið þrjá einstaklinga til viðbótar vegna sprenginganna í maraþonhlaupinu þann 15. apríl síðastliðinn.

Engar ástæður eru þó gefnar upp vegna handtakanna, en lögreglan taldi áður að bræðurnir tveir Dzhokhar og Tamerlan Tsarnaev hefðu verið tveir einir að verki.

Í vikunni var greint frá því að DNA-sýni úr konu hefði fundist á einu sprengjubrotanna, sem var talið benda fyrst og fremst til þess að bræðurnir hefðu átt sér vitorðsmenn.

Lögreglan hefur gefið út að engin ógn hafi verið talin stafa af þremenningunum sem voru handteknir, en þeir séu þó grunaðir um að hafa komið að árásinni.

Hinn nítján ára gamli Dzhokhar Tsarnaev hefur verið ákærður fyrir aðild að árásinni. Tamerlan, 26 ára gamall bróðir hans, var felldur í skotárás fáeinum dögum eftir að hryðjuverkin voru framin eftir mikinn eltingaleik við lögreglu. Þrír létu lífið í maraþonsprengingunni og tugir slösuðust alvarlega. **- sv**



**BOSTON UNDIRLÖGÐ** Mikið kapp var lagt á að finna og handtaka bræðurna tvo sem taldir eru bera höfuðábyrgð á sprengingunni í Boston um miðjan síðasta mánuð. NORDICPHOTOS/GETTY

# CROSS HJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI!

**HJÓLAAUKAHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**
LÁSAR, SLÖNGUR, PUMPUR, DEKK, LJÓS OG MARGT FLEIRA

## 28" ARRINA/ARROW
Dömu & herra
Dömu einnig til í hvítu
**59.999**






**GÆÐA MERKI Í HJÓLUM!**

CROSS hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Innbrenndur litur

**24"** Alissa hjól
vnr. 889785
**39.999**
18 gírar



**20"** Favorit hjól
vnr. 889776
**39.999**
6 gírar



**26"** Montana hjól
vnr. 889779
**49.999**
21 gír



**24"** Phantom hjól
vnr. 889777
**49.999**
21 gír



**20"** Alissa hjól
vnr. 889774
**39.999**
6 gírar



Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36.
Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.



Hjálmur
vnr. 870311
**3.999**

**12" hjól**
vnr. 887980, 887982
**24.999**

**16" hjól**
vnr. 887981, 887983
**29.999**



SIXSIXONE
Hjálmur
**6.999**

FLOTTIR HJÁLMAR Í FULLORÐINS- OG BARNASTÆRÐUM

Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Skeifunni, Kringlunni og Holtagörðum. Minna úrval í öðrum verslunum.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

Tónlistarfólk fær stuðning:

# Sjóður um útflutta tónlist

**MENNING** Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar (ÚTÓN), nýr sjóður sem hefur það að markmiði að styðja við útflutning tónlistar, hefur tekið til starfa.

Í sjóðinn verður hægt að sækja um ferðastyrki mánaðarlega, og ársfjórðungslega verða veittir tveir styrkir sem nema 500 þúsund krónum og einn styrkur sem nemur einni milljón króna.

Hlutverk ÚTÓN er að styrkja íslenskt tónlistarfólk við að koma tónlist sinni á framfæri. - shá

Launakönnun bæjaryfirvalda í Reykjanesbæ sýnir að 26,6% launafólks bera afar lítið úr býtum:

# Fjórðungur fær undir 250 þúsundum króna

**KJARAMÁL** Laun ríflega fjórðungs alls vinnandi fólks í Reykjanesbæ eru undir 250 þúsund krónum. Könnun sem atvinnu- og hafnasvið Reykjanesbæjar, í samstarfi við fjármálaskrifstofu bæjarins, vinnur að leiðir þetta í ljós. Könnunin sýnir að 65% þeirra sem eru á aldrinum 18-67 ára voru við vinnu í febrúar. Af þessum hópi bæjarbúa eru 26,6% með laun undir nefndri krónutölu.

„Hér er um að ræða íslenskt verkafólk, sem oftast hefur eingöngu lokið grunnskólanámi,“ segir Árni Sigfússon bæjarstjóri, en þessar upplýsingar voru kynntar á íbúafundi með bæjarstjóra á þriðjudagskvöld.



ÁRNI SIGFÚSSON

Mjög er horft til uppbyggingar álversins í Helguvík. Á fundinum kom fram að meðallaun verkafólks í álveri Norðuráls á Grundartanga væru á bilinu 500-600 þúsund krónur.

„Við stöndum frammi fyrir því að byggja upp verkefni sem getur tvöfaldað laun verkafólks hér. Það hefur að auki veruleg áhrif á skatttekjur sveitarfélaga. Meðalskatttekjur sem Fjarðabyggð fær frá hverjum íbúa árið 2012, þar sem Fjarðaál er staðsett, eru 576 þúsund krónur á íbúa. Í Reykjanesbæ eru meðalskatttekjur sama ár um 390 þúsund krónur á íbúa,“ segir Árni. - shá



**REYKJANESBÆR** Mjög er lítið til launa starfsfólks í álverum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Aðalfundur Félags einstæðra foreldra verður haldinn fimmtudaginn 16. maí kl. 17 á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Rvk.**

Á dagskrá verða almenn aðalfundarstörf.
Boðið verður upp á kaffiveitingar og eru allir félagsmenn hvattir til að mæta.

Félag einstæðra foreldra, Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík
Sími: 551-1822.
Vefsíða: www.fef.is
Facebook: facebook.com/felag.einstaedra.foreldra

Wheeler Pro 50
Comfort götuhjól



Herra og dömustell, 2 litir, álstell, 21gíra, dempari að framan og dempun í sæti, breiður hnakkur, brettasett fylgir.

84.995 kr.

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF
WHEELER WORLDWIDE
VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

LS

**Verðtryggð skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150224**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt útgefandalýsingu og grunnlýsingu dagsett 24. apríl 2013 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Útgefandalýsinguna og grunnlýsinguna ásamt gögnum sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:**
Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 3. maí 2013 er 500.000.000 kr. heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 29.914.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:**
Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869.

*Reykjavík, 2. maí 2013.*
*Lánasjóður sveitarfélaga ohf.*

# Læra mikið í kjölfar nýrra fálkamerkinga

Nýting nýrra litmerkja skilar merkilegum niðurstöðum um fálka hér á landi. Nú er hægt að greina fuglana lifandi en áður var treyst á endurheimtur dauðra fugla.

**NÁTTÚRA** Ný aðferðafræði við að merkja fálka skilar mikilvægum niðurstöðum til Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ). Hafnar eru tilraunir með erfðafræðilegar rannsóknir á fjöðrum fálka.



ÓLAFUR K. NIELSEN

Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur við NÍ, segir að allt fram til ársins 2011 hafi fálkar aðeins verið merktir með hefðbundnum stálhring, en til að lesa á slík merki þurfti fuglinn að finnast dauður eða að komast undir manna hendur á annan máta.

„Sumarið 2011 var byrjað að litmerkja fálka og síðan hafa um 100 fuglar verið merktir. Þessi merki gefa okkur kost á að nálgast nýjar upplýsingar. Ekki síst um fullorðna fugla í varpi, sem er aðaltilgangurinn með þessari nýju aðferð. Framtíðarsýnin er að koma upp merktum varpstofni svo hægt sé að meta afföll og fleira,“ segir Ólafur, en tilgangurinn með merkingum er að fá upplýsingar um ferðalög fálka, átthagatryggð, kynþroskaaldur og afföll.

Ólafur segir að varpstofn á Íslandi sé um 400 pör.

„Við erum með rétt innan við 10% af fálkastofninum á rannsóknasvæðinu sem er um 5.000 ferkílómetra svæði í Þingeyjarsýslum,“ segir Ólafur og bætir við að á liðnum áratugum hafi verið merktir á milli 16 og 17 hundruð fálkar með hefðbundnum merkjum. Af þeim hafa 200 náðst til baka.

Næsta skref í rannsóknum NÍ er nýting erfðafræðilegra upplýsinga.

„Við náum lífsýnum úr fuglunum úr fjöðrum sem þeir fella. Þannig getum við greint einstaklinginn, og við tökum þetta upp samhliða litmerkingunum. Með því að beita þessum tveimur aðferðum samhliða getum við fylgst með fuglum sem heimsækja sitt óðal ár eftir ár. Tækifærin til að nýta þessar nýju aðferðir samhliða eru gríðarlega mikil,“ segir Ólafur.

Ætlunin er að halda þessu verkefni, litmerkingum og erfðafræðilegum rannsóknum samhliða, áfram næstu tíu árin. Von er á fyrstu varpfuglunum inn í verkefnið núna í vor. Þess má geta að mjög er lítið til þessara íslensku rannsókna þar sem allt að helmingur evrópska fálkastofnsins heldur til hér á landi.

svavar@frettabladid.is

## Saga þingeysku fálkanna AU og HR



**AU** Kvenfálkinn AU var merktur í S-Þingeyjarsýslu sumarið 2011 en hafði vetursetu og sumardvöl á Suðurlandi árið 2012.

MYND/ÓLÖF HELGA HARALDSDÓTTIR



**HR** Fálkinn HR, karlfálki á fyrsta hausti, dvaldi við Eyrarbakka fram í mars 2013.

Eyrbekkingurinn Ólöf Helga Haraldsdóttir sendi nýlega upplýsingar til Náttúrufræðistofnunar um tvo merkta fálka í sinni heimabyggð. Þetta voru fálkarnir AU og HR.

- Fálkinn AU, kvenfugl merktur sem ungi í hreiðri sumarið 2011 í Suður-Þingeyjarsýslu, sást sumarið 2012 á Eyrarbakka og sást renna sér eftir kanínum, meðal annars. Örn Óskarsson, líffræðikennari á Selfossi, hafði séð sama fugl veturinn á undan við ósa Ölfusár. Þessi þingeyski fálki hafði því bæði vetursetu og sumardvöl á Suðurlandi. AU hvarf á braut haustið 2012.
- Fálkinn HR, karlfálki á fyrsta hausti, dvaldi við Eyrarbakka fram í mars 2013. HR sást eltast við kanínur en einnig tók hann æti sem lagt var út fyrir hann, dauðar hænur og gæsir. Fálkinn HR er einnig úr Þingeyjarsýslum og reyndar Bárðdælingur en ættaður úr Mývatnssveit þaðan sem móðir hans kemur, segir á vef NÍ.

Breyttur útivistartími barna og unglinga tók gildi í gær, 1. maí:

# Mega vera úti til klukkan tíu

**SAMFÉLAGSMÁL** Útivistartími barna og unglinga tók breytingum í gær. Nú mega 12 ára börn og yngri vera úti til klukkan 22.00. Unglingar, 13 til 16 ára, mega vera úti til klukkan 24.00.

Börn mega ekki vera á almannafæri utan þess tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum fyrir síðartalda hópinn þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu og miðast aldur við fæðingarár.

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Þeim er meðal annars ætlað að tryggja nægan svefn, en hann er börnum og unglingum nauðsynlegur. Svefnþörfin er einstaklingsbundin en þó má ætla að börn og unglingar á grunnskólaaldri þurfi 10 tíma svefn hverja nótt. - kh



**BÖRN AÐ LEIK** Breyttur útivistartími tók gildi í gær. Nú mega börn vera úti til tíu en unglingar til tólf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


DEBENHAMS
Ertu í réttri stærð?
Brjóstahaldara
2 í pakka
Verð áður kr. 5.990,-
Verð nú kr. 4.792,-
Samfestingur
Verð áður kr. 8.990,-
Verð nú kr. 7.192,-
40% afsláttur!
Úrval af nærbuxum
5 í pakka
Verð áður kr. 2.490,-
Verð nú kr. 1.494,-
20% AFSLÁTTUR
af öllum dömu og herra nátt- og undirfötum
Komdu í fría mælingu
og þú lendir í lukkupotti og getur unnið nærfatasett að eigin vali!
Opið í kvöld til 21:00
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
Gerðu lífið skemmtilegra
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




# Minnst 400 fundist látnir í rústunum

**Tugir þúsunda verkamanna mótmæltu slæmum kjörum í Bangladess í gær. Yfir 400 manns létust þegar fataverksmiðja hrundi til grunna í úthverfi Dhaka í síðustu viku. Forsætisráðherra landsins bað verkamenn um að snúa aftur til vinnu.**

**BANGLADESS** Yfir 400 manns hafa fundist látnir í fataverksmiðjunni sem hrundi til grunna í úthverfi Dhaka í Bangladess í síðustu viku. Tæplega 150 manns eru enn taldir vera undir rústunum.

Í fyrstu var talið að mun fleiri hefðu látist en hátt í 2.500 slösuðust.

Um 20 þúsund manns tóku þátt í mótmælagöngu í Dhaka í gær og báru sumir kröfuspjöld þar sem þess var krafist að eigendur verksmiðjunnar yrðu hengdir. Einnig var mótmælt í öðrum borgum.

„Ég missti bróður minn og systur. Blóð þeirra skal ekki hafa runnið til einskis,“ sagði einn mótmælenda sem ávörpuðu mannfjöldann.

Kamrul Anam, sem situr í stjórn verkalýðsfélags fata- og textílgerðarfólks, sagði að morð hefðu verið framin. „Þeir sem eru ábyrgir fyrir þessum harmleik eiga að fá viðeigandi refsingu.“

Í mótmælunum var þess einnig krafist að hlúð yrði betur að vinnuaðstæðum verkafólks. „Við viljum fá föst laun, launahækkanir og meira öryggi í verksmiðjum okkar,“ sagði verkamaðurinn Mogidul Islam Rana.



**LÍKIN GRAFIN** Verkamenn í Bangladess sjást hér grafa samstarfsmenn sína sem létu lífið þegar byggingin í Dhaka hrundi. NORDICPHOTOS/AFP

Margir af stærstu fataframleiðendum heims voru í viðskiptum við Rana Plaza-verksmiðjuna. Byggingin sem hrundi var átta hæðir og voru rústirnar um 600 tonn.

Átta manns eru þegar í varðhaldi, þar á meðal eigandi verksmiðjunnar og verkfræðingar sem komu að gerð byggingarinnar.

Sheikh Hasina, forsætisráðherra Bangladess, hvatti fólk til að snúa aftur til starfa í þinginu á þriðjudagskvöld. „Ég vil biðja verkafólk um að halda ró sinni og koma verksmiðjunum aftur í gang. Annars gæti það misst vinnuna.“

kristjan@frettabladid.is



Skráaskiptasíða flytur:

## Sjóræningjasíða flutt frá Íslandi

**TÆKNI** Sjóræningjasíðan The Pirate Bay er ekki lengur skráð á íslenskt lén. Greint var frá því í síðustu viku að síðan hefði verið skráð hér á landi en hún var skráð á annan stofnanda síðunnar, Svíann Fredrik Neij.

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, samtaka myndréttarhafa á Íslandi, gagnrýndi þetta harðlega og sagði augljóst að síðan, sem er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum, væri kolólögleg.

Skip á kolmunnaveiðum við Færeyjar í linnulitlum brælum og leiðindum:

# Á kolmunnaveiðum í veðravíti

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er víst engu logið um að þetta hafsvæði suður af Færeyjum er sannkallað veðravíti og það er mikið um frátafir á veiðum vegna þess. Í gær [á mánudag] urðum við að halda sjó í hálfan sólarhring í norðanbrælu og haugasjó og það var ekki fyrr en í morgun að það var hægt að kasta aftur. Og það lítur ekki út fyrir mikinn frið því að næsta lægð er á leiðinni og nú er spáð sunnanbrælu," segir Stefán Geir Jónsson, afleysingaskipstjóri á Lundey NS, í viðtali á heimasíðu HB Granda, en var þá að veiðum um 70 mílur suður af Færeyjum.

Að sögn Stefáns Geirs er Lundey nú í síðasta hreina kolmunnaveiðitúr ársins. Faxi RE, annað skip HB Granda, er á leiðinni á miðin og á eftir eina veiðiferð og hið sama má segja um Ingunni AK.

Reiknað er með að kolmunnaafli fyrirtækisins á vertíðinni verði um 21.000 tonn. Eftirstöðvar kvótans verða nýttar fyrir meðafla á síldog makrílveiðum í sumar. - shá



**FAXI RE** Skip HB Granda eru að ljúka kolmunnaveiðum. MYND/HBGRANDI

Endurbætur á Gróttuvelli:

## Fylltu völlinn af gúmmíi

**SELTJARNARNES** Gervigrasvöllur Seltirninga hefur nú fengið gagngera upplyftingu, en nýlega var hann tekinn í gegn og fylltur með 42 tonnum af gúmmíi.

Með því að þétta hann svona duglega með efninu eru meiri líkur á að grasið sjálft haldist heilt til lengri tíma, að því er segir í tilkynningu frá Seltjarnarnesbæ.

Völlurinn hefur verið í stöðugri notkun frá því að hann var tekinn í notkun árið 2005 og því mikilvægt að honum sé vel við haldið.



**FRÁ ÓSLÓ** Lögreglan í Ósló segist búast við stórauknum fjölda betlara í landinu í sumar.

Lögreglan í Noregi:

## Von á fjölgun í betlarastéttinni

**NOREGUR** Lögregla gerir ráð fyrir því að mikil fjölgun verði í hópi erlendra betlara á götum Noregs í sumar.

„Við sjáum skýr merki og erum með skýrslur þess efnis að í ár munum við sjá langtum fleiri betlara í Ósló en nokkru sinni fyrr," segir Hans Sverre Sjøvold lögreglustjóri í samtali við VG og bætir við að betli fylgi oftast lögbrot eins og götusvindl og vasaþjófnaðir. Betl er þó ekki bannað með lögum.

Lögregla áætlar að í fyrra hafi um 2.000 betlarar verið í Ósló. Nær allir þeirra voru erlendir borgarar, flestir frá Rúmeníu. - þj

Samið vegna hælisleitenda:

## Tryggja hraðari úrlausn mála

**SAMFÉLAGSMÁL** Samningur milli Rauða krossins á Íslandi og innanríkisráðuneytisins um aðstoð og þjónustu Rauða krossins við hælisleitendur á Íslandi hefur verið undirritaður.

Hælisleitendum hér á landi hefur fjölgað mjög undanfarin misseri. Þannig óskuðu 76 einstaklingar eftir hæli árið 2011 og árið 2012 voru umsóknirnar 115, sem er 66% aukning milli ára. Það sem af er þessu ári hefur borist 81 umsókn um hæli.

Á sama tíma hefur málsmeðferð orðið umsvifameiri og flóknari og stjórnvöld hafa ekki náð að tryggja viðunandi málshraða umsókna. - shá

Samningur til ársins 2018:

## Slysavarnaskóla tryggt starfsfé

**ÖRYGGISMÁL** Nýr þjónustusamningur um rekstur Slysavarnaskóla sjómanna liggur fyrir. Samningurinn gildir fyrir árið 2013 og til ársins 2018. Samkvæmt honum greiðir innanríkisráðuneytið rúmar 60 milljónir í ár en fjárhæðin mun taka almennum verðlagshækkunum í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir samningstímann.

Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu um slysavarnir á sjó og skal skólastarfið uppfylla alþjóðlegar kröfur um þjálfun sjómanna. Innanríkisráðuneytið, Landsbjörg og Siglingastofnun standa að samningnum. - shá








## HEIMSYFIRLIT 2012



Fólk sem hefur hrakist frá heimilum sínum vegna átaka og ofbeldis

| | | |
|---|---|---|
| **1.** | Mexíkó | Um 160.000 |
| **2.** | Kólumbía | 4,9 til 5,5 milljónir |
| **3.** | Perú | Um 150.000 |
| **4.** | Líbía | Um 50.000 |
| **5.** | Tsjad | Um 90.000 |
| **6.** | Senegal | 20.000 til 40.000 |
| **7.** | Malí | A.m.k. 227.000 |
| **8.** | Fílabeinsströndin | 40.000 til 80.000 |
| **9.** | Mið-Afríkulýðveldið | Um 132.000 |
| **10.** | Kongó | Allt að 7.800 |
| **11.** | Kongó-Kinsjasa | Um 2,7 milljónir |
| **12.** | Angóla | Allt að 20.000 |
| **13.** | Súdan | A.m.k. 20.000 |
| **14.** | Suður-Súdan | A.m.k. 240.000 |
| **15.** | Búrúndí | Um 78.800 |
| **16.** | Úganda | Um 30.000 |
| **17.** | Kenýa | Um 300.000 |
| **18.** | Sómalía | 1,1 til 1,4 milljónir |
| **19.** | Erítrea | Allt að 10.000 |
| **20.** | Jemen | Um 385.000 |
| **21.** | Líbanon | Um 44.600 |
| **22.** | Sýrland | A.m.k. 3 milljónir |
| **23.** | Írak | A.m.k. 2,1 milljón |
| **24.** | Indónesía | Allt að 170.000 |
| **25.** | Srí Lanka | A.m.k. 93.000 |
| **26.** | Filippseyjar | A.m.k. 1.200 |
| **27.** | Mjanmar | A.m.k. 450.000 |
| **28.** | Indland | A.m.k. 540.000 |
| **29.** | Pakistan | A.m.k. 240.000 |
| **30.** | Afganistan | A.m.k. 492.000 |
| **31.** | Kirgistan | Allt að 164.000 |
| **32.** | Rússland | A.m.k. 29.000 |
| **33.** | Aserbaídsjan | Allt að 600.000 |
| **34.** | Armenía | Allt að 8.400 |
| **35.** | Georgía | Allt að 280.000 |
| **36.** | Tyrkland | 954.000 til 1,2 milljónir |
| **37.** | Serbía | Um 225.000 |
| **38.** | Kósovó | Um 18.000 |
| **39.** | Makedónía | Um 600 |
| **40.** | Bosnía Herzegóvína | Um 103.000 |
| **41.** | Kýpur | Allt að 210.000 |
| **42.** | Palestína | Um 144.500 |

**Óvíst með tölur:** Alsír, Bangladess, Eþíópía, Gvatemala, Ísrael, Laos, Líbería, Nepal, Níger, Nígería, Rúanda, Taíland, Austur-Tímor, Tógó, Túrkmenistan, Úsbekistan, Simbabve.

*Heimild: Internal Displacement Moniotoring Centre*

## BREYTINGAR FRÁ 2011 TIL 2012




### ➜ 2,1 milljón sneri aftur heim 2012

**Afríka: 1,3 milljónir** ■ Fílabeinsströndin 500.000, Kongó 450.000, Súdan 91.000 Tsjad 36.000 ■ **Mið-Austurlönd og Norður-Afríka: 550.000** ■ Írak 213.000, Líbía 190.000, Jemen 134.000 ■ **Suður- og Suðaustur-Asía: 261.000** ■ Filippseyjar 157.000, Pakistan 59.000 ■ Evrópa og Mið-Asía: 1.600

# Næstum 30 milljónir manna á vergangi

Ný skýrsla um fólk á vergangi vegna stríðsátaka leiðir í ljós að á síðasta ári höfðu um 28,8 milljónir manna hrakist burt frá heimilum sínum. Árið 2012 fjölgaði í þessum hópi um 2,4 milljónir, mest í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku.

**MANNRÉTTINDI** Tæplega þrjátíu milljónir manna um heim allan voru á vergangi á síðasta ári innan landamæra eigin heimalands eftir að hafa hrakist burt frá heimilum sínum vegna stríðsátaka, ofbeldis og mannréttindabrota. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem unnin er af stofnuninni Internal Displacement Monitoring Centre (IDMC), sem hefur fylgst með þessum málum frá árinu 1998.

Í skýrslunni segir að fólki í þessum hópi, sem vel að merkja telur ekki þá sem hafa flúið heimaland sitt, hafi fjölgað um 2,4 milljónir manna frá árinu 2011, sem er mesta fjölgun sem mælst hefur milli ára frá upphafi. Þá hröktust um 6,5 milljónir manna frá heimkynnum sínum bara í fyrra, sem er tvöfalt meira en árið áður.



**Á FLÓTTA** Að minnsta kosti þrjár milljónir manna eru á vergangi í Sýrlandi.
NORDICPHOTOS/AFP

Þessa miklu aukningu má fyrst og fremst rekja til Afríku og Mið-Austurlanda þar sem stríðsátök í Sýrlandi og Kongó-Kinsjasa ber hæst. Um 2,4 milljónir manna lentu á vergangi í Sýrlandi í fyrra, sem er fimmfalt fleiri en árið áður, og ein milljón í Kongó. Þar næst komu Súdan og Indland, þar sem um hálf milljón í hvoru landi fyrir sig lagði á flótta. Þessi þróun helst í hendur við fjölgun stríðsátaka um heim allan, en í skýrslu IDMC er leitt líkum að því að aldrei frá lokum seinni heimsstyrjaldar árið 1945 hafi verið eins mörg vopnuð átök um heim allan eins og var á síðasta ári.

Fjöldi fólks á vergangi eykst jafnan eftir því sem átök dragast á langinn, en það má til dæmis gjörla sjá í Kólumbíu þar sem flestir eru á vergangi í einu landi, um eða yfir fimm milljónir manna. Þar stóðu um árabil yfir átök milli stjórnarhers og skæruliðahreyfingarinnar FARC, en síðustu misseri hefur þróunin þar verið til batnaðar.

Samkvæmt skýrslunni er fólk á vergangi í 59 löndum, í öllum heimshornum.

Kate Halff, framkvæmdastjóri IDMC, segir að stjórnvöld í umræddum löndum verði að axla ábyrgð á því að leysa úr vandanum til langs tíma litið.

„Það næst hins vegar aðeins ef stjórnvöld og alþjóðasamfélagið átta sig á því að fólkið sem um ræðir þarf ekki aðeins bráðaaðstoð þegar neyðin er stærst, heldur þarf þróun og þróunaraðstoð til langs tíma þar til lausnin næst.“

thorgils@frettabladid.is

# CLINIQUE

## dagar í Hagkaup
## 2.– 8. maí




Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr. eða meira.*

- Liquid Facial Soap Mild 15 ml
- Superdefense Dagkrem 15 ml
- Superdefense  Augnkrem 5 ml
- Superbalanced Farði 7 ml
- High Impact Maskari 3,5 ml
- Chubby Stick Lip Colour Balm 1.2 g

**Meðan birgðir endast.*



**NÝTT**

## Even Better Compact Makeup

Fullkomin áferð strax í dag, þökk sé góðri þekju kremfarðans. Skilur eftir sig matta púðuráferð sem hylur þegar í stað allar misfellur.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í BÓNUS Í DAG 11:00-18:30
1759 KR. KG
K.S. FROSINN LAMBAHRYGGUR
798 KR. kg
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FL
1498 KR. KG
NF. ÍSLENSKIR BLEIKJUBITAR
BEINHREINSAÐIR MEÐ ROÐI
1598 KR. KG
K.S. FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
THAI FROSNIR TILBÚNIR KJÚKLINGARÉTTIR
Kjúklingur Teriyaki, Kjúklingur Panang, Kjúklingur í hnetusósu
Kjúklingur í rauðu karrýi : 350 g box fyrir örbylgjuna
THAI CHICKEN PANANG
THAI CHICKEN PEANUT
THAI CHICKEN RED CURRY
CHICKEN TERIYAKI
498 KR.
1259 KR. KG
NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS
EINFALLT OG GOTT ÓDÝRAR NÚÐLUSÚPUR Á SVIPSTUNDU
98 KR.
YUM YUM NÚÐLUR 70gr BOX
29 KR.
ROOKIE NÚÐLUR 85gr PAKKI
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
Coca-Cola
79 KR. 33cl
ÆÐI BITAR
198 KR. 200gr
Hraun BITAR
198 KR. 200gr
pepsi
pepsi MAX
198 KR. 2 ltr.
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
198 KR. 2 ltr.
Kolsýrt vatn
129 KR. 2 ltr.
KitKat
198 KR. 3 stk
KIT KAT 3 STK. Í PAKKA
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR KJÖRFUGLS KJÚKLINGUR
279 KR. KG
KJÖRFUGLS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
1998 KR. KG
KJÖRFUGLS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
759 KR. KG
KJÖRFUGL HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
ÍSLANDS NAUT
200 KR. VERÐLÆKKUN
1398 KR. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT 100% UNGNAUTAHAKK
200 KR. VERÐLÆKKUN - VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG
Barilla
FUSILLI
1Kg
298 KR. 1 kg
BARILLA FUSSILI 1 KG
Barilla
SPAGHETTI n.5
1Kg
259 KR. 1 kg
BARILLA SPAGHETTI 1 KG
100 KR. VERÐLÆKKUN
100% UNGNAUTA-KJÖT
4 stk hamborgarar
698 KR. pk.
ÍSLANDSNAUT FJÓRIR FERSKIR 100% UNGNAUTAHAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI
RICE DREAM
298 KR. 1 ltr.
RICE DREAM RÍSMJÓLK 1 LTR.
ALMOND DREAM
298 KR. 1 ltr.
ALMOND DREAM MÖNDLUMJÓLK 1 LTR.
398 KR. 340gr
HIMNESKT/SOLLU LÍFRÆNT HNETUSMJÖR
698 KR. 500ml
HIMNESK/SOLLU EXTRA VIRGIN ÓLIFUOLÍA
FERSKT MANGÓ 495 KR. KG
SPÁNSKAR APPELSÍNUR 195 KR. KG
Límonaðidrykkur
Appelsínudrykkur
Engiferdrykkur
Rabarbaradrykkur
198 KR. 330ml
HIMNESKIR/SOLLU LÍFRÆNIR GOSDRYKKIR 330ml
AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLUR 298 KR. kg
750 GR AVOCADO 398 KR. 750gr
Ferskt íslenskt salat
Bónusblanda
Lambhagi
150 GR BÓNUS LAMBHAGASALAT 398 KR. 150gr
Chiafræ
698 KR. 200gr
HIMNESKT/SOLLU CHIAFRÆ 200gr
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**KIRKJUGARÐSSTÍGUR** Gestir á Þingvöllum forðast stígana, sem eru svað eitt.



**FLOSAGJÁ** Ástandinu við þessa náttúruperlu er lýst sem sérstaklega slæmu.

# Fórnarlamb átaks í ferðaþjónustu

Gríðarlegur fjöldi ferðamanna á Þingvöllum það sem af er ári er farinn að hafa áhrif á þjóðgarðinn. Skuggahliðar átaksins Ísland allt árið, segir þjóðgarðsvörður. Verja á allt að 60 milljónum króna til að byggja stíga, palla og girðingar til að vernda gróður frá því að vera traðkaður niður.

**ÞJÓÐGARÐAR** „Álagið á Þingvelli, vatnið og þinghelgina er gríðarlega vaxandi,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, sem boðar aðgerðir til að vernda gróður á Þingvöllum.

Óhemjumikill vöxtur hefur verið í heimsóknum ferðamanna á Þingvöll. Umferð um Mosfellsheiði jókst um áttatíu prósent fyrstu þrjá mánuði ársins miðað við í fyrra. Ólafur segir að á Hakinu sé mannfjöldinn þessa dagana eins og á sumardegi.

„Svörðurinn er mjög opinn og auðsæranlegur núna, sérstaklega vegna þess að landið er svo bert og óvarið vegna snjóleysis og þess að það er ekki frost við yfirborð jarðar,“ segir þjóðgarðsvörðurinn.

Bílstjórinn og leiðsögumaðurinn Hörður Jónasson segir ástandið einfaldlega sláandi. Hann nefnir Flosagjá sem dæmi.

„Hér hefði mátt bjarga gróðri fyrir löngu með smá girðingu eða böndum. Það er algjör óþarfi að leyfa fólki að fara þarna að, myndatökustaður er bestur af brúnni,“ segir Hörður, sem kveður ferðamennskuna kalla á betri stíga og stýringar á ferðafólki.

„Ég skil ekki hvers vegna gjárbrúnin er ekki stúkuð af. Þangað þarf enginn að fara auk þess sem það er hættulegt. Afleiðingarnar eru mold, drulla og gróðurskemmdir. Hver vill koma og skoða mold og drullu? Það tekur lyng og mosa hálfa öld að jafna sig ef það þá yfir höfuð gengur,“ segir Hörður og ítrekar mikilvægi þess að gripið sé í taumana.

„Þetta er allt saman rétt,“ segir Ólafur Örn um athugasemdir Harðar. „Þetta er skuggahliðin á átakinu Íslandi allt árið; þessi gríðarlegi fjöldi ferðamanna sem kemur og gengur um landið eins og á sumardegi. Þarna hefur lengi vantað aðbúnað; umferðarstýringu, palla, brautir og girðingar sem halda utan um þetta.“

Að sögn Ólafs verða á næstunni settar 50 til 60 milljónir króna í ýmsar úrbætur, meðal annars í palla við Öxarárfoss og við Drekkingarhyl, auk þess sem settir verði upp kaðlar og girðingar, til dæmis í Almannagjá þar sem forvitnir gestir arki gjarnan út fyrir malarstíginn.

Lagfæra á Kirkjugarðsstíg, sem Ólafur segir alveg skelfilegt svað sem flestir sniðgangi á kostnað gróðursins í kring.



**Þetta er skuggahliðin á átakinu Íslandi allt árið; þessi gríðarlegi fjöldi ferðamanna sem kemur og gengur um landið eins og á sumardegi.**

*Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður*

„Þegar umferðin er eins og að sumarlagi og svörðurinn alls staðar opinn og allt veðst út á nokkrum skósólum þá verður þetta alveg eitt flakandi sár og svað,“ segir þjóðgarðsvörður. gar@frettabladid.is


LS

## Verðtryggð skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150434

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt útgefandalýsingu og grunnlýsingu dagsett 24. apríl 2013 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Útgefandalýsinguna og grunnlýsinguna ásamt gögnum sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:**
Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 3. maí 2013 er 675.000.000 kr. heildarnafnverð flokksins er þá 2.675.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:**
Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. apríl og 15. október ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 2012 og í síðasta sinn 15. apríl 2034. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150434 og ISIN númer IS0000020691.

***Reykjavík, 2. maí 2013.***
***Lánasjóður sveitarfélaga ohf.***




**ALMANNAGJÁ** Það er vitað mál að fjöldi gesta á Þingvöllum er ekki í neinu samhengi við möguleikana til að taka á móti þeim.

**ÞINGVELLIR** Komið hefur verið upp merkingum hér og hvar en það hefur ekki dugað til, enda gestir á svæðinu margfalt fleiri á þessum árstíma en hægt er að taka á móti með góðu móti.



# EINSTAKT TÆKIFÆRI!

## *ELDHÚSINNRÉTTINGAR ÚR SÝNINGARSAL*

*Vegna endurskipulagningar á verslun okkar seljum við nokkrar glæsilegar sýningarinnréttingar á einstöku verði.*

**ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR**



**LINE**

Hvítlökkuð háglans, glerhörð kámfrí áferð, höldulaus.



**COUNTRY**

Fulningur, hvítlökkuð háglans, glerhörð kámfrí áferð.



**HORIZONTAL**

Spónlögð amerísk hnota.



**DUCALE**

Hvítlökkuð háglans, glerhörð kámfrí áferð, innfelld handföng.



**DUCALE**

Ljós eik - innfelld handföng.



Svört háglans

AÐ AUKI SELJUM VIÐ **ÝMSAR AÐRAR VÖRUR** SVO SEM BAÐINNRÉTTINGAR, STURTUKLEFA OG BLÖNDUNARTÆKI **Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**.

**WWW.I-T.IS**

**OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9 TIL 18**
**OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 11 TIL 15**

Ármúla 31 | 108 Reykjavík | Sími: 588 7332

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**

*- fyrir þitt heimili*

# Aðalfundur

## Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Grand Hótel – Reykjavík
Miðvikudaginn 22. maí kl. 17:00

**Dagskrá fundarins:**

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Tillögur til breytinga á samþykktum
- Önnur mál, löglega upp borin

Kosið verður um 1 stjórnarmann og 4 varamenn í stjórn sjóðsins. Í lögum og samþykktum sjóðsins kemur fram að hlutfall annars kynsins í stjórn sjóðsins skal aldrei verða lægra en 40%. Þeim sjóðfélögum sem hafa hug á að bjóða sig fram er boðið að kynna sig stuttlega á heimasíðu sjóðsins og eru þeir beðnir um að hafa samband við starfsmenn sjóðsins.

Í sjóðnum er virkt sjóðfélagalýðræði og hafa allir sjóðfélagar sem mæta á aðalfund jafnan atkvæðisrétt.

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGA
Engjateigi 9 105 Reykjavík
www.lifsverk.is




**VILMUNDUR HANSEN** Garðyrkjufræðingurinn hefur ekki miklar áhyggjur af kuldatíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hefur ekki áhyggjur af kuldatíðinni

Garðyrkjufræðingurinn Vilmundur Hansen segir að ekki þurfi að hafa miklar áhyggjur af því að kuldatíð komi niður á ræktun. Þó sé allt of snemmt að setja út jurtir sem hafi verið forsáð. Flest sé hægt að rækta hér á landi með alúð.

„Það þarf nú ekki að hafa neinar stóráhyggjur af þessu,“ segir Vilmundur Hansen garðyrkjufræðingur, spurður um áhrif kuldatíðarinnar undanfarið á garðyrkjuna.

„Þetta virðist vera rysjótt ár eftir ár en ég sé ekki annað en að blómgun hafi verið ágæt undanfarin ár,“ segir Vilmundur. „Það eina sem gæti gerst er að blómavísar á ávaxta- og berjatrjám hafi skemmst í frosti og það gæti dregið úr berja- og aldinmyndun. Að öðru leyti er þetta bara eins og hvert annað ár.“

Um þetta leyti árs eru margir búnir að forsá jurtum innanhúss en Vilmundur segir að enn sé allt of snemmt að færa þær út.

„Það þýðir ekkert að fara af stað með slíkt fyrr en í fyrsta lagi eftir að hættan á næturfrosti er liðin hjá. Ég held að það verði ekki fyrr en 20. maí, eða jafnvel seinna. Það er allt of snemmt núna.“

Veðurspá fram yfir helgi gerir ráð fyrir nokkrum kulda, slyddu og jafnvel éljum víða um land.

Vilmundur segir mat- og kryddjurtarækt hafa aukist mikið hér á landi undanfarin ár. Jafnvel sé hægt að tala um sprengingu í þeim efnum.

„Svo er fólk líka orðið frakkara við að prófa nýjar tegundir. Það eru bæði klassískar tegundir eins og kartöflur og grænkál sem allir geta ræktað, en svo er fólk farið að prófa ýmislegt, til dæmis rósakál og fleiri salattegundir og kryddjurtir. Svo hef ég líka verið að fá spurningar um hvítlauk og spergil, þannig að það er eitt og annað sem fólk er að spá í.“

Vilmundur segir fátt því til fyrirstöðu að þessar jurtir þrífist hér á landi.

„Já, með alúð ætti þetta allt saman að vera hægt. Ég hef annars sagt að svona ræktun misheppnist kannski fyrstu tvö árin en svo er maður orðinn góður!“

thorgils@frettabladid.is


PIPAR\TBWA · SÍA

olís
Vinur við veginn

Grillum í allt sumar með gasi frá Olís

Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið!








# BYKO innkallar trampólín

Í ljós hefur komið galli á suðu í undirstöðum á trampólínum sem BYKO seldi árið 2011 að því er segir í frétt á heimasíðu fyrirtækisins.



„Hætta er á alvarlegum slysum þar sem suðusamsetningin sem tengir járnhringinn, sem dúkurinn er festur í, við lappirnar getur gefið sig,“ segir í tilkynningu frá BYKO, sem biður þá sem keyptu umrædd trampólín að skila þeim í næstu verslun fyrirtækisins til að fá nýtt eða fá endurgreitt. Um er að ræða trampólín sem eru 4,3 metrar í þvermál og eru með öryggisneti. - gar

**NEYTANDINN** Ágúst Bent Sigbertsson

# Bara það besta fyrir hárið



Tónlistamaðurinn Ágúst Bent segir að bestu kaupin hans séu án efa John Frieda-sjampóið hans. Þau verstu séu árskort í líkamsrækt. Slíkt sé óþarfi þar sem frisbígolf sé mun betri hreyfing.

„Fyrir eitt mánaðargjald er hægt að kaupa sett af frisbígolfdiskum og massa sig upp allt árið við að kasta í keðjur.“

Bent segist halda hárinu ljósu og fögru með Go blonder línunni frá John Frieda.

„Bestu kaupin eru án efa John Frieda, Go Blonder sjampóið mitt. „Nigga“, ég er „gorgeous“. Það gerir mig ljóshærðan og sætan. Ég nota reyndar líka John Frieda Go Blonder hárnæringu og John Frieda Go Blonder sprey svo það má segja að öll línan sé mín allra bestu kaup.“ - mlþ

# Ennþá betra verð!

## MÚRBÚÐARVERÐ



Kaffivél með Thermo hitakönnu
10-12 bolla, 900w
**2.490**

**Kauptu kaffivélina og fáðu töfrasprota á 200 kr.**

**GÆÐA VARA**



**Superlight sturtuhaus með ljósi sem breytist eftir hitastigi**

## Vönduð Ítölsk Relax sturtusett 50% afsláttur

VEM River sturtubrúsa m/ veggfestingu og barka
~~2.690~~
**1.890**

Vemar River #40201 handlaugartæki kr.
~~6.990~~
**4.890**
**30% AFSLÁTTUR**



Rafhlöðuborvél /skrúfvél HDD 3213 12V DIY
**5.840**

HDD1106 580W stingsög DIY
**2.790**



Handlaug 48 cm
**3.900**

Handlaug
**7.900**

TRZ Handlaug 65 cm
**2.990**



FC 517 Sturtuhorn m. botni 80x80 cm
**33.990**

**MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni og vatnslás
**17.900**



Parkman plastparket # 9607
8mm planki eik
~~1.890 kr.m²~~

Parkman plastparket # 9603
8mm planki dökk eik
~~1.890 kr.m²~~

**VERÐ NÚ: 1.490 kr.m²**



**FLÍSARÝMING**
**8 tegundir**
**verð frá 990 kr.m²**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Vopnin brýnd fyrir kjarasamningana

Fjölmenni var í göngu verkalýðsfélaganna 1. maí. Þetta er 90. árið sem staðið er fyrir göngu á 1. maí. Græn ganga náttúruverndarsinna var síst fámennari.




**FJÖLBREYTTAR KRÖFUR** Fjölbreytileg kröfuspjöld voru á lofti í fjölmennri kröfugöngu verkalýðsfélaganna í gær. Veðrið lék enda við göngumenn, þótt snjókorn féllu úr lofti þegar leið á útifundina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sólin skein á göngumenn í kröfugöngum í gær. Fjölmenni gekk fylktu liði niður Laugaveginn í göngu verkalýðsfélaganna að útifundi sem haldinn var á Ingólfstorgi. Ekki voru mikið færri í Grænu göngunni sem fylgdi í kjölfarið, en göngumenn í henni beygðu inn Pósthússtrætið og inn á Austurvöll þar sem haldinn var útifundur.

Sú tvískipting er kannski ástæðan fyrir því að þótt gangan virtist vera óvenju fjölmenn í ár var ekki hið sama að segja um fundinn á Ingólfstorgi. Samanlagður fjöldi fundanna tveggja bendir þó til þess að fjöldi Íslendinga sé enn reiðubúinn að mæta á útifundi kröfum sínum til stuðnings.

Yfirskrift dagsins, af hálfu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, var „Kaupmáttur, atvinna, velferð“. Ræðumenn á fundinum voru Ólafía Björk Rafnsdóttir, formaður VR, og Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.

Snorri varaði við því að komandi kjaraviðræður gætu orðið erfiðar, en samningar verða lausir fyrir áramót.

„Komandi kjaraviðræður þurfa ekki að verða erfiðar en það er því miður allt útlit fyrir það á þessari stundu að þær gætu orðið það og þegar hafa heyrst af því fréttir að einstaka stéttir búi sig jafnvel undir verkfallsátök.“

Græna gangan var haldin í fyrsta skipti, en með henni átti að hvetja nýkjörið Alþingi til góðra verka í umhverfismálum og minna um leið á að þingið hefði ekki umboð til að framfylgja virkjanastefnu á kostnað náttúrunnar.

kolbeinn@frettabladid.is

## Ólíkar kröfur fólksins á 1. maí




### ➜ Náttúran verður að njóta vafans

**Guðmann Elísson** fylgdist með fundi Grænu göngunnar á Austurvelli og minnti á Gálgahraun með kröfuskilti. Hann er mjög ósáttur við fyrirhugaðar vegaframkvæmdir þar og segir það skelfilegt fyrir sig, og aðra, verði vegurinn lagður eins og skipulag gerir ráð fyrir.

„Ég byrjaði á því þegar ég var mjög ungur að elta kindurnar hans afa míns þarna í hrauninu. Núna síðasta árið hef ég labbað með hund þarna í hrauninu. Það er mikilvægt að hafa svona stað þar sem maður getur aftengst, því er svo mikilvægt að hafa svona svæði stutt frá bænum til þess.“

Hann segist ekki mæta í kröfugönguna á hverju ári, en hafa gert það undanfarin ár og var alls ekki ósáttur við að göngurnar hefðu verið tvær þetta árið. Hann hefði ábyggilega gengið með verkalýðsfélögunum í ár hefði Græna gangan ekki verið.

„Það tengist lífskjörunum að það sé ekki vaðið yfir náttúru Íslands. Ganga mín hérna núna er til að standa með náttúrunni og leggja áherslu á það að hún njóti vafans. Mér finnst það hið besta mál að tengja þessar göngur saman. Og svo er þessi staða komin upp, mér líst ekki á að þessir flokkar hafi fengið flest atkvæði og mér finnst ótrúlegt að fólk hafi kosið þessa stóriðjuhvetjandi pólitíkusa yfir sig.“



### ➜ Samstaða af því að kerfið virkar ekki

**Ingþór Eyþórsson** og **Arna Björg Jóhannsdóttir** gengu í kröfugöngu verkalýðsfélaganna ásamt dóttur sinni **Lovísu Björgu**. Þau fara í gönguna á hverju ári og finnst 1. maí skipta verulega miklu máli.

„Eins og ég sagði við tíu ára stelpu í gærkvöldi [fyrrakvöld], þá gerði þetta gagn fyrir 60-70 árum. Í dag komum við til að sýna samstöðu, af því að kerfið virkar ekki. Við reynum samt okkar besta og sýnum það með því að mæta hér,“ segir Ingþór.

Arna Björg segir daginn skipta gríðarlega miklu máli fyrir alla landsmenn og mikilvægt sé að taka unga fólkið með. „Við erum að sýna gott fordæmi fyrir komandi kynslóð og tökum Lovísu með. Við verðum að sinna ungviðinu.“

Þau segja daginn vera dag samstöðunnar. „Við erum að minnast þess sem við gátum gert í gamla daga, en getum ekki gert lengur.“



### ➜ Mikilvægari hér en í Frakklandi

Fréttablaðið rakst á stöllurnar **Tiffany** og **Elizu** sem eru á ferð hér á landi. Þær segja að 1. maí skipti greinilega meira máli á Íslandi en í heimalandi þeirra, Frakklandi.

„Við þekkjum vel um hvað þessi dagur snýst því hann er einnig haldinn hátíðlegur heima í Frakklandi. Þar fá allir frí, en það eru þó ekki tónleikar og jafn mikil dagskrá þar og hér. Heima er þetta í raun bara frídagur og skiptir ekki eins miklu máli og hann gerir greinilega hér,“ segir Eliza.

Tiffany segir þær styðja kröfu verkafólks. „Já, við gerum það. Við erum á ferðalagi og vildum nota tækifærið til að fylgjast með dagskránni og styðja um leið kröfu verkafólks.“



### ➜ Þetta er ævarandi verkefni

Feðgarnir **Grétar Halldórsson** og **Arnaldur Grétarsson** voru á útifundi verkalýðsfélaganna á Ingólfstorgi með dóttur Arnaldar, **Urði**. Grétar segir að þetta sé hefð í fjölskyldunni sem hafi gert þetta í mörg ár og Arnaldur segir þau vera þar til að sýna samstöðu með kjarabaráttu verkalýðsins.

„Það er ævarandi verkefni að standa vörð um innviði samfélagsins, heilbrigðiskerfið og menntakerfið, svo eitthvað sé nefnt.“ Grétar tekur undir það og segir daginn skipta mjög miklu máli. Hann telur ekki að hann sé að missa gildi sitt.

„Ég held ekki og alls ekki miðað við fólksfjöldann hér í dag og prýðilega göngu. Ég held að það blundi alltaf með fólki að það þarf að sýna samstöðu. Til dæmis er ASÍ eitt fjölmennasta verkalýðssamband í heiminum, það er að segja með 80 prósenta þátttöku í verkalýðsfélögum á Íslandi.“



### ➜ Leiðinlegt að hafa tvo fundi

**Ragnheiður Eiríksdóttir**, **Elvar Geir Sævarsson** og **Siv Karlsdóttir** voru á leið frá Austurvelli á Ingólfstorg, þar sem þau vildu fylgjast með því sem fram fór á báðum fundum. Ragnheiður var ósátt við að fundirnir væru tveir á sama tíma. „Við ætlum eiginlega að reyna að taka stöðuna á báðum fundunum. Mér finnst mjög leiðinlegt að það skuli vera svona klofningur, þar sem það er ekki alveg nógu mikið af mjög róttækum Íslendingum. Það er erfitt að það skuli ekki bara vera hægt að hafa þetta á einu sviði, en við þurfum eiginlega að taka stöðuna á báðum.“

Elvar segir það hryggja sig að eitt af slagorðum dagsins skuli vera aukinn kaupmáttur. Atvinna sé ekki mannréttindi heldur lúxus. „Mér finnst skilin á milli verkalýðshreyfingarinnar og SA vera að mást út.“

Siv var hins vegar hæstánægð með að komast í kröfugöngu, en hún býr í Keflavík þar sem ekki er hefð fyrir slíku. „Ég kem því í bæinn og geng, sem er stórkostlegt.“

# VORÚT

## ALLT AÐ 60%

## MÖRG HUNDRUÐ VÖ

Philips Bluetooth
HÖGGVARINN HÁTALARI
Frábær í fríið.
Verð aðeins 19.990
Fullt verð 39.990
Sparið 20.000
60% AFSLÁTTUR

Olympus Pen DSLM
MYNDAVÉL MEÐ LINSU
Verð áður 79.990
Tilboð 59.990
Sparið 20.000
25% AFSLÁTTUR

Philips 32“ 3D
Ambilight SJÓNVARP
Verð áður 219.990
Tilboð 149.990
Sparið 70.000
32% AFSLÁTTUR

Epson 3D
HEIMABÍÓSKJÁVARPI
Verð áður 199.990
Tilboð 159.990
Sparið 40.000
20% AFSLÁTTUR

Harman kardon
STEREÓ MAGNARI
Verð áður 99.990
Tilboð 79.990
Sparið 20.000
20% AFSLÁTTUR

Panasonic 32“ Full HD
LED SJÓNVARP
Verð áður 129.990
Tilboð 94.990
Sparið 35.000
27% AFSLÁTTUR

JBL BÍLHÁTALARAR
með allt að
41% AFSLÆTTI

HEYRNARTÓL
með allt að
40% AFSLÆTTI

MYNDAVÉLAR
með allt að
38% AFSLÆTTI

HLJÓMTÆKI
með allt að
39% AFSLÆTTI

TOSHIBA PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED JBL

INTENSO harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk THOMSON

# TSALA
# D AFSLÁTTUR
## ÖRUR Á ÚTSÖLUNNI

**Thomson 39“ Full HD LED SJÓNVARP**
**Verð áður 119.990 – Tilboð 89.990**
**Sparið 30.000 – 25% AFSLÁTTUR**

Panasonic 55“ 3D
Smart Viera SJÓNVARP
Verð áður 499.990
Tilboð 399.990
Sparið 100.000
20% AFSLÁTTUR

Panasonic 2.1 3D
HEIMABÍÓKERFI
Verð áður 84.990
Tilboð 59.990
Sparið 25.000
29% AFSLÁTTUR

Panasonic 1000w 5.1
3D HEIMABÍÓ
Verð áður 149.990
Tilboð 99.990
Sparið 50.000
33% AFSLÁTTUR

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 - LAUGARDAGA 10-16 SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

Jafnt kynjahlutfall í stjórnum skráðra fyrirtækja:

# Jákvæð mismunun í Kauphöll Íslands

Fyrir fimm árum var aðeins einn af hverjum tíu stjórnarmönnum í fyrirtækjum skráðum í Kauphöll Íslands kona. Ein af hverjum tíu. Þrátt fyrir allt tal um jafnrétti, nýja tíð og framsýna hugsun komumst við ekki lengra. Fyrr en nú, þegar búið er að samþykkja lög um kynjahlutföll sem taka gildi í haust.

Skráð fyrirtæki hafa strax tekið við sér og samkvæmt úttekt Markaðarins, sem fylgir Fréttablaðinu í dag, er staðan gjörbreytt. Ef við teljum Tryggingamiðstöðina með, en hún verður skráð í Kauphöllina á næstu dögum, eru stjórnir skráðra fyrirtækja með næstum jöfn kynjahlutföll. Þannig eru 24 konur í stjórnum þessara félaga á móti 28 körlum. Þetta er gríðarstórt stökk á aðeins fimm árum.



**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is

Þessi breyting gerðist ekki af sjálfu sér. Það þurfti að setja lög til að rétta hlut kvenna. Lögin eru umdeild og í mörgum löndum hafa dómstólar dæmt svona lög sem ólög. Jákvæð mismunun þykir jafn mikil mismunun og hvað annað þótt tilgangurinn sé góður. Hins vegar segir það margt um okkur sem samfélag að okkur hafi ekki tekist að breyta hugarfari okkar og gjörðum án lagasetningar.

Við erum einfaldlega ekki komin lengra en þetta. Því miður. Til dæmis er aðeins ein kona forstjóri í skráðu fyrirtæki á Íslandi. Hún heitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir og er forstjóri VÍS, en fyrirtækið var nýlega skráð á markað. Þá hafði engin kona stýrt skráðu félagi á Íslandi í fimmtán ár, sem ætti að vekja okkur flest til umhugsunar.

Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland, eða íslensku Kauphallarinnar, segist hafa haft efasemdir í fyrstu um hvort rétt væri að binda í lög hlutfall kynja í stjórnum fyrirtækja. Í dag efast hann ekki og lítur á nýju lögin sem „tæki til að breyta hugarfari“. Hann segir enn fremur að þegar hugarfarinu hafi verið breytt séu lögin óþörf því að „þá verði þetta bara faglegt og niðurstaða faglegrar skipunar stjórna verði sú að kynjajafnvægi verði nokkurn veginn“.

Fyrir mörgum er krafan um jöfn kynjahlutföll réttlætiskrafa. Það er óþolandi hversu illa okkur hefur gengið að jafna hlut kvenna í samfélaginu. Margt hefur auðvitað áunnist en oft hefur lítið gerst sjálfkrafa. Inngrip með lagasetningu eru óþægileg en geta auðvitað verið nauðsynleg.

Forstjóri Kauphallarinnar segir að jöfn kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja hjálpi þeim því þannig fáist fjölbreyttari viðhorf inn í stjórnirnar.

Það hefur lengi legið við að íslenskt samfélag sé kynskipt. Þannig höfðu erlendir blaðamenn sem komu hingað í kjölfar bankahrunsins orð á því að hér á landi byggju tvær þjóðir, konur og karlar. Karlkyns viðmælendur þeirra bentu á aðra karlkyns viðmælendur og öfugt. Nú eru hins vegar komin lög sem skipa okkur, konum og körlum, að tala saman. Allavega í stjórnum fyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Ertu með verki í baki, öxlum eða hnjám?

**Rétt hreyfing getur gert kraftaverk – vertu með í Stoðkerfislausnum!**

- Námskeið fyrir þá sem glíma við einkenni frá stoðkerfi.
- Þjálfun, ráðgjöf og kennsla í réttri líkamsbeitingu.
- **Nýtt námskeið hefst 13. maí kl. 15:00 og 16:30.**



*Þjálfari er Sólveig María, sjúkraþjálfari.*

**Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is**

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Svermt fyrir Sigmundi

Össur Skarphéðinsson, fráfarandi utanríkisráðherra, er eldri en tvævetur í pólitík. Hann var ekki áberandi í kosningabaráttu flokks síns en þeim mun duglegri að reka sína eigin. Nú hefur hann sest við lyklaborð til að sannfæra framsóknarmenn, þá sérstaklega Sigmund Davíð Gunnlaugsson, um að miðjustjórn sé málið, að sjálfsögðu með þátttöku Samfylkingarinnar, þó að það sé hvergi sagt berum orðum. Össur beitir orðfák sínum ótæpilega í umræddri grein, sem birtist á Eyjunni, og ekkert vantar upp á daður hans við Sigmund, en tæplega verða sjálfstæðismenn viðræðugóðir við Samfylkingu, komi til þess, eftir slíka ádrepu.



### Hvar eru hinir?

Grein Össurar er hins vegar aðeins það sem búast má við af frekar litlum flokki sem ekki er með stjórnarmyndunarumboð. Hann svermir fyrir og opnar á möguleika til ríkisstjórnarsamstarfs. Spurningin er kannski miklu fremur af hverju aðrir, til að mynda formaður Samfylkingarinnar, eru ekki að leika sama leik?

### Eðlilegt ferli

Hins vegar ætti núverandi staða ekki að koma neinum á óvart. Það er eins og margir hafi gleymt því að Framsóknarflokkurinn sé miðjuflokkur, þó að formaður hans hafi verið óþreytandi við að minna kjósendur á það í kosningabaráttunni að hann einn gæti starfað bæði til hægri og vinstri. Honum liggur heldur ekkert á. Í heimi netfrétta og nútímafjölmiðlunar verður allt að gerast á nóinu, en hér er nú einu sinni verið að ræða um hvaða flokkar muni stýra landinu næstu fjögur árin. Það er því eðlilegt að kanna alla möguleika áður en sú ákvörðun er tekin.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Tækniaðstoð bjargar lífum

HJÁLPARSTARF



**Þórir Guðmundsson**
sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða krossins

Á undanförnum vikum hefur Rauði krossinn á Íslandi lagt sitt af mörkum til að heimamenn í einu fátækasta landi heims geti hjálpað sér sjálfir. Landið er Síerra Leóne, sem enn er þjakað af harðvítugri borgarastyrjöld sem lauk fyrir áratug og þar sem lífslíkur eru ekki nema 50 ár.

Hjálpin er í formi þekkingar, tæknilegrar aðstoðar sem gerir Rauða krossinum í Síerra Leóne kleift að veita lífsbjargandi hjálp í landi þar sem farsóttir, flóð og ofsaveður eru stöðug ógn til viðbótar við fátækt, vannæringu og skort á drykkjarvatni.

### Skilaboð í farsíma

Nýlega tók Rauði krossinn í landinu í notkun SMS-kerfi, sem var hannað eftir jarðskjálftana á Haítí. Kerfið gerir Rauða krossinum kleift að senda viðvaranir með smáskilaboðum í farsíma, til dæmis ef von er á óveðri eða kólerufarsótt. Langflestir íbúa landsins hafa nefnilega aðgang að farsíma. Meirihluti fólks býr í þorpum og það þarf ekki nema einn síma í þorpið til að koma skilaboðunum áleiðis. Á næstunni getum við sent svona skilaboð:

„Júlí er kólerutími. Skolið hendur með vatni og sápu eftir klósettferð og fyrir matmálstíma.“

„Rigningar eru að hefjast. Hreinsið rusl úr niðurföllum, grafið farveg fyrir vatnið í kringum kofana svo vatnselgurinn fari fram hjá en flæði ekki inn.“

„Farið með börn sem fá malaríu strax á næstu heilsugæslustöð. Gefið þeim nóg vatn og haldið þeim úr sólinni.“

**➜ Kerfinu hefði ekki verið komið upp nema fyrir stuðning Rauða krossins á Íslandi.**

Þar sem fáfræði og upplýsingaskortur viðhalda örbirgð geta svona upplýsingar verið lífsbjargandi og stuðlað að framförum. Stjórnvöld í Síerra Leóne gera sér grein fyrir þessu og hafa skrifað undir samning við Rauða krossinn um að veita þessa upplýsingaþjónustu.

Kerfinu hefði ekki verið komið upp nema fyrir stuðning Rauða krossins á Íslandi. Því getum við verið stolt af. Stuðninginn veittum við meðal annars fyrir fé frá utanríkisráðuneytinu, sem hefur að undanförnu aukið mjög framlög til félagasamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi.

Á næstu vikum ætlar Rauði krossinn á Íslandi að hjálpa samstarfsfélaginu í Síerra Leóne að uppfæra verulega upplýsingatækni- og fjarskiptabúnað sinn. Það er mikilvægt til að efla hjálparstarfið, gera það hagkvæmara og afkastameira. Þannig björgum við mannslífum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kanarífugl í andnauð

UMHVERFISMÁL



**Sóley Kaldal**
áhættu- og öryggisverkfræðingur og doktorsnemi í öryggismálum norðurheimskautsins

Nýverið lauk í Reykjavík ráðstefnu um málefni norðurslóða þar sem akademískir sérfræðingar og ráðamenn landanna umhverfis norðurheimskautið komu saman til að ræða framtíðarhorfur svæðisins. Niðurstöður ráðstefnunnar voru allt í senn sláandi, spennandi og uggvekjandi. Norðurheimskautið er einstakt í hnattrænu samhengi því hingað til hefur það verið svo gott sem óaðgengilegt mönnum og þar af leiðandi er þar að finna ósnortin land- og hafsvæði.

Loftslagsbreytingar af manna völdum hafa á örfáum árum umturnað landslagi Norðurheimskautsins og áhugi þjóða heimsins eykst með hverjum bráðnuðum rúmmetra af ís. Ekkert er dýrmætara á jörðinni en ósnortið land og tækifærin sem í því felast að vekja von í brjósti sumra og dollaramerki í augum annarra. Undir vinalegu yfirborði samstöðusamkundunnar í Norðurheimskautsráðinu horfa heimsveldin tortryggnisaugum hvert á annað á meðan hinar minni þjóðir tylla sér á tá og blása út brjóstkassann til að minna á tilvist sína. Stór svæði á norðurheimskautinu eru utan lögsögu og því er til mikils að vinna.

### Glaðst yfir misnotkun?

Þrátt fyrir öll þau áhugaverðu pólitísku álitamál og öryggissjónarmið sem þessar nýtilkomnu aðstæður kalla á kom á óvart að meginþráður ráðstefnunnar var annar. Það sem helstu fræðimenn í málefnum svæðisins vildu fyrst og fremst benda á er að þótt vissulega séu mörg tækifæri falin í bráðnun íshellunnar sé mun mikilvægara að skoða orsakir þessara aðstæðna og horfast í augu við ískaldan, eða réttara sagt, hlandvolgan veruleikann og spyrja sig: Er hægt að gleðjast yfir því að áratuga misnotkun manna á auðlindum jarðarinnar hafi nú leyst úr læðingi enn fleiri svæði til að herja á?

Norðurheimskautinu hefur verið líkt við kanarífugl í kolanámu. Áhrif loftslagsbreytinga eru margfölduð á norðurheimskautinu og afleiðingar þess fyrir heiminn allan eru þegar orðnar miklar og alvarlegar í formi náttúruhamfara, svo sem þurrka, flóða og storma. Það vita það allir að þegar fuglinn drepst er ekki tímabært að opna flösku og skála heldur sé það merki um að hafa sig á brott og það hratt.

### Tækifæri Íslendinga

En hvað hefur þetta með Íslendinga að gera? Við erum ein þeirra þjóða sem eiga fast sæti í Norðurheimskautsráðinu og munum eiga hlutdeild í framtíðaráformum um svæðið. Okkur hafa einnig opnast möguleikar til nýtinga náttúruauðlinda þess á komandi árum. Mörgum finnst eflaust að nú sé okkar tími kominn til að fá sneið af kökunni og ósanngjarnt að hamla aðkomu okkar vegna umhverfisspjalla annarra. Það er þó mikilvægt að gera sér grein fyrir því að allar athafnir á norðurheimskautinu eru margfalt flóknari en á öðrum stöðum í heiminum og að tæknin til að tryggja öryggi manna og umhverfis er ekki til staðar á Íslandi í dag. Við erum vel menntuð og vel upplýst þjóð og okkur ber skylda til að nálgast málefni norðurheimskautsins af yfirvegun og virðingu. Við megum ekki gleyma okkur í dagdraumum um olíufursta norðursins og við megum ekki láta stjórnmálamenn tæla okkur til lags við vafasamar aðgerðir með loforðum um skjótan gróða.

**➜ Ekkert er dýrmætara á jörðinni en ósnortið land og tækifærin sem í því felast að vekja von í brjósti sumra og dollaramerki í augum annarra.**

Tækifæri Íslendinga til hamingju og hagsældar eru óteljandi og síst háð nýtingu náttúruauðlinda, því líkt og einn fræðimaðurinn benti á er hagsæld þjóða yfirleitt í öfugu hlutfalli við gnægt náttúruauðlinda þeirra. Þótt það virðist öfugsnúið skýrist það með því að það er töluvert erfiðara að misnota mannvitið en náttúruna. Nú þegar höfum við Íslendingar upplifað hringrás hinnar brostnu blöðru (e. boom-bust cycle) með óafturkræfum afleiðingum fyrir náttúruna og án sýnilegs ávinnings. Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru einhver mesta ógn sem steðjar að mannkyninu fyrr og síðar og um það efast ekki nokkur virtur vísindamaður lengur. Þjóðir heims verða að bregast við með ábyrgum hætti áður en það verður of seint – við getum ekki bara sest niður og spilað á fiðlu á meðan jörðin brennur. Það er nú einu sinni þannig að við þurfum á jörðinni að halda, en hún þarf hins vegar ekki á okkur að halda.









# Skuldarar leiti álits óháðs þriðja aðila

FJÁRMÁL



**Óskar Sigurðsson**
viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri

Þegar fjölskyldur landsins ganga að samningum við Umboðsmann skuldara eiga þær alls ekki að samþykkja það sem fram kemur hjá honum án álits þriðja aðila. Mælist ég til þess að fólk fari á fund með óháðum sérfræðingi, sem fer yfir þeirra stöðu. Þó svo að Umboðsmaður skuldara eigi að vera réttargæslumaður er alltaf betra að fá álit þriðja aðila á málinu þótt það kosti smá pening, því þegar upp er staðið borgar sig að fá rétta vissu um sína stöðu með mati óháðs sérfræðings.

**Mistök geta átt sér stað**

Þegar Umboðsmaður fær gögn frá bönkum og öðrum kröfuhöfum geta allaf mistök átt sér stað í skráningu eða ósamþykktir reikningar komið fram. Tek ég tvö dæmi sem geta komið upp.

Dæmi 1: Aðili sem var með bílasamning við fjármögnunarfyrirtæki.

Sá aðili lenti í vanskilum í lok árs 2008 og var með nokkra gjalddaga í vanskilum. Hann reynir að semja um greiðslur á láninu og fær frest. Á meðan hann er með frest koma menn frá vörslusviptingu og taka bílinn án þess að vera með neina pappíra í höndunum. Bíllinn er tekinn upp í skuldina þegar hér er komið við sögu. Árið 2013 kemur bílalánið fram aftur og í svipaðri krónutölu og það var áður fyrr, en lánið var áður fyrr gengistryggt. Hérna átti skuldarinn að borga lánið upp, og láta taka bílinn af sér.

Dæmi 2: Krafa frá verktaka ekki rétt samkvæmt upphaflegu verðtilboði.

Krafa frá verktaka þar sem bar á milli kaupanda og seljanda um verð á jarðvegsvinnu sumarið 2008. Bar þar á milli upphaflegrar samningsfjárhæðar og þeirrar fjárhæðar sem innheimt var. Samið er munnlega um verð í upphafi í jarðvegsvinnu að fjárhæð þrjár milljónir. Verkið er unnið og síðan tekur verktakinn mold af landinu án samþykkis landeiganda. Síðan kemur reikningur frá verktaka upp á sex milljónir í kjölfarið, sem er orðin að tólf milljónum árið 2013 hjá Umboðsmanni skuldara.

Að lokum legg ég áherslu á það að þessi sérfræðingur sé óháður fjölskyldunni og ekki tengdur henni persónulegum böndum öðrum en á öðrum viðskiptalegum forsendum, háð því að sérfræðingurinn sé ekki fjárhagslega háður ykkur.

**➜ Þó svo að Umboðsmaður skuldara eigi að vera réttargæslumaður er alltaf betra að fá álit þrija aðila á málinu þótt það kosti smápening, því þegar upp er staðið borgar sig að fá rétta vissu um sína stöðu...**


Sveitarfélagið ÁRBORG

**Auglýsing**
**Um tillögu að breyttu deiliskipulagi**
**Austurbyggðar á Selfossi**

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi Austurbyggðar á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast að austan af nýjum vegi er gengur suður frá Langholti, nýjum vegi til suðurs, Suðurhólum, nýju hverfi Gráhellu til vesturs og grænu svæði sunnan Baugstjarnar til norðurs. Íbúðum er fjölgað um 14 íbúðir. Íbúðum í raðhúsum er fjölgað um 24 á móti kemur fækkun einbýlishúsa um 10 heildar fjölgun íbúða er því 14 íbúðir.

Teikningar ásamt greinagerð , vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags og- byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með 2. maí 2013 til og með 10. júní 2013.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 10. júní 2013 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67 , 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og- byggingarfulltrúa í netfangið skipulag@arborg.is.

Selfossi, 29. apríl 2013
Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingafulltrúi


# Vegabréf á vefslóðum

STJÓRNSÝSLA



**Þorleifur Gunnarsson**
Höfundur er formaður stýrihóps innanríkisráðherra um rafræna stjórnsýslu og lýðræði.

Að beiðni innanríkisráðherra hefur Þjóðskrá Íslands þróað nýja rafræna auðkenningarleið inn á einstaklingsmiðaða vefi stofnana, sveitarfélaga, félagasamtaka og fyrirtækja. Óhætt er að segja að um sé að ræða tímamót í rafrænni stjórnsýslu en auðkenningarleiðina hefur Þjóðskrá nefnt Íslykil. Íslykill samanstendur af kennitölu og lykilorði, en ef þörf er á auknu öryggi er hægt að styrkja Íslykilinn með talnarunu sem send er sem SMS í farsíma.

Jafnframt hefur Þjóðskrá Íslands opnað nýtt heildstætt auðkenningarkerfi þar sem val er um Íslykil, styrktan Íslykil og rafræn skilríki á snjallkorti. Með auðkenningarkerfi Ísland.is er lagður grunnurinn að því að Íslendingar geti sótt allar opinberar upplýsingar í gegnum netið, jafnvel um sín viðkvæmustu einkamál, notið hvers slags opinberrar þjónustu og kosið.

**Starfshópur innanríkisráðherra**

Forsaga þessa máls er sú að 26. júní á síðasta ári skipaði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra stýrihóp um rafræna stjórnsýslu og rafrænt lýðræði í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Hópurinn skilaði tveimur megintillögum í október sl., annars vegar frumvarpi sem orðið er að lögum og heimilar rafrænar íbúakosningar og hins vegar ofangreindum auðkenningarleiðum.

Stýrihópurinn lagði til að rekstur og þjónusta rafrænna auðkenninga yrði miðlæg á vefsvæðinu Ísland.is og þannig skapaður rammi um rafrænar auðkenningar, nokkurs konar vegabréf á vefslóðum. Til að gera langa sögu stutta gerði innanríkisráðherra tillögur stýrihópsins að sínum, afhenti Þjóðskrá verkefnið og lagði sitt af mörkum til að Þjóðskrá fengi það fjármagn sem til þurfti.

**Fullt forræði hins opinbera**

Það er mikilvægt að opinberir aðilar hafi fullt forræði yfir þeim auðkenningarleiðum sem notaðar eru á opinberum vefjum eða í samskiptum við opinbera aðila og í raun ætti að skilgreina auðkenninguna sem ómissandi upplýsingainnviði. Hingað til hefur fyrst og fremst verið boðið upp á tvær leiðir inn á rafræna opinbera þjónustu. Annars vegar veflykil ríkisskattstjóra og hins vegar rafræn skilríki. Þessar leiðir mæta ekki þörfum fyrir almenna opinbera stjórnsýslu á Íslandi.

RSK-lykillinn er eingöngu í boði fyrir 16 ára og eldri en þörf er á auðkenningu fyrir yngri aldurshópa og hann skortir aðra fjölbreytni sem Íslykillinn býður upp á.

Þau rafrænu skilríki sem notuð eru í dag eru flest í eigu fjármálastofnana og hefur notkun þeirra ekki náð sér á strik. Ekki er raunhæft að reikna með mikilli aukningu í notkun rafrænna skilríkja í nánustu framtíð eða ekki fyrr en þau verða notendavænni en þau eru í dag. Rafræn skilríki í einhverri mynd eru þó nauðsynleg fyrir stóra fjármálagjörninga, aðgang sérfræðinga að sjúkraskrám o.s.frv.

**Stjórnsýsla 21. aldar**

Þrátt fyrir það að Íslendingar séu fremstir þjóða hvað varðar tölvueign og tölvufærni erum við aftarlega í flestum mælingum hvað varðar rafræna stjórnsýslu. Það er ljóst að íbúunum er ekki um að kenna heldur hinu opinbera. Sú ákvörðun innanríkisráðherra að fela Þjóðskrá Íslands uppbygginguu opinbers auðkenningarkerfis er mikilvægt skref í átt til stjórnsýslu 21. aldarinnar. Stjórnsýslu þar sem allir íbúar, hvar sem þeir búa á landinu, geta sótt og skilað upplýsingum, sótt um þjónustu, fyllt út eyðublöð og kosið á netinu í gegnum öruggar auðkenningar í eigu hins opinbera.

**➜ Sú ákvörðun innanríkisráðherra að fela Þjóðskrá Íslands uppbyggingu opinbers auðkenningakerfis, er mikilvægt skref í átt til stjórnsýslu 21. aldarinnar.**

# Eftirlit með bótagreiðslum

BÓTAGREIÐSLUR



**Runólfur Birgir Leifsson**
framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs Tryggingastofnunar

Almannatryggingakerfið er ein af þeim grunnstoðum sem sameiginlegt velferðarkerfi okkar Íslendinga byggir á. Tryggingastofnun annast viðamikla þætti almannatrygginganna og greiðir árlega um 100 milljarða króna til einstaklinga af skatttekjum ríkissjóðs, en það samsvarar um það bil fimmtungi af fjárlögum ríkisins. Fyrst og fremst er hér um að ræða lífeyrisgreiðslur til ellilífeyrisþega og öryrkja, meðlagsgreiðslur og greiðslur til vistmanna á öldrunarstofnunum. Í hverjum mánuði fá um 55 þúsund einstaklingar greiðslur frá Tryggingastofnun, flestir fá greiðslur mánaðarlega og aðrir sjaldnar. Yfir árið fá um 70 þúsund manns einhverjar greiðslur frá Tryggingastofnun, en það jafngildir ríflega fimmtungi allrar þjóðarinnar.

Þegar um svo háar fjárhæðir er að ræða er mikilvægt að fara vel með og hafa hugfast að hér er um að ræða skattfé okkar Íslendinga. Tryggingastofnun annast greiðslur og þjónustu í samræmi við löggjöf sem Alþingi setur og hefur að meginmarkmiði að greiða réttar bætur til réttra aðila á réttum tíma. Almannatryggingakerfið er flókið og býður upp á hættur á mistökum og svikum. Það er því mikilvægt að hafa öflugt eftirlit með bótagreiðslum Tryggingastofnunar, eins og Ríkisendurskoðun hefur nýlega áréttað. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að Tryggingastofnun hafi á undanförnum árum byggt upp eftirlit með bótagreiðslum, en mikilvægt sé að gera enn betur. Til þess þurfi stofnunin auknar eftirlitsheimildir í lögum og aukið rekstrarfé. Vísar Ríkisendurskoðun m.a. til hinna norrænu ríkjanna, sem hafa eflt sitt eftirlit umtalsvert á síðustu árum. Í skýrslunni er einnig tekið dæmi af sænsku tryggingastofnuninni (Försäkringskassan) sem fær um 4% af umfangi útgreiðslna til rekstursins, en rekstur Tryggingastofnunar nemur innan við 1% af umfangi útgreiðslna. Tryggingastofnun hefur verið brautryðjandi íslenskra stofnana í eftirliti með opinberum greiðslum og stefnir að því að gera enn betur.

**Mistök og svik**

Eftirlitið felst einkum í því að koma í veg fyrir mistök og svik. Mistök geta átt sér stað með ýmsum hætti t.d. vegna skráningarmistaka hjá starfsmönnum eða rangra upplýsinga frá lífeyrisþegum. Bótasvik eru mun alvarlegri og fela í sér ásetning um lögbrot. Slík svik tengjast oftast rangri upplýsingagjöf um búsetu, sambúðarform og tekjur. Reynslan hefur sýnt að fólk er þá m.a. að svíkja út heimilisuppbót, mæðra-/feðralaun, meðlag og lífeyri. Á síðasta ári voru samtals skráð 616 mál hjá eftirlitinu sem fengu áframhaldandi meðferð eftir skoðun. Flest komu í kjölfar eftirlitsvinnu innan stofnunarinnar, en nokkur eftir utanaðkomandi ábendingar.

Í kjölfar efnahagshrunsins var eins og margir hefðu velt meira fyrir sér siðferðisspurningum og meðal annars að ekki væri rétt að sumir kæmust upp með að svíkja út greiðslur sem fjármagnaðar eru af sameiginlegu skattfé okkar. Almenningur var því fyrst á eftir duglegur við að senda stofnuninni ábendingar um hugsanleg bótasvik og hefur það borið góðan árangur. Talsvert hefur dregið úr þessum ábendingum upp á síðkastið, hvort sem það stafar af áhugaleysi eða fækkun bótasvika. Á heimasíðu Tryggingastofnunar, www.tr.is, er að finna ábendingahnapp þar sem hægt er að koma með ábendingar um hugsanleg bótasvik.

Talið er að aðeins brot af bótasvikum uppgötvist árlega, en á síðasta ári voru stöðvaðar greiðslur sem nema um 100 milljónum króna á ársgrundvelli. Miðað við erlendar rannsóknir gætu svikin verið miklu umfangsmeiri eða á bilinu 2–3 milljarðar króna. Það er því mikilvægt að styrkja eftirlitsþátt Tryggingastofnunar og tryggja að skattfé okkar verði vel nýtt og fari aðeins til þeirra sem eiga rétt á því.

**Samstarf við marga**

Eftirlitseining Tryggingastofnunar á samstarf við marga aðila, bæði innanlands og erlendis. Hér innanlands má nefna lögregluna, Þjóðskrá Íslands, sveitarfélög og Ríkisskattstjóra. Erlendis er fyrst og fremst um að ræða systurstofnanir Tryggingastofnunar í nágrannalöndum okkar. Gott samstarf við erlendar stofnanir er mikilvægt því flutningur lífeyrisþega á milli landa færist í vöxt og hafa meðal annars komið upp tilvik þar sem einstaklingar reyna að fá sambærilegar greiðslutegundir frá tveimur löndum eða leyna erlendum tekjum. Til eru dæmi um einstaklinga á fullum örorkulífeyrisgreiðslum, sem virðast á sama tíma vera í fullri atvinnu erlendis eða í atvinnurekstri. Þeir skrá lögheimili sitt á Íslandi til að halda örorkulífeyri og viðhalda búseturétti vegna ellilífeyris og fleiri réttinda, en telja ekki fram erlendu tekjurnar á skattframtali. Hér er því um að ræða a.m.k. tvöfalt brot sem felst í að skrá rangt lögheimili og leyna erlendum tekjum.

Til að geta haldið uppi réttlátu og hagkvæmu lífeyriskerfi, öryggisneti sem grípur okkur ef við lendum í áföllum, þurfum við að standa saman um að koma í veg fyrir bótasvik – allir sem einn.

**➜ Talið er að aðeins brot af bótasvikum uppgötvist árlega, en á síðasta ári voru stöðvaðar greiðslur sem nema um 100 milljónum króna á ársgrundvelli.**


NÝJAR MYNDIR
FYRIR HEIMILIÐ
HAAG SÓFI
330 CM
169.915
Áður 199.900
-15%
VAL UM VINSTRI EÐA HÆGRI TUNGU
Gott geymslupláss
DAYS SVEFNSÓFI
Svartur/Grár
99.900
30X30
ÚRVAL AF SPEGLUM
RAMMAR
25%
LAGERSALA 3.-5. MAÍ
Á SMÁRATORGI OG GLERÁRTORGI
Í GAMLA EUROPRIS PLÁSSINU
ALLT Á AÐ SELJAST
YORK
59.900
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# Að byggja upp öflugt og framsækið skólastarf

MENNTUN



**Dagný Annasdóttir**
talmeinafræðingur, master í stjórnun og forystu menntastofnana.

Í öllum skólasamfélögum þarf að leggja sérstaka áherslu á og standa vörð um góða líðan nemenda. Mikilvægt er að skólastjórinn og skólasamfélagið taki af festu á forvörnum til að koma í veg fyrir einelti og á einelti þegar það kemur upp eða ef grunur vaknar um það. Til að það takist verða allir þeir aðilar sem koma að skólastarfinu að standa saman til að móta sem jákvæðastan skólabrag, starfsanda og vinnugleði þannig að nemendum finnist þeir velkomnir í skólann og finni fyrir öryggi.

Starfsmenn skólans þurfa og eiga að stuðla að umburðarlyndi og félagslegri samkennd og bregðast á viðeigandi hátt við öllum nemendum, hvort sem þeir eiga í félags-, náms- eða hegðunarerfiðleikum. Ég tel það meðal mikilvægustu hlutverka skólastjóra að stuðla að þessu og beita sér fyrir skólamenningu sem hefur þessi einkenni. Skóli fyrir alla er afar mikilvæg undirstaða þess að tryggja öllum nemendum jöfn tækifæri á öllum sviðum í námi og félagslífi. Mikilvægt er að allir fái kennslu við hæfi og áhuga og nemandi sé alltaf í brennidepli. Við þurfum að kveikja neista og áhuga nemenda fyrir námi og það gerist ef nemandi finnur fyrir vellíðan og öryggi.

**Fjölbreyttir kennsluhættir**

Mikilvægt er að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti sem höfða bæði til getu og áhuga nemandans með sérstaka áherslu á líðan hans. Rannsóknir sýna að fjölbreyttir kennsluhættir styrkja skólastarfið og draga úr erfiðleikum tengdum námi. En auðvitað verður að bregðast við erfiðleikum sem upp koma hverju sinni. Til að þróa fjölbreytta kennslu er mikilvægt að vinna að jákvæðri hegðun, þar sem ein af grundvallarréttindum nemenda eru að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best í framtíðinni. Skapa þarf svigrúm og tækifæri til að auka teymisvinnu og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu.

**➜ Mikilvægt er að allir fái kennslu við hæfi og áhuga og nemandi sé alltaf í brennidepli.**

Skólinn er fyrir alla og allir eiga þar að fá námstækifæri og námsaðstæður sem hæfa þroska, forþekkingu og áhugasviðum og skólastjóri þarf að hafa forystu um að móta starfið í þessum anda.

Það eru tveir meginlyklar að uppbyggingu öflugs og farsæls skólastarfs og það eru kennararnir og stjórnendurnir. Rannsóknir og reynslan sýna að það kemur enginn metnaðarfullu skólastarfi til leiðar (og engri þróun í skólastarfi raunar) nema öflugur kennarahópur með sterka sameiginlega sýn. Starfsmannahópur sem tekur mið af grunngildum skólans og býr yfir mikilli kennslufræðilegri hæfni, sem vinnur vel saman sem heild og lærir saman. Skólastjórinn þarf að helga sig því að vera faglegur leiðtogi og gegnir lykilhlutverki í að móta þá lærdómsmenningu sem þarf til að byggja upp öflugt og framsækið skólastarf.

Grunnskólar landsins þurfa á þessum umrótatímum að stíga markvisst skref í stefnumótun og fræðslustarfi til að ná vel til foreldra, standa fyrir jákvæðri rökræðu um foreldraþátttöku og til að hafa bein áhrif á viðhorf foreldra til menntunar og árangurs í skóla. Þannig mun skólinn geta skapað farveg til að nálgast samstöðu um námskröfur, aga og þann ramma sem skólinn og foreldrar geta borið sameiginlega ábyrgð á gagnvart námi og félagslegri umgjörð nemenda. Það er sameiginlegt verkefni heimila og skóla að byggja upp heilsteypta einstaklinga sem geta tekist á við lífið og framtíðina.




## AF NETINU

### Hvanngrænt fólk

Mikilli hreinsun er að mestu lokið hjá Vinstri grænum. Framsóknarmennirnir leiðinlegu eru að mestu horfnir. Eftir situr hvanngrænt fólk í fylgispekt við Katrínu Jakobsdóttur, sem hefur pólitíska teflon-húð og brosir hringinn. Eiginlega eru engir eftir til vandræða nema gamlingjar fjórflokksins, Ögmundur og Steingrímur, sem ættu að vera löngu hættir. Eða flúnir í Framsókn með Vaðlaheiðargöng, Húsavíkurver og ást á kvótagreifum. Endir hins pólitíska ferils varð einkar snautlegur hjá Steingrími, þegar menn fóru að ruglast á honum og Möllernum. Þar fyrir utan er flokkurinn orðinn heillegur.

www.jonas.is
*Jónas Kristjánsson*

### Frábær Fanfest CCP

Og ef einhver heldur að tölvuleikir njóti ekki sannmælis sem þau miklu afrek í hönnun sem þeir í raun og veru eru, þá ætti sá hinn sami að kynna sér umfjöllun Museum of Modern Art í New York. EVE Online er á meðal 14 tölvuleikja sem valdir hafa verið á nýja sýningu Nýlistasafnsins og deilir þar plássi með klassískum leikjum á borð við Pac-Man, Tetris og SimCity.

Það hefur verið einstaklega gaman að fylgjast með þeirri hugmyndaauðgi og þeim krafti sem einkennir CCP. Nú eru rúmlega 7 ár frá því að fjárfestingafélag mitt, Novator, keypti hlut í CCP. Fyrirtækið var þá miklu smærra en núna, en krafturinn var hinn sami. Ekkert bendir til annars en að CCP muni halda áfram á sömu braut.

www.btb.is
*Björgólfur Thor Björgólfsson*

# Metum listina að verðleikum – njótum hennar löglega

MENNING



Guðrún Björk Bjarnadóttir
framkvæmdastjóri STEFs (Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar)

Yfirskrift þessi er heiti átaks sem nokkur rétthafasamtök hafa sameiginlega staðið að undanfarið með birtingu auglýsinga í sjónvarpi og kvikmyndahúsum. Í auglýsingum þessum koma fram 12 listamenn; tónhöfundar, flytjendur, leikstjórar, leikarar og rithöfundar sem hvetja fólk í lið með sér og að kaupa efni á netinu á löglegan hátt. Óformlegar kannanir hafa sýnt að auglýsingarnar hafa náð augum og eyrum fólks, svo og að flestir taki undir það sem þar kemur fram. Hins vegar verður spennandi að sjá hvort átakið muni hafa einhver raunveruleg áhrif á hegðun landans þegar kemur að ólöglegu niðurhali.

**Ástæðan fyrir átakinu**

Ástæðan fyrir þessu hvatningarátaki er sú að við teljum að þorri ólöglegs niðurhals fari fram án þess að fólk geri sér almennt grein fyrir því að verið sé að brjóta rétt á höfundum, flytjendum og útgefendum. Íslendingar eru upp til hópa heiðarlegt fólk sem vill standa rétt að málum. Á sama tíma teljum við að núverandi ástand sé ólíðandi, það að yfir 50 þúsund Íslendingar eða um 20% allra Íslendinga frá aldrinum 12-70 ára séu skráðir notendur stærstu ólöglegu skráardeilisíðu landsins og að vefur Pirate Bay hafi undanfarið verið í um 20. sæti á vinsælustu vefsíðum sem Íslendingar sækja. Þetta er því án efa eitt af stærstu hagsmuna- og réttindamálum sem hinar skapandi greinar glíma við um þessar mundir.

Könnun sem gerð var hérlendis í mars 2011 af Capacent bendir til þess að tæpur helmingur allrar tónlistar á netinu sé fenginn með ólögmætum hætti. Í sömu könnun kom fram að á árinu 2011 horfðu Íslendingar á hátt í 12 milljónir sjónvarpsþátta og kvikmynda en greiddu aðeins fyrir eina mynd eða þátt af hverjum fjórum.

**Áhrif á tónlistarmenn**

Því hefur stundum verið haldið fram að í ljósi þess að plötusala hér á landi síðustu tvö ár hafi verið góð verði íslenskir listamenn í raun ekki fyrir tjóni vegna ólöglegs niðurhals. Staðreyndin er hins vegar sú að mjög fáir titlar hafa borið uppi söluna þessi síðustu ár. Í heild var sala íslenskra platna í eintökum talið 5% minni 2011 en á árinu 2001, þrátt fyrir að neysla á tónlist hafi almennt aukist. Í dag er mjög erfitt fyrir höfunda og flytjendur að fá plötur útgefnar, og útgefendur eru sérstaklega varkárir þegar kemur að útgáfu efnis eftir óþekkta tónlistarmenn. Tónlistarmenn þurfa því í mun meiri mæli en áður að gefa sjálfir út eigið efni með tilheyrandi fjárhagslegri áhættu. Hafa ber í huga að einungis um 10% af útgefnum titlum skila hagnaði og afleiðingin er m.a. sú að mikið af því efni sem gefið er út í dag er hálfgerð „endurvinnsla“ á eldra efni þekktra tónlistarmanna. Tónlistarmenn í dag þurfa því í ríkari mæli en áður að reiða sig á innkomu af tónleikum frekar en plötusölu, en hafa verður í huga að slíkt hentar alls ekki öllum og kemur sérstaklega illa við þá höfunda sem ekki eru jafnframt flytjendur eigin efnis, heldur hafa fremur einbeitt sér að því að semja fyrir aðra.

**Of lítið framboð er ekki lengur afsökun**

Við getum bent á fjölmargar löglegar leiðir til að nálgast yfirgnæfandi meirihluta þeirrar tónlistar og mikið af þeim kvikmyndum og sjónvarpsefni sem Íslendingar hafa verið að sækja sér ólöglega og án endurgjalds á netið. Eitt af því sem erlendar þjónustuveitur á internetinu hafa horft til þegar þær taka afstöðu til þess hvort þær eigi að bjóða upp á þjónustu á Íslandi er hversu stór sjóræningjamarkaðurinn hefur verið hér á landi. Á vefsíðunni www.tonlistogmyndir.is hefur verið settur upp listi yfir löglegar þjónustuleiðir sem standa Íslendingum til boða. Þjónustuaðilar eins og Tónlist.is eru með álíka mikið úrval tónlistar og margar erlendar veitur, ásamt því að bjóða sérstaklega upp á íslenska tónlist og er verð þeirra að fullu sambærilegt við erlendar tónlistarveitur.

Er það von þeirra rétthafasamtaka sem að standa að átakinu „Metum listina að verðleikum – njótum hennar löglega“ að Íslendingar taki nú höndum saman um að efla frekar hinar skapandi greinar með því að fylkja sér í lið með höfundum, flytjendum, hljómplötuframleiðendum og bókaútgefendum um að efla enn frekar sköpunarkraftinn á Íslandi og fjölga störfum í þessum greinum, með því að njóta listarinnar löglega.

**➜ Í heild var sala íslenskra platna í eintökum talið 5% minni 2011 en á árinu 2001 þrátt fyrir að neysla á tónlist hafi almennt aukist.**






HAPPDRÆTTI das
1.000
MILLJÓNIR SKATTFRJÁLSAR
Nýtt happdrættisár framundan

SEX × VW BJALLA!
Sex sinnum á happdrættisárinu verður dregin út
Volkswagen Bjalla, sportlegur lúxusbíll, 5 milljóna virði.
MILLJÓNAVINNINGAR
7×6 milljónir og 39×4 milljónir
Fjórtán 3 milljóna króna og sjötíu og átta
2 milljóna króna vinningar á einfaldan miða.
Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.


5 MILLJÓNIR KRÓNA Í SKOTTINU
á tvöfaldan miða
eða 10 milljónir í peningum.
Miðaverð 1.300 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.
Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.
dregið í hverri viku
ÍSLENSKA SIA.IS DAS 63218 04/13

# Vísindi smísindi

UMHVERFISMÁL



**Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir**
vísindamaður og forstöðumaður Varar Sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð

Gervivísindi og vísindalegt ólæsi verður sífellt meira áberandi í vestrænum heimi. Það þarf ekki að líta lengra en á sjónvarpsskjáinn, þar sem innrásir geimvera, hindurvitni og skottulækningar eru matreidd sem nýjasta tækni og vísindi. Sumir þessara þátta hafa ratað athugasemdalaust í útsendingu hjá Ríkissjónvarpinu.

Gervivísindi eru því orðin eðlilegur og sjálfsagður hluti af okkar lífi. Fyrir marga er þegar orðið erfitt að greina á milli vandaðra og óvandaðra vinnubragða og það verður sjálfsagt erfiðara eftir því sem vanþekkingar síbyljan glymur hærra. Það er þó jafnvel alvarlegra að gervi-vísindi eiga sífellt fleiri fylgismenn meðal stjórnmálamanna Vesturlanda. Þurfum við að vera uggandi yfir því hvernig slíkt þróast hér á landi?

Á næstu misserum liggur fyrir Íslendingum að taka afstöðu til flókinna mála t.d. varðandi nýtingu náttúruauðlinda. Það er viðbúið að vísindalega umræðan og „rökin“ sem munu glymja á þjóðinni verði misvönduð. Það er því mikilvægt við Íslendingar gerum þegar kröfu um vandaða umræðu, lítum í eigin barm og lærum að greina á milli.

**Eiga greiða leið að sviðinu**

Allt of oft heyrir maður talað um vísindi og skapandi greinar sem andstæður. Góð vísindi fela hins vegar alltaf í sér sköpun, bæði þegar hugmynd fæðist, þegar hún er útfærð og þegar niðurstöðurnar eru túlkaðar. Það eru fáar spurningar sem hægt er að svara með já-i eða nei-i eða kvaðratrótinni af fjórum. Mjög oft er hins vegar ætlast til að vísindamenn geri nákvæmlega þetta. Þeir eru síðan ásakaðir um loðin, óræð svör þegar þeir verða ekki við óskum fjölmiðla, stjórnmálamanna og annarra um einfalt, afdráttarlaust svar. Það er á þessum tímapunkti sem gervivísindi eiga greiða leið að sviðinu. Gervivísindi eru miklu áheyrilegri, skemmtilegri, fjölmiðlavænni og auðmeltari. Þau gera litlar kröfur til áheyrandans þar sem engin óvissa ríkir um niðurstöðuna.

En af hverju erum við svona ginkeypt fyrir einföldum fullyrðingum? Það er sjálfsagt ekkert einfalt svar við því, að einhverju leyti er það okkur eðlislægt, að einhverju leiti liggur svarið í vestrænni kennslu hefð. Í skóla innbyrðum við þekkingu, lærum „staðreyndir“ en við lærum ekki að hugsa. Jafnvel á háskólastigi er allt of algengt að nemendur forðist aðferðafræði, hún er stimpluð leiðinleg og erfið, og nemendur fara fram á hugsanalausa yfirfærslu þekkingar frá kennara til nemanda. Þessi yfirfærsla er auðvitað ekki algjörlega tilgangslaus, eftir því sem þekkingargrunnurinn eykst fást betri forsendur til að setja hlutina í samhengi. Þekking kemur hins vegar aldrei í stað frjórrar hugsunar.

**Spilað á hræðslu**

Mætumst á miðri leið. Það er sannarlega ekki til of mikils mælst að vísindamenn leggi sitt af mörkum til að koma þekkingu sinni á framfæri á skiljanlegan og aðgengilegan hátt. Oft eru það færustu vísindamennirnir sem eiga best með að skýra fræðin, bara ef þeir nenna. Það er hinsvegar líka hægt að gera þá kröfu á almenning – og stjórnvöld – að við köstum hræðslunni, hugsum sjálf og hættum að láta sannfæra okkur um gervivísindi. Gervivísindin spila nefnilega oft á hræðslu, hræðslu við fátækt, hræðslu við

**➜ Gervisvísindi eru miklu áheyrilegri, skemmtilegri, fjölmiðlavænni og auðmeltari. Þau gera litlar kröfur til áheyrandans, þar sem engin óvissa ríkir um niðurstöðuna.**

sjúkdóma, hræðslu við einangrun. Þau lofa einföldum remedíum bara ef við trúum.

Mér er minnisstæð umræðan um Kárahnjúkavirkjun á sínum tíma. Þá var mikið rætt um tilfinningarök. Þeir sem þóttu aðhyllast slík rök voru afgreiddir sem lopahúfuklædd, trjáfaðmandi náttúrubörn. Kannski voru þeir afkomendur einfeldninga sem höfðu villst með landnámsmönnum til Íslands, og hefðu sjálfsagt orðið úti strax á fyrsta vetri ef víkingarnir hefðu ekki haft vit fyrir þeim. Og nú tóku víkingar aftur af þeim ráðin. Afleiðingar þess að afgreiða tilfinningarökin á þennan hátt eru nú ljósar. Við höfum ekki tilfinningar fyrir tilviljun. Tilfinningar virka oft sem innbyggður siðferðilegur áttaviti. Frá unga aldri finnum við innst inni að það er rangt að stela, meiða og borða alla súkkulaðikökuna alein. Tilfinningar virka líka sem meðfætt aðvörunarkerfi, við fáum slæma tilfinningu ef verið er að ljúga að okkur eða sannfæra okkur um að gera eitthvað sem við vitum að er rangt. Það var kannski sú tilfinning sem hringdi hátt hjá mörgum varðandi Kárahnjúka, það var jú aldrei búið að koma með sannfærandi rök fyrir gagnsemi virkjunarinnar.

Ef við sem einstaklingar hefðum fylgt innsæinu, sleppt hræðslunni, hugsað sjálf og tekið eigin ákvarðanir hefði kannski mátt sleppa við mikið af þeim hremmingum sem þjóðin hefur gengið í gegnum á síðustu árum. En það er aldrei of seint að byrja.

# Nýtum allan mannauðinn – líka í fjölmiðlum

JAFNRÉTTI



**Rakel Sveinsdóttir**
framkvæmdastjóri

Ef ég man hlutföllin rétt þá voru um 97% viðmælenda bankafrétta árin fyrir hrun karlmenn. Þessi niðurstaða kom fram í fjölmiðlakafla skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og þótti sláandi. Fjölmiðlarnir voru gagnrýndir fyrir að láta „mata“ sig af örfáum mönnum og viðkomandi bankaviðmælendur voru gagnrýndir fyrir að upplýsa þjóðina ekki rétt.

**Hefur eitthvað breyst?**

Fjórum árum síðar förum við 12 konur af stað með fyrsta sérhæfða samskiptamiðilinn á Íslandi, spyr.is. Við völdum opnunardaginn 6. október 2012, þ.e. hinn margfræga „Guð blessi Ísland“ dag. Á tæpum sex mánuðum höfum við lært að opnun fyrirspurnargáttar fyrir almenning var ekki bara tímabær heldur er að vekja athygli erlendis sem fyrsti samskiptamiðillinn í heimi sem formlega hefur það hlutverk að óska eftir svörum fyrir almenning. Hátt í fjögur hundruð aðilar hafa nú svarað spurningum á spyr.is og voru kynjahlutföll svarenda um síðustu mánaðamót sem hér segir:

48% eru karlmenn, 38% eru konur og 14% eru ókyngreind, þ.e. svör eru birt í nafni fyrirtækis eða stofnunar. Ef ókyngreind svör eru ekki meðtalin væru kynjahlutföllin 56% karlmenn og 44% konur. Á þessum sex mánuðum höfum við hins vegar komist að því að til þess að halda þessum hlutföllum sem jöfnustum þurfum við að leita, finna og velja fréttir með kynjahlutfall svarenda í huga. En ef konur eru sjaldnar viðmælendur í fréttum fjölmiðla, þýðir það þá að konur hafi eitthvað minna að segja en karlmenn?

**Konur sem hafa vit!**

Svarið við síðustu spurningu er klárlega nei. Ég nefni hér dæmi frá viðskiptavinum spyr.is þar sem stór íslensk fyrirtæki eru með stolti að tefla fram flottum konum og ráðgjöfum: Ásdís B. Jónsdóttir, gæðastjóri hjá N1, hefur verið forsvarsmaður N1 í að miðla þekkingu er varðar gæði og öryggismál stórfyrirtækja. Ekki er hægt að segja annað en að Ásdís starfi í mjög karllægu umhverfi olíu og bifreiða. Annað gott dæmi er ráðgjafar KPMG. Á fyrsta birtingarmánuði KPMG á spyr.is tefldi KPMG fram þremur konum á sínum vegum fyrir upplýsingamiðlun og ráðgjöf en það voru Guðrún B. Bragadóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Soffía Björgvinsdóttir. Hjá Landsbankanum hafa tvær konur verið í samskiptum við lesendur, þær Margrét O. Ásgeirsdóttir og Steinunn Pálmadóttir. Spurningum til Símans hefur verið svarað af Gunnhildi Ö. Gunnarsdóttur, fyrrverandi blaðamanni. Og eru þá ekki upp talin samskiptin sem Þjálfararnir hjá World Class eða Lukka á Happ eiga vikulega við lesendur um hollustu og hreysti. Já, það vantar ekki konurnar með þekkinguna en það sem meira er: Það eru fyrirtækin sjálf sem tefla þessum konum fram! En hvers vegna sjáum við konurnar þá ekki meira í fjölmiðlunum sjálfum?

**➜ Að mínu mati yrði hvoru tveggja til góðs að fjölga konum á fjölmiðlum og að fjölga konum í fjölmiðlum.**

**Spennandi tækifæri**

Hér eins og víða er fréttastofum og ritstjórnum fjölmiðla stjórnað af karlmönnum. Auðvitað hefur þetta áhrif, sama hvað þessir karlmenn halda kannski sjálfir. Að mínu mati yrði hvoru tveggja reyndar til góðs, að fjölga konum á fjölmiðlum og að fjölga konum í fjölmiðlum. Að þessu sinni læt ég það þó nægja að mæla með því að fjölmiðlar finni fleiri konur í fréttir, ekki bara í sparidagskrárþættina. Fyrir vikið fáum við fjölbreyttari fréttir og eflaust málefnalegri umræður líka þar sem mannauðurinn yrði nýttur betur en nú. Ef einhverjir fjölmiðlar líta á þessa grein sem enn eitt kvennarausið, eru kannski sannfærðir um að konur séu tregar við að mæta í viðtöl, að fjölmiðlarnir séu eingöngu að endurspegla ytra umhverfi eða trúa því að karlmenn séu hreinlega hæfastir til að stýra fjölmiðlunum, þá eiga þeir það bara við sig.

Staðreyndin er að konum hefur fjölgað á þingi, jöfn kynjaskipting í ríkisstjórn telst eðlileg krafa, kynjakvótalög hafa verið sett fyrir stjórnir stærri fyrirtækja og nú er hreinlega komið að því að ræða svolítið fjölmiðlana. Þar liggja mörg spennandi tækifæri og upplagt að benda t.d. á fjölmiðlalista FKA þar sem listuð eru upp nöfn kvenna sem eru tilbúnar til að ræða við fjölmiðla. Eins má líka benda á nafnalistann í þjóðskrá en þar eru kynjahlutföllin 50:50.

# SUMAR TILBOÐ

4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**0% VEXTIR**

ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.




ENN BETRA VERÐ

### 16GB MINNISLYKILL

Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.990**

4GB 990 • 8GB 1.490 • 32GB 4.990




3 LITIR

### HEYRNARTÓL

Ótrúlega tær hljómur og djúpur bassi í þessum litlu sílikon tappa heyrnartólum frá Sony

**2.990**

SNILLD FRÁ SONY :)

## SPJALDTÖLVU TILBOÐ

Notaðar og lítið útlitsgallaðar spjaldtölvur á ótrúlegu tilboði meðan birgðir endast á verði frá

**9.990**




### 7"SPJALDTÖLVA

Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 4.1

**14.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

SMELLTU Á KÖRFUNA

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




Borgartún 31 Reykjavík








Undirhlíð 2 Akureyri

2. maí 2013 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EI




GL2450

# 24"LED

## BENQ SKJÁR

- 24" FULL HD 1080p 16:9 LED skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**29.900**

24" HDMI AÐEINS 34.900




XL2411T

# 24"3DLED

## 144Hz LEIKJASKJÁR

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI, DVI-DL og VGA tengi
- UltraFlex upphækkanlegur fótur
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**69.900**

SÁ FLOTTASTI Í LEIKINA




# MINIMUS

## 2TB USB 3.0 FLAKKARI

LaCie minimus er án efa einn glæsilegasti USB 3.0 flakkari í heimi en hann kemur í höggvörðu burstuðu álhúsi með enn meiri hraða og sá minnsti sinnar tegundar.

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- Enn meiri hraði á USB 2.0 í PC og Mac
- 10x meiri hraði með USB 3.0

**19.900**

3TB 26.900 | 4TB 39.900




GW2750HE

# 27"VALED

## BENQ FULL HD VA-LED SKJÁR

Glæsilegur alvöru VA-LED skjár með 178° True To Life sjónarhorn og nýrri True Black tækni sem er algjör bylting í myndgæðum og skerpu á ótrúlegu tilboði í Tölvutek:)

- 27" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni
- Glæsileg Glossy Black hönnun

**49.900**

BENQ 22" VA-LED 26.900




LR100

# 14MP

## STAFRÆN MYNDAVÉL

- Örþunn og glæsileg 14MP myndavél
- 5x optical zoom, wide-angle linsa
- Skarpur og bjartur 2.7" LCD skjár
- Innbyggð hristivörn og ISO 100-6400
- Sjálfvirkar brosmyndir, Panorama og HDR
- 1080p Full HD Video upptaka (30fps)
- Li-Ion hleðslurafhlaða og taska fylgir

**19.900**

MYNDAVÉLAR FRÁ 14.900




D03

# DIAMOND

## 500GB USB 3.0 FERÐAFLAKKARI

- 500GB Silicon Power hágæða ferðaflakkari
- Metalic Black rispuvarið yfirborð
- Fær straum úr USB tengi
- LED ljósbjarmi sýnir stöðu
- 256-bit öryggis og afritunarhugbúnaður
- Virkar með PC og Mac tölvum
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0
- Ótrúlega nettur aðeins 147gr.

**11.900**

1TB 16.900 | 1.5TB (D05) 26.900




# IP7250

## CANON WiFi PRENTARI

- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- Prentar báðu megin með Auto Duplex
- ISO hraði 15 bls á mín í svörtu / 10 í lit
- 100% jaðarprentun í allt að A4
- Prentar beint á CD/DVD diska
- AirPrint sem prentar frá Android ofl.
- USB2.0 tengi, fyrir bæði PC og Mac

**16.900**

PRENTUM MYNDIRNAR HEIMA




# HD7790OC

## 2GB LEIKJASKJÁKORT

- 2GB GDDR5 6.0GHz 128-bit minni
- DirectX11 og HD3D í nýjustu leikina
- 896 Stream P.U. og 56 T.U. fyrir leiki
- Með Eyefinity2 spilar þú leiki í 3 skjám
- HDMI 1.4a, 2xDVI, 1xDisplayPort
- Nýjasta og hraðasta PCI-E 3.0 tæknin
- Mjög hljóðlát 2x 10cm Triangle Cool tækni
- Nýjasta og eitt öflugasta skjákortið í dag

**34.900**

HD7750 19.900 | HD7770 24.900

Verð frá: **1.490**




## 4GB MINNISKORT

P'9220 **19.900**




## 1TB PORSCHE USB3

Rock100 **4.990**




## HLJÓMGÆÐI

Verð Frá: **1.990**



## MINNISLYKLAR

GIGABYTE LACIE BenQ Canon Silicon Power




# MARKAÐURINN

Fimmtudagur 2. maí 2013 | 19. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## KYNJAHLUTFÖLL JAFNAST Í SKRÁÐUM FYRIRTÆKJUM

➜ Viðtal við Pál Harðarson, forstjóra Nasdaq OMX Iceland

➜ Sama konan er stjórnarformaður í tveimur skráðum félögum

➜ 46 prósent stjórnarmanna íslenskra Kauphallarfélaga eru konur

SÍÐA 4

## Benda ferðalöngum á Amivox

Ferðavefurinn HomeExchange.com bendir viðskiptavinum sínum sérstaklega á að nota þjónustu íslenska sprotafyrirtækisins Amivox til að draga úr kostnaði sínum við símanotkun í útlöndum. Eric Figueras Torras, framkvæmdastjóri Amivox, fagnar samstarfinu við HomeExchange og kveður það auka til muna sýnileika fyrirtækisins utan landsteinanna. Um sé að ræða viðbót við þjónustu þar sem fólk geti náð miklum sparnaði í símhringingum milli landa eða þegar ferðast er með farsíma til útlanda. Viðskiptavinir Amivox eru nú um 40 þúsund talsins, en fyrirtækið hefur fengið styrki frá bæði Impru og Tækniþróunarsjóði. - óká

## Noma velt úr fyrsta sætinu

Norræna veitingastaðnum Noma í Kaupmannahöfn, sem fjöldi Íslendinga hefur snætt á síðustu ár, hefur verið velt úr fyrsta sætinu á listanum yfir 50 bestu veitingahús heims. Breska tímaritið Restaurant gefur út listann, sem byggir á mati alþjóðlegs hóps kokka, veitingahúsaeigenda og matargagnrýnenda. Í 2013-útgáfu listans er Noma, sem hefur verið í fyrsta sæti síðustu þrjú ár, í öðru sæti en í fyrsta sæti er El Celler de Can Roca í Girona í Katalóníu á Spáni. - mþl

## Starfsemi Icelandair Group óx mikið á fyrsta ársfjórðungi

Icelandair Group tapaði 18,3 milljónum Bandaríkjadala, jafngildi ríflega 2.100 milljónum króna, á fyrsta ársfjórðungi ársins. Til samanburðar var tap félagsins 13,2 milljónir dala á sama tímabili í fyrra. Á ársfjórðungnum jukust rekstrartekjur um ríflega 15 milljónir dala en rekstrarkostnaður jókst meira eða um ríflega 20 milljónir dala. Í fréttatilkynningu er haft eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair Group, að afkoma félagsins á ársfjórðungnum hafi verið betri en spár gerðu ráð fyrir og áætlanir um vöxt gengið eftir.

Nokkurrar árstíðasveiflu gætir jafnan í rekstri Icelandair Group. Þannig er fyrsti ársfjórðungur yfirleitt lakasti fjórðungur félagsins, sem hefur síðustu ár skilað tapi á fyrsta og fjórða ársfjórðungi en hagnaði á öðrum og þriðja. Ársniðurstaðan hefur síðan verið jákvæð síðustu þrjú ár. - mþl



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

# Barneignir, hjúskaparstaða og aldur mæðra frá 1853-2012

### Barneignir og hjúskaparstaða

Til eru upplýsingar um fjölda fæðinga á Íslandi eftir hjúskaparstöðu frá árinu 1853. Hagstofa Íslands heldur utan um þessi gögn og gefur þau út árlega. Eins og sést á myndinni er meirihluti barneigna innan hjónabands nokkuð stöðugur frá 1853 og allt fram undir 1940. Frá 1940 til 1960 tvöfaldast fæðingar á Íslandi, aukast árlega úr því að vera um 2.500 í tæp 5.000 árið 1960. Frá 1960 til 2012 fækkar fæðingum innan hjónabands og að sama skapi fjölgar fæðingum utan hjónabands. Árið 1960 var fjöldi fæðinga innan hjónabands um 3.700 en árið 2012 um 1.500.




### Barneignir eftir aldri mæðra

Sé fjöldi fæðinga barna skoðaður á hverju fimm ára aldursbili óháð hjúskaparstöðu sést á myndinni að fjöldi fæðinga hjá mæðrum yngri en 24 ára var hlutfallslega lágur í byrjun tímbilsins og lengst af. Hann jókst þó hjá þessum aldurshópi í kringum 1950 og til 1980. Meðalaldur mæðra hefur hækkað jafnt og þétt síðustu áratugi og konur eignast sitt fyrsta barn síðar á ævinni en áður. Frá byrjun sjöunda áratugarins og fram yfir 1980 var meðalaldur mæðra undir 22 árum en eftir miðjan níunda áratuginn hefur meðalaldur hækkað í 26 ár. Algengasti barneignaraldurinn er á bilinu 25 til 29 ára og næstalgengast er að mæður eignist börn á aldrinum 30-34 ára.




Heimild: Hagstofa Íslands

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Föstudagurinn 3. maí**
- Útboð ríkisbréfa

**Þriðjudagurinn 7. maí**
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í mars
- Vöruskipti við útlönd í apríl
- Aðalfundur N1 hf.

**Miðvikudagurinn 8. maí**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Efnahagslegar skammtímatölur í maí

**Mánudagurinn 13. maí**
- Útboð ríkisvíxla

**Þriðjudagurinn 14. maí**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

**Miðvikudagurinn 15. maí**
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni og peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs
- Útboð ríkisbréfa
- Útgáfudagur Peningamála og vaxtaákvörðun

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*







# Snjóhengjuvandinn mesti áhættuþátturinn

*Seðlabankinn gaf á þriðjudag út reglulegt rit sitt um fjármálastöðugleika. Snjóhengjuvandinn er mjög fyrirferðarmikill í ritinu.*

EFNAHAGSMÁL

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Mikilvægt er að uppgjör innlánsstofnana í slitameðferð raski ekki fjármálastöðugleika. Það þarf að standa vel að sölu eignarhluta þrotabúa bankanna í nýju bönkunum og endurfjármagna eða lengja í skuldabréfum Landsbankans.

Þetta eru mikilvægustu verkefni þjóðarbúsins með tilliti til fjármálastöðugleika að mati Seðlabankans. Bankinn gaf á þriðjudag út ritið Fjármálastöðugleika, sem kemur jafnan út tvisvar á ári.

Í formála Más Guðmundssonar Seðlabankastjóra í ritinu segir að á marga mælikvarða hafi dregið úr áhættu varðandi fjármálastöðugleika á síðastliðnu ári. Megi rekja þá þróun til þess að efnahagsbatanum hafi miðað áfram, viðnámsþróttur fjármálakerfisins hafi eflst og ytri staða þjóðarbúsins batnað.

Már varar þó við því að slakað sé á árvekni gagnvart áhættu í fjármálakerfinu, enda hafi hægst á efnahagsbatanum auk þess sem skuldir heimila og fyrirtækja séu enn miklar í sögulegu tilliti. „Þriðja og veigamesta ástæðan fyrir nauðsyn áframhaldandi aðgæslu [...] felst í hugsanlegu neikvæðu samspili uppgjöra búa erlendu bankanna, þungrar greiðslubyrði á erlendum skuldum á næstu árum og losunar fjármagnshafta.“

Þá segir enn fremur í skýrslunni að vandinn felist í því að miðað við óbreytt gengi nægi fyrirsjáanlegur viðskiptaafgangur ekki til þess að fjármagna samningsbundnar afborganir erlendra lána. Því muni þjóðarbúið ekki skapa nægan gjaldeyri til að losa út krónueignir þrotabúa gömlu bankanna til erlendra kröfuhafa.

Loks segir í ritinu að aukinn útflutningur og þjóðhagslegur sparnaður myndu bæta stöðuna þótt slíkt myndi tæpast duga. Því þurfi að endurfjármagna sumar þessara skulda auk þess sem ekki sé hægt að losa eignir þrotabúanna hratt án þess að þær verði skrifaðar verulega niður.



SÖLVHÓLI Í GÆR Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, kynnti nýju skýrsluna í Seðlabankanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### STERKARI BANKAR EN ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR VEIKUR

Fram kemur í skýrslu Seðlabankans að viðnámsþróttur innlendra fjármálafyrirtækja hafi aukist á síðastliðnu ári. Þannig hafi eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna hækkað úr 22% í um 25% á árinu 2012 á sama tíma og vanskil fóru minnkandi. Þá er lausafjárstaða bankanna til skamms tíma sterk, auk þess sem gjaldeyrismisvægi dróst saman á árinu 2012, sem hafði í för með sér að í fyrsta sinn frá bankahruninu starfa allir viðskiptabankarnir án undanþágu frá reglum um gjaldeyrisjöfnuð. Aftur á móti er staða Íbúðalánasjóðs metin veik í skýrslunni og hætta sögð á því að ríkissjóður verði fyrir enn frekara tapi vegna sjóðsins. En frá árinu 2008 er tap sjóðsins um 52 milljarðar króna og hefur ríkissjóður því þurft að leggja honum til um 46 milljarða.

Kröfuhafar samþykktu tillögu um endurskipulagningu Skipta:

# Lífeyrissjóðirnir eignast Skipti

Kröfuhafar Skipta hf., móðurfélags Símans, hafa samþykkt tillögu um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins sem kynnt var í byrjun apríl.

Í kjölfarið verða skuldir félagsins lækkaðar úr 62 milljörðum króna í 27 milljarða. Þá færist eignarhald félagsins frá Klakka ehf., áður Exista, til Arion banka og eigenda skuldabréfa Skipta. Stærstu lífeyrissjóðir landsins hafa átt stærstan hluta skuldabréfanna og verða þeir því helstu eigendur Skipta.

Þá kynntu Skipti uppgjör sitt vegna ársins 2011 á þriðjudag. Tapaði félagið 3,4 milljörðum króna á árinu samanborið við 10,6 milljarða árið áður.

Skoða ber uppgjör Skipta með tilliti til þeirrar erfiðu skuldastöðu félagsins sem endurskipulagningin tók á. Var þannig 1,9 milljarða króna hagnaður af rekstri félagsins í fyrra, sem er miklu betri niðurstaða en árið áður þegar 534 milljóna króna tap var á rekstrinum. En þótt reksturinn hafi batnað mátti rekstrarniðurstaðan sín lítils þar sem nettó fjármagnskostnaður var ríflega 5,5 milljarðar. - mþl




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

**Þekking sprettur af áhuga.**

**Lilja Pálsdóttir hefur 25 ára reynslu af ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu. Lilja er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

## ÞRÓUN HLUTFALLS KVENNA Í STJÓRNUM SKRÁÐRA FYRIRTÆKJA Á ALÞJÓÐAVÍSU




HEIMILD: EVRÓPURÁÐIÐ/NASDAQ OMX ICELAND

# Dramatísk breyting á fáum árum

*Á fimm árum hefur hlutur kvenna í stjórnum skráðra fyrirtækja farið úr tíundaparti í nærri helming. Í haust taka gildi ný lög um kynjahlutföll. Áhersla á jafnan hlut stuðlar að faglegri vinnubrögðum við skipan stjórna.*

**STJÓRNARHÆTTIR**
**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Í fyrstu hafði Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland (Kauphöll Íslands), efasemdir um að rétt væri að binda í lög hlutfall kynja í stjórnum fyrirtækja. Núna telur hann lögin nauðsynleg til að knýja á um breytingar til batnaðar.

Lögin, sem taka gildi í september komandi, kveða á um að hlutfall hvors kyns í stjórnum fyrirtækja þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri skuli aldrei vera undir 40 prósentum. Mörg fyrirtæki hafa þegar brugðist við með breytingum í tengslum við aðalfundi sína.

„Í Evrópu var umræða um að setja þessa kvöð um kynjahlutföll bara á skráð félög en okkur finnst nú eiginlega betra að hafa þetta almennt," segir Páll.

### Langsótt að kvóti sé til trafala

„Ég lít á þessi lög sem tæki til að breyta hugarfari og held að þegar það hafi tekist, sem ég held að muni gerast mjög hratt, verði engin þörf á þessum lögum lengur. Þá verði þetta bara faglegt og niðurstaða faglegrar skipunar stjórna verði sú að kynjajafnvægi verði nokkurn veginn."

Um leið er Páll þeirrar skoðunar að ávinningur fylgi auknu kynjajafnvægi í stjórnum fyrirtækja. „Ég held það sé tvíþætt. Þótt konur og karlar geti verið mismunandi innbyrðis held ég samt að við fáum fjölbreyttari viðhorf inn í viðskiptalífið. Það held ég að hafi gildi í sjálfu sér. Í öðru lagi stuðlar þetta að því að fyrirtæki leiti út fyrir þægindahringinn. Og með því er ég að vonast til að fagleg sjónarmið verði ríkjandi í meiri mæli en áður við skipan stjórna og stuðli að auknu heilbrigði í viðskiptalífinu," segir hann og telur að fyrir þessar sakir verði heildaráhrifin á viðskiptalífið mjög góð.



**PÁLL HARÐARSON Á SKRIFSTOFU SINNI** Þótt fleira skipti máli í tengslum við góða stjórnarhætti en kynjahlutfall í stjórnum segir forstjóri Kauphallarinnar að slík áhersla stuðli að því að við skipan stjórnarmanna verði faglegur bakgrunnur fyrst og fremst látinn ráða. „Og nóg er til af góðu fólki af báðum kynjum," segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Um leið telur Páll ekki að hendur fyrirtækja séu bundnar um of með lögunum, jafnvel þótt leitað sé að stjórnarmanni með ákveðna hæfileika, þekkingu eða tengslanet. „Ég er eiginlega sannfærður um að svo sé ekki og langsótt að þetta sé eitthvert vandamál. Þvert á móti tel ég meiri líkur á að leitað sé einmitt á þessum forsendum, á forsendum þekkingar og hvaða þekkingarvöntun sé í stjórninni ef farið er út fyrir þægindahringinn eða kunningjahópinn. Umræðan trúi ég þá að snúist frekar um faglegan bakgrunn stjórnarmanna." Um leið bendir Páll á að í könnun KPMG á stjórnarmönnum komi fram að algengara sé að konur í stjórnum séu ekki með nein tengsl við félögin, en leiðbeiningar um góða stjórnarhætti geri einmitt ráð fyrir ákveðnu hlutfalli óháðra stjórnarmanna.

### Meðvitundin var kviknuð

Í Kauphöllinni hafa kynjahlutföll stjórna þegar breyst mjög mikið. Árið 2008 voru konur til dæmis bara tíundi hluti stjórnarmanna í skráðum fyrirtækjum. Ef talin er með Tryggingamiðstöðin (TM), sem skráð verður í Kauphöllina núna í maíbyrjun, eru skráð félög núna með nánast jöfn kynjahlutföll í stjórnum sínum. Konur eru 24 talsins, eða 46,2 prósent, og karlar 28, eða 53,8 prósent.

„Breytingin frá 2008 er mjög dramatísk," segir Páll en bendir á að strax á síðasta ári hafi hlutfall kvenna í stjórnum verið komið upp í um það bil þriðjung.

„Og nú er þetta farið að mjaka sér upp að 50 prósentum og komið nokkuð nærri jafnvægi. Þarna held ég að lögin hafi haft töluvert að segja, en áður en þau komu til var reyndar farið af stað með verkefni, sem Viðskiptaráð stóð að meðal annarra, um aukið kynjajafnvægi í stjórnum. Meðvitundin var því kviknuð áður."

## STÆRRI FYRIRTÆKI VERÐA INNAN TILSETTRA MARKA

„Ég geri ráð fyrir að öll stærri fyrirtæki verði búin að koma kynjahlutföllum í stjórn í lag fyrir tilsett tímamörk," segir Berglind Ósk Guðmundsdóttir, lögfræðingur hjá KPMG. Fyrirtækið hefur staðið fyrir árvissum könnunum á meðal stjórnarfólks. „En við höfum ekki tekið saman nýjar tölur frá því í september í fyrra," segir hún. Miðað hefur verið við september til þess að öllum aðalfundum hafi örugglega verið lokið og mánaðarfrestur liðinn sem fyrirtæki hafa til að tilkynna um nýjar stjórnir til fyrirtækjaskrár. Endanleg áhrif lögbundinna kynjahlutfalla sem taka gildi í september verða því ekki ljós fyrr en með haustinu.

„Spurningin er kannski helst hvernig minni fyrirtæki sem eru á mörkunum í starfsmannafjölda og fjölskyldufyrirtæki bregðast við," segir Berglind. Eftirlitsskyld fyrirtæki, lífeyrissjóðir, bankar og skráð fyrirtæki verði hins vegar örugglega búin að taka á sínum málum, eins og sjá hafi mátt á tilkynningum frá fjölda þeirra í kjölfar aðalfunda undanfarið. „Þar hefur maður séð mjög faglegar ráðningar og reynslumiklar og flottar konur sem eru að koma inn í stjórnir."

Af stóru bönkunum þremur á bara Íslandsbanki eftir að laga kynjahlutfall í sinni stjórn. Þar eru nú fimm karlar og tvær konur í stjórn, eða 71 á móti 29 prósentum. „Eigendur og stjórn Íslandsbanka munu að sjálfsögðu gera ráðstafanir til að Íslandsbanki fullnægi kröfum laganna áður en þau taka gildi í haust," segir í ályktun aðalfundar bankans. Á aðalfundi Landsbankans var bankaráðsmönnum fjölgað í sjö og eru þar nú þrír karlar og fjórar konur í stjórn, 43 á móti 57 prósentum. Arion banki er síðan með sama fjölda en kynjahlutföllunum snúið við, fjórir karlar og þrjár konur.

MP banki hélt aðalfund á þriðjudag og var þar stjórninni breytt þannig að konur eru tvær en karlar þrír, 40 á móti 60 prósentum. Þar var áður ein kona í fimm manna stjórn.

## STJÓRNIR KAUPHALLARFYRIRTÆKJANNA




## BOÐA TIL HLUTHAFAFUNDAR FYRIR HAUSTIÐ



ELÍN JÓNSDÓTTIR

Af íslenskum félögum Kauphallar Íslands er aðeins eitt, Tryggingamiðstöðin (TM), sem ekki uppfyllir nú þegar ákvæði laga um kynjakvóta sem gildi taka í september. Félagið verður, samkvæmt áætlun, skráð á markað um miðja næstu viku. „Það er ekki búið gera breytingar á stjórninni eins og ætlunin er auðvitað. Þetta er vegna þess að fyrirsjáanlegt var að Stoðir væru að selja sinn hlut," segir Elín Jónsdóttir, stjórnarformaður TM.

„Við vildum bíða og sjá hluthafalistann í framhaldi af útboði félagsins og skráningu." Elín segir að rætt hafi verið um það á aðalfundi TM í mars að boðað yrði til hluthafafundar í júlí eða ágúst. „Mjög líklega verður þetta í ágúst. Þannig geta nýir hluthafar haft áhrif á stjórnarkjör ef þeir vilja, gerðar verða breytingar á samþykktum og kynjahlutföllin löguð."

## EKKI SAMA HVERNIG Á HLUTINA ER LITIÐ

Með tilliti til kynjahlutfalls í hverri stjórn íslenskra félaga Kauphallar Íslands eru konur 46 prósent stjórnarmanna og karlar 54 prósent. Er þá TM, sem skráð verður í Kauphöllina á næstu dögum, talið með.

Ef hins vegar er horft á einstaklingana sem stjórnirnar skipa kemur í ljós að þrjár konur sitja í tveimur stjórnum hver og einn karl er í tveimur stjórnum. Hallar með því örlítið meira á konurnar, sem með slíkri hausatalningu verða 44 prósent stjórnarmanna á móti 56 prósentum karla.

Svipuð lögmál eiga við þegar horft er til hlutar kvenna í sætum stjórnarformanna félaga Kauphallarinnar, en tvö félög eru með konu sem stjórnarformann. Félögin eru tíu talsins og hlutur kvenna meðal stjórnarformanna er því fimmtungur á móti fjórum fimmtu hlutum karlanna.

Hins vegar vill svo til að þetta er sama konan, Elín Jónsdóttir, sem gegnir þessu hlutverki bæði hjá TM og Regni. Á móti er Benedikt Jóhannesson stjórnarformaður bæði Nýherja og VÍS, þannig að hausatalning stjórnarformanna íslensku félaganna leiðir í ljós 12 prósenta raunhlutfall kvenna og 88 prósenta hlutfall karla.

Kvaðir um kynjahlutföll hvíla ekki á færeysku félögunum í Kauphöllinni, en í stjórnum þeirra er hlutur kvenna samtals rétt tæpur fimmtungur.



# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## GALLIANO MÓTMÆLT

**Til stendur að John Galliano kenni þriggja daga masterclass-námskeið við Parsons-listaháskólann í New York. Nú gengur undirskriftalisti á netinu þar sem þessu er mótmælt í ljósi þess að Galliano lét niðrandi ummæli falla um gyðinga, en fyrir þau var hann dæmdur til fjársektar.**














# POPPAR UPP MEÐ PALLÍETTUM

**SVART Í GRUNNINN** *Steinunn Edda Steingrímsdóttir, förðunarfræðingur og verslunarstjóri í Make Up Store, er alltaf í svörtu í vinnunni. Í frítímanum finnst henni því gaman að klæðast litum og er veik fyrir glimmeri og pallíettum.*

Steinunn Edda Steingrímsdóttir keypti pallíettu-blaser í versluninni Corner í Smáralind fyrir skemmstu og hefur hann verið í mikilli notkun síðan. Hann kom fyrst upp í huga hennar þegar hún var beðin um að sýna flík í uppáhaldi. Við jakkann er hún í svartri skyrtu frá Primark og svörtum gallabuxum úr Top Shop. Hálsmenið er frá Shop Couture.

„Ég er gefin fyrir að vera sem mest í svörtu en poppa það upp með einni flík eða fylgihlut í lit. Þá geng ég mikið í skyrtum enda auðvelt að klæða þær bæði upp og niður og flott að bera hálsmen við."

En hvers vegna skyldi vera farið fram á svartan klæðnað í vinnunni? „Þetta er algeng krafa hjá virtum snyrtivörukeðjum. Þar er það förðunin sem skiptir mestu og á sem minnst að skyggja á hana," segir Steinunn Edda, sem byrjar hvern morgun á því að setja upp fallega förðun. „Stundum legg ég áherslu á augun og stundum á varir. Suma daga er ég í miklu litastuði en aðra vel ég létta og látlausa förðun." Steinunn Edda segir morgunverkin taka frá tuttugu mínútum upp í klukkustund. Hún segir förðunina skipta miklu máli í starfinu enda mikilvægt fyrir viðskiptavini að geta séð hvernig vörurnar koma út í raun.

En fer svona mikil dagleg förðun ekkert illa með húðina? „Nei, enda eru þetta mjög góðar vörur. Á húðina nota ég vönduð krem og góðan grunn frá Make Up Store og passa mig alltaf á að þrífa hana vel á milli."

■ vera@365.is

**BYRJAR DAGINN Á FALLEGRI FÖRÐUN**
Steinunn Edda þarf starfs síns vegna að setja upp fallega förðun á hverjum morgni. Það tekur frá tuttugu mínútum upp í klukkustund, allt eftir því stuði sem hún er í hverju sinni. „Suma daga er ég í miklu litastuði en aðra vel ég létta og látlausa förðun."
MYND/VILHELM




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

Dömudagur í Flash

30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

OPIÐ TIL KL 21 Í KVÖLD



Áður ~~16.990~~
Nú 11.990

Áður ~~14.990~~
Nú 9.990

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# SÍÐUSTU FORVÖÐ

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands lýkur á sunnudag í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi. Tíu nemendur útskrifuðust úr fatahönnun.*

Það útskrifast mjög sterkur hópur í ár. Þau hafa mjög ólíkan stíl og fjalla um ólík viðfangsefni. Sumir voru í mjög framúrstefnulegum pælingum en aðrir horfðu í handverk og menningararfinn. Í heildina komu verkefnin mjög vel út,“ segir Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunar LHÍ. Þetta er tíunda árið sem skólinn útskrifar fatahönnuði og segir Linda hann í stöðugri sókn.

„Við erum alltaf að bæta okkur í allri framkvæmd, fatnaðurinn er alltaf að verða betur og betur gerður. Franski hönnuðurinn Martine Sitbon var prófdómari hjá okkur í ár en hún dæmdi einmitt líka fyrsta árganginn sem við útskrifuðum. Hún sá miklar framfarir og sagði sýninguna mjög fagmannlega unna.“

Sýningunni lýkur á sunnudag. Aðgangur er ókeypis.



ARNAR MÁR JÓNSSON
BETTHINA ELVERDAM NIELSEN
SARA ARNARSDÓTTIR
SIGURBORG SELMA KARLSDÓTTIR

20% AFSLÁTTUR
af öllum kjólum og skarti til og með 5. maí.



14.320 ~~17.900~~
13.520 ~~16.900~~
10.320 ~~12.900~~
11.120 ~~13.900~~
11.992 ~~14.900~~

oasis
KRINGLUNNI – SMÁRALIND

## RISASÝNING Á ÚRUM OG SKARTGRIPUM Í BASEL

**Baselworld er ein stærsta og virtasta úra- og skartgripasýning heims. Í ár koma þar saman um 1.815 sýningaraðilar frá úra- og skartgripaiðnaðinum og kynna nýjustu afurðir sínar. Yfir hundrað þúsund gestir sækja sýninguna heim. Áætlað er að um 3.300 blaðamenn frá 70 löndum mæti. Sýningarýmið sem hýsir Baselworld er 160 þúsund fermetrar, eða rúmlega tvöföld stærð Smáralindar. Meðal sýnenda eru stærstu úraframleiðendur heims: Rolex, Tissot, Casio, Raymond Weil og fleiri. Hér má sjá nýjustu týpuna úr Baby-G línunni fyrir börn frá Casio. Það er einkar hentugt fyrir börn sem eru að læra á klukku þar sem það er bæði vísa- og tölvuúr. Þá er það vatnshelt að 100 metrum og höggþolið. Fréttir, myndir og nánari upplýsingar um sýninguna má finna á www.baselworld.**



MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

# Lokkandi Laugavegur

MIÐBORGIN OKKAR



## DÖMUKVÖLD – 2. MAÍ

Fimmtudagskvöldið 2. maí kl. 17:00 – 21:00
verður sannkallað stemningskvöld
á efri hluta Laugavegarins.

Þar verður opið lengur en venjulega og boðið upp
á ljúfmeti og léttar veitingar. Íslenskir tónar óma
í verslunum og veitingahúsum á meðan fljóðin
bregða á sprundasprang, mála bæinn bleikan og
máta sig við nýjustu tísku og kostaboð.

**Nú er vor í miðborgarlofti og allir velkomnir!**

Brandenburg – Teikning: Sól Hrafnsdóttir

Bernhard Laxdal · Kjólar & Konfekt · Púkó & Smart · Lífstykkjabúðin · Stíll · Sigurboginn · 38 Þrep · Spiral · Couture Kven- og herrafataverslun Laugavegi 86-94 · Sími 511 1060 · Freebird



belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


# VEITIR ANDAGIFT

**TÍSKA** *Fyrirsætan, sjónvarpskynnirinn og greinahöfundurinn Alexa Chung hefur vakið athygli í tískuheiminum enda þykir hún hafa gott nef fyrir tísku.*

Alexa Chung er fædd og uppalin í Bretlandi en er að hálfu kínversk. Hún steig sín fyrstu fyrirsætuspor aðeins sextán ára gömul og ferillinn var farsæll. Eftir aðeins fjögur ár í bransanum ákvað hún að söðla um. Hún hefur starfað sem sjónvarpskynnir, meðal annars í tónlistarþættinum Popworld. Þá hefur hún mundað pennann fyrir ýmis tímarit og skrifar nú greinar fyrir breska Vogue auk þess sem hún hyggur á bókaútgáfu í haust. Auk þessa grípur hún í fyrirsætustörf og birtist reglulega á forsíðum Vogue, Elle og Harper's Bazaar.

Chung þykir hafa afar skemmtilegan stíl og hefur veitt mörgum tískuhönnuðum andagift. Anna Wintour, ritstjóri Vogue, hefur lýst henni sem „fyrirbrigði" og í New York Time var því haldið fram að Chung væri Kate Moss nýrrar kynslóðar.



**VIÐ ÝMIS TÆKIFÆRI** Alexa Chung hefur ákveðnar hugmyndir um tísku og þykir fyrirmynd annarra þegar kemur að klæðaburði. Hún veitir einnig fatahönnuðum innblástur með líflegu fatavali.
NORDICPHOTOS/GETTY


SUMAR-DAGAR
15% afsláttur
af sumarvörum



BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



TAX FREE
Aðeins þessa helgi af öllum fatnaði
COSMO
Kringlunni







Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16


SUMARKORT
4 MÁNUÐIR Á
12.990 KR.
SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
AÐEINS DAGANA 2. - 4. MAÍ
KORTIÐ GILDIR TIL 2. SEPTEMBER
SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
þín þróun...

## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MMC Pajero intense. Árgerð 2009, ekinn 52 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.990294. Staðgreiðsluverð nú kr: 5.790.000,-



KIA Ceed ex 1.6 new 2012. Árgerð 2012, ekinn 5 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.590.000. Rnr.140524.



CITROEN Berlingo sendibíll. Árgerð 2007, ekinn 91 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 980.000. Rnr.140310. Staðgreiðsluverð nú kr: 790.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

iBíll.is Netbílasala



Toyota Rav4 4wd. Nýskr. 10/2000, ekinn 105 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 860.000. Rnr.112180.



Toyota Land Cruiser 120 GX. Nýskr. 9/2004, ekinn 180 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.112191.



Citroen C3 SX. Nýskr. 2/2006, ekinn 114 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 790.000. Rnr.111850.

**iBill.is, Netbílasala**
**Smiðjuvegur 4a grænagata, 200 Kópavogur**
**Sími: 578 8181**
**www.ibill.is**

SUZUKI



Eigum gúmmíbáta í stærðum frá 2,9m - 4,2m á lager til afgreiðslu strax. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

100bilar.is bílasala




VILTU KAUPA EÐA SELJA!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Benz ML350 árg. 2009 65 þús. km. Dekur Bíll. Tilboð. Aðeins 6.990 þús. Upplýsingar í síma 893-1539.



**DIESEL GÓÐUR BÍLL!!!!!**
M.Benz 290 Diesel árg. ,99 ssk, sko 14 CD vetrardekk mikið endurnýjaður ek. 855.000 sjón er sögu ríkari verð 450.000 uppl. í síma 861-7600 bíllinn er í Keflavík Möguleiki á 100% vísa raðgreiðslur.

### 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR SMÁBÍLL!!**
Til sölu A Class 190 1.9 vél ekinn 120 þ km sjálfskiptur árg 2003 álfelgur heilsársdekk skoðaður 2014 vel með farinn bíll verð 990.000 ATH skipti á ódýrari uppl. í síma 8617600.

### 2 milljónir +



**TILBOÐ 2.490.000-**
Glæsilegur Porsche Cayenne árg. ,04 ek. 158 þ. km ssk, leður cruse sko ,14, CD 20" álfelgur og nýleg dekk einnig fylgja bílnum 18" álfelgur og Toyo harðskeljadekk. V. 3.490.000- TILBOÐ 2.490.000 áhvílandi eitthvað um 1.100.000 hjá Landsbankanum ca 36 á mánuði. S 861-7600.

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### Reiðhjól




### Fellihýsi




### Bátar






Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alugluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Bílaþjónusta




### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**EÐAL PARTAR**
Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Kaupum bíla til uppgerðar og niðurrifs. Opið frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

Eigum varahluti í þessa bíla. Kaupum bíla í niðurrif. Toyota 96-07, Subaru 95-05, Nissan 96-04, Mitsubishi 96-02, Ford 98-07, Mazda 323 95-99. Kia Sportage 97-02, Peugeot 96-01. Opið á laugardögum 10-16. Bílar og Partar, Iðavellir 9c, 230 Reykjanesbæ 421-7979 www.bilarogpartar.is

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

**GAUI PÍP**
Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

### Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

### Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989







**GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
**20% AFSLÁTTUR FYRIR ELDRI BORGARA.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, þökulagnir, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**ER MOSINN AÐ EYÐILEGGJA FLÖTINA ÞÍNA !**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 774 5775.

**ER ÖSPIN TIL AMA ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

### Málarar

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald







K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

**Gluggar - hurðir - veggir - gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

### Spádómar




### Rafvirkjun




**RAFVIRKJAR S. 618 2610**
Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**AH-RAF**
**LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímaþjónusta, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**ÞARFNAST BÍLAPLANIÐ ÞRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:
Götusópun
Gangstéttarsópun
Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
Grasslátt og umhverfishreinsun
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is**
**S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.




Öflugir loftskipti blásarar. Úrval barka og tengja. Verð frá 29.900 m vsk. Íshúsið ehf, www.ishusid.is, S:566 6000.

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*
*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*
*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*
*Fyrirbyggjandi varnir*
**Sími: 565-7070**

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
**Uppl. í síma 699-6869 og www.rafeindir.is**

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

CMT ORANGE TOOLS
**CMT sagarblöð og fræsitennur**
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**SPARAÐU BENSÍN!**
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu.
Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

**PALLAR.IS**
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR
Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

HANDVERKSHÚSIÐ
NÝ OG STÆRRI VERSLUN!

www.facebook/gottbón
**GOTT BÓN**
*ÓDÝRT EN GOTT*
Sækjum • Bónum Skilum
Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

**Full búð af nýjum vörum frá Vanity Fair**
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
Erum á Facebook
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Laxatunga – 270 Mosfellsbær**




Vorum að fá í sölu raðhúsalengju við Laxatungu 24-34 í Mosfellsbæ. 243,5 m2, 5 herbergja raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Laxatungu í Mosfellsbæ. Húsin eru vel staðsett með góðu útsýni. Tvær svalir. Stórar stofur. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Björt rými og stórir gluggar. Húsin eru rúmlega fokheld í dag og afhendast í núverandi ástandi. **Verð 24,0 til 25,2 m.**

**Hulduhlíð - 270 Mosfellsbær**




Rúmgóð 84,1 m2, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð með sér inngangi og garði við Hulduhlíð 9 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 23,0 m.**

**Litlikriki neðri hæð - 270 Mosfellsbær**




2ja herbergja, 60,0 m2, íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi við Litlakrika 33 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, svefnherbergi, geymslu, baðherbergi og þvottahús. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 16,5 m.**

**Kvíslartunga 28 – 270 Mosfellsbær**





Glæsilegt 382,5 m2 einbýlishús í byggingu á góðri útsýnislóð í Mosfellsbæ. Björgvin Snæbjörnsson arkitekt teiknaði húsið. Framkvæmdin fæst á mjög hagstæðu verði.


## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur



**ÚTSALA - SKOTVEIÐVÖRUR OG SKOTFÆRI**
Bjóðum nú 30 % afslátt af öllum skotveiðivörum og skotfærum. T.d Pakkinn af .22LR Standard á aðeins kr.483 með afslætti. Tactical.is Verslunarmiðstöðinni Glæsibæ.Opið virka daga 11-18 Sími 517-8878.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Ný 3 herb. íbúð til leigu í Hafnarfirði. Hagstæð langtímaleiga, ísskápur fylgir. Uppl. í s. 820 1002 eða agnar@husid.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu í miðborginni. Sími 661 5219

## Húsnæði óskast

Vantar góða 3-4ra herb. íbúð á leigu strax(verður að vera á 1. hæð eða lyfta). Helst í 108 eða nágrenni. Erum 3ja manna fjölskylda. Róleg og reglusöm. Skilvísar greiðslur og góð meðmæli. Uppl. í s. 892 6912.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Gisting



**STYKKISHÓLMUR - FRÍTT GOLF-**
Eðalgisting í Stykkishólmi með heitum potti. Gistiaðstaða fyrir allt að 7 manns. Dags- helgar- og vikugisting til loka maí, vikugisting júní/júlí/ágúst/september. Sund, gönguferðir, sæferðir og veitingarstaðir á heimsmælikvarða. s. 8613123 og www.orlofsibudir.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald




15% afsláttur af Sanabelle kattamat Dýrabær - Smáralind - Kringlunni - Krossmóa Reykjanesbæ www.dyrabaer.is




15% afsláttur af Bosch hundamat Dýrabær - Smáralind - Kringlunni - Krossmóa Reykjanesbæ www.dyrabaer.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlsögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

**HEILSUNUDD!**
Kona auglýsir heilsunudd. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8357.

**SUMARTÍMI**
42 ára gamall latínó-amerískur karlamður leitar að konu á aldrinum 30-40 fyrir framtíðarsamband. Er vingjarnlegur, vel menntaður og myndarlegur. Julianrio71@yahoo.com

**LEITAR ÞÚ ÆVINTÝRA?**
Þú auglýsir frítt hjá Rauða Torginu, sími 535-9922.

**HEIÐARLEIKI!**
Kona vill kynnast heiðarlegum karlmanni, 67+. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8878.

## atvinna


**SMIÐIR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
S. 777 2 333

**VERKAMENN**
ERUM MEÐ VANA VERKAMENN
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
S. 777 2 333


## fasteignir


**JÖFUR** ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



**TIL LEIGU**
**Grandagarður, 101 Reykjavík**
Skrifstofuhúsnæði á 1. og 2. hæð
Stærð 385 fm.

Uppl. um verð í síma



**Ólafur Jóhannsson**
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1023 / 824 6703**
**olafur@jofur.is**

Til leigu um 385 fm. skrifstofuhúsnæði á 1. og 2. hæð við Grandagarð. Laust strax. Á 1. hæð/jarðhæð er skrifstofurými fyrir tvo til fjóra, fundarherbergi og eldhús/móttaka. Á 2. hæð sem er um 290 fm. eru 12-13 lokaðar skrifstofur. Möguleiki er á að leigja hluta af húsnæðinu. Frábært útsýni yfir höfnina.











## VÖNDUÐ EIGNASTÝRING
STJÓRNAST AF MARKMIÐUM VIÐSKIPTAVINARINS

**Einkabankaþjónusta Arion banka** veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum víðtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

- Þinn eigin viðskiptastjóri sem mótar með þér fjárfestingarstefnu og sér um þitt eignasafn.
- Sterk tengsl við viðskiptastjóra með símtölum, tölvupósti og reglulegum fundum.
- Ítarlegt yfirlit um stöðu og ávöxtun á þriggja mánaða fresti.
- Öll almenn bankaþjónusta á hagstæðum kjörum.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í 444 7410 eða sendu póst á einkabankathjonusta@arionbanki.is og komdu þínum fjármálum í hagstæðari farveg.

**ARION EINKABANKAÞJÓNUSTA**

Arion banki

# Fyrsta konan í fimmtán ár til að stýra skráðu fyrirtæki

***Sigrún Ragna Ólafsdóttir var ráðin forstjóri VÍS í ágúst árið 2011. Markaðurinn ræddi við Sigrúnu um skráningu í Kauphöllina, ferilinn og áhugamál utan skrifstofunnar.***

**SVIPMYND**

**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Sigrún Ragna Ólafsdóttir varð á dögunum fyrsta konan í fimmtán ár og sú önnur alls til að stýra skráðu fyrirtæki á Íslandi þegar viðskipti hófust með hlutabréf í VÍS í Kauphöllinni. Markaðurinn ræddi við Sigrúnu í tilefni af skráningunni.

„Það er búið að vera mjög krefjandi og ánægjulegt að taka þátt í söluferlinu og skráningu félagsins á markað. Þetta var ný reynsla,“ segir Sigrún Ragna, sem var í framkvæmdastjórn Íslandsbanka áður en hún var ráðin forstjóri VÍS í ágúst 2011. Þar áður starfaði hún sem endurskoðandi hjá Deloitte í tuttugu ár.

„Þegar ég hætti hjá Deloitte var ég stjórnarformaður félagsins og hafði um árabil tekið þátt í að byggja upp þetta stóra sérþekkingarfyrirtæki. Hjá Íslandsbanka tók ég svo þátt í því að byggja upp nýjan banka eftir hrunið, sem var mjög lærdómsríkt og skemmtilegt að takast á við,“ segir Sigrún.

Þátttakan í hlutafjárútboði VÍS var mikil og reyndist tíföld umframeftirspurn eftir hlutabréfum. Sigrún Ragna segir að í útboði félagsins hafi fjárfestum boðist nýr valkostur sem augljóslega hafi verið tekið fagnandi. „Þetta er fyrsta tryggingafélagið til að fara á markað eftir hrun. Þetta er arðgreiðslufélag og félag með langa og trausta sögu um ágætis afkomu. Ég held að það hafi endurspeglast í áhuga fjárfesta,“ segir Sigrún.



**SIGRÚN RAGNA ÓLAFSDÓTTIR** Sigrún Ragna, sem er upphaflega frá Stykkishólmi, varð margfaldur Íslandsmeistari í körfubolta með KR í kringum 1980. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigrún Ragna er uppalin í Stykkishólmi og eins og Hólmara er háttur spilaði hún körfubolta á sínum yngri árum. „Þegar yngri flokkunum sleppti spilaði ég með KR og menn hafa stundum kallað það lið gullaldarlið kvennakörfunnar í KR enda tókum við þó nokkra titla á þessum árum.“

Utan skrifstofunnar er Sigrún mikil útivistarmanneskja, en henni finnst fátt betra en að komast í stangveiði. „Mér finnst rosalega gott að vera úti við. Mér finnst gaman að fara út að hlaupa eða ganga og ef ég get gengið á eftir golfbolta er það ágætt. Svo finnst mér mjög gaman að fara á skíði. Þetta eru aðaláhugamálin, áhugamál sem fjölskyldan getur tekið þátt í saman,“ segir Sigrún, sem er gift Eiríki Jónssyni viðskiptafræðingi og eiga þau saman tvo drengi.

## UMSÖGNIN



„Við Sigrún Ragna höfum fylgst að frá átján ára aldri, vorum saman bæði í framhalds- og háskóla. Hún hefur alltaf verið markviss, vissi strax átján ára að hún vildi verða endurskoðandi, og ég öfundaði hana af því að vita alltaf hvað hún vildi. Sigrún Ragna gerir allt vel sem hún gerir og hún gerir það einnig með jákvæðni, sem er einn af hennar stærstu kostum. Ég treysti Sigrúnu Rögnu vel fyrir rekstri VÍS; allt sem hún gerir, gerir hún af fagmennsku og yfirvegun.“

**Katrín Olga Jóhannesdóttir**
*stjórnarformaður Já*



„Ég kynntist Sigrúnu fyrst þegar fyrirtæki okkar runnu saman árið 1998 undir merkjum Deloitte. Sigrún kom með ferskan blæ inn í meðeigendahópinn og nýjar hugmyndir. Hún var síðar kjörin stjórnarformaður og það var ávallt gott að eiga hana að í því hlutverki. Fyrir félag eins og Deloitte skiptir samhentur meðeigendahópur miklu máli og þar komu kostir Sigrúnar vel í ljós, bæði í leik og starfi. Ég hef fylgst stoltur með framgangi hennar í viðskiptalífinu.“

**Þorvarður Gunnarsson**
*framkvæmdastjóri Deloitte*



„Sigrún var lykilmanneskja við uppbygginguna Íslandsbanka eftir hrun sem fjármálastjóri bankans. Hún var klettur í erfiðum ákvarðanatökum, föst fyrir en um leið yfirveguð og vingjarnleg. Ég lít ekki aðeins á Sigrúnu sem fyrrverandi samstarfskonu heldur sem góða vinkonu. Við náðum þannig sambandi að ég vissi alltaf hvernig Sigrúnu leið þó að hún beri ekki tilfinningar sínar á torg. Það er dýrmætt að finna í samstarfsmanni sínum eiginleika góðs vinar.“

**Birna Einarsdóttir**
*bankastjóri Íslandsbanka*



Fjölbreytt efnisval

Færri flettingar

Áberandi auglýsingar, réttar staðsetningar



Ferskar fréttir

Myndrænt og notendavænt viðmót

Skemmtiefni og afþreying

# Minna að fletta **meira að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

## visir.is




## BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að."*

FÍTON / SÍA

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is
klinkið
Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður og Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður
vísir

Hin hliðin



GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR

## Elsku nýju þjóðarleiðtogar

Til lukku með nýja ábyrgð á okkar sameiginlega vinnustað: Íslandi ehf. Mig langar að fylgja ykkur úr hlaði með nokkrum hvatningarorðum í þeirri góðu trú að næstu fjögur ár verði ár farsældar og festu, tímabil sem erlendir þjóðarleiðtogar geti tekið til fyrirmyndar í sinni endurreisn. Sem forgöngumenn veit ég að þið þekkið mikilvægi framtíðarsýnar, kjarks og þrautseigju í starfi ykkar. Og sem leikmenn veit ég að hraði breytinga og kröfur samtímans snerta ykkur öll. Því fylgja hér á eftir nokkur heilræði.

**Forgangsraðið.** Þeir leiðtogar sem setja 2 til 3 mál í forgang klára almennt 2 til 3 mál. Þeir sem eru með 5 til 7 markmið koma kannski einu máli næstum því í höfn. Því fleiri markmið, þeim mun minni líkur á árangri. Hafið kjarkinn og agann til að einblína á fá en afgerandi mál í einu. Og klárið þau. Heimilin. Höftin. Hengjan. Annað kemur í kjölfar slíkra góðra verka.

**Hugsið.** Gagnrýnin hugsun er forsenda framfara. Leitið þekkingar og ráða út fyrir ykkar þrönga hring. Mátið ákvarðanir ykkar á aðra en spegilmyndir ykkar sjálfra.

**Hlustið.** Stjórnmálaleiðtogar fortíðar fengu þjálfun í ræðumennsku. Áhrifamenn framtíðar fá þjálfun í hlustun. Sönn forysta byggir á virðingu fyrir fólki. Skilningi á ólíkum skoðunum. Guð gaf okkur tvö eyru og einn munn. Talið minna. Hlustið meira. Látið verkin tala. Eins og segir í Hávamálum: Svo nýsist fróðra hver fyrir.

**Hreinsið til.** Kveðjið gamlar erjur og syndir. Biðjist afsökunar og fyrirgefið, ef þess þarf. Frelsið ykkur frá hagsmunum forvera ykkar – pólitískum, landfræðilegum og fjárhagslegum. Málið tæra mynd af því samfélagi sem við viljum færa barnabörnum okkar og leyfið ekki frændhygli, græðgi eða þröngsýni að menga þá mynd.

**Lærið.** Af mistökum ykkar. Af mistökum annarra. Gerið upp hug ykkar um hvert ykkar framlag til framtíðarlandsins verður. Og lærum saman á leiðinni.

**Virkið okkur.** Þið eigið 322.930 samstarfsmenn sem eru tilbúnir að bretta upp ermar í þágu þjóðar. Haldið samtalinu gangandi á veraldarvefnum, á kaffihúsunum, í háskólunum. Leyfið okkur að taka með ykkur ábyrgð á stóru málunum með könnunum og þjóðaratkvæðagreiðslu. Finnið nýtt fólk til mikilvægra verka. Það leynist snillingur á hverju götuhorni.

**Nærist.** Þetta er harður heimur. Gleymið ekki lýsinu. Svefninum. Grænkálinu. Góðum bókum. Lélegum bíómyndum. Göngutúrum. Mörgum stundum í faðmi fjölskyldunnar. Tengið ykkur reglulega við af hverju þið tókuð að ykkur þetta verkefni. Og virkið þá orku til góðra verka.

Ég óska ykkur velfarnaðar á áframhaldandi sameiginlegri vegferð okkar allra!

Kveðja, Guðrún.

VILTU MEIRA FYRIR MINNA?

Opin kerfi mælir með Office 365 Small Business Premium




Frábær Fujitsu vinnustöð

Fujitsu Esprimo E710 Intel i3-3220 vinnustöð.
Fujitsu L24T LED skjár.
**Microsoft Office 365** Small Business Premium sem gildir í 12 mánuði og fylgir notanda hvert sem er.




Tilboðsverð

159.900kr.

Númer tilboðs OK41347

OK búðin

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | ok@ok.is | Sími 570-1000 | www.okbudin.is

SHARP



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A113B
32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Rafrænn innri strimill 3000 línur
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A207B
99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A307
99 vöruflokkar.
Allt að 10,000 PLU númer.
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 89.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
SHARP EÐALVÉL

# HJÁ OKKUR

4BLS KIPPA ÚT :)

## ...TT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

ENN BETRA VERÐ!

## 120GB SSD

**SATA3 SOLID STATE DISKUR**

- 120GB Mushkin Chronos SSD diskur
- Háhraða SATA3 SSD stýrikerfisdiskur
- Ein besta uppfærslan sem völ er á
- Höggvarinn að 1500G álagi
- Read 550MB/sec, Write 515MB/sec
- SandForce SF2281 háhraða stýring
- TRIM fyrir meiri stýrikerfishraða
- 90000 IOPS einn hraðasti SSD í dag

**19.900**

60GB 14.900 I 240GB 36.900

1280x800 IPS SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

AÐEINS 9mm ÖRÞUNN OG FISLÉTT

## PROTAB26 IPS

**10" MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA**

- 10.1" IPS HD fjölsnertiskjár 1280x800
- Öflugur 1.2GHz ARM A8 Cortex örgjörvi
- Multi-Core Mali 400MP 1080p 3D skjákjarni
- 8GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- 150Mbps þráðlaust net og Bluetooth
- Li-Polymer rafhlaða allt að 12 tímar
- Tvær vefmyndavélar 0.3MP og 2MP 1080p
- Android 4.1 Jelly Bean og fjöldi forrita

**34.900**

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA:)

ÖRÞUNN 12.5mm OG AÐEINS 1.3Kg

BORÐSTANDUR OG LYKLABORÐ FYLGIR

BREYTIST Á AUGNABLIKI ÚR SPJALDTÖLVU Í GLÆSILEGA BORÐTÖLVU :)

## MOBII P1325

**13.3" MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA**

Ótrúleg 13" spjaldtölva með 10-punkta TRUE HD fjölsnertiskjá og með borðstand og þráðlausu lyklaborði breytist hún í glæsilega borðtölvu:)

- 13.3" HD fjölsnertiskjár 1280x800
- Dual Core 1.6GHz ARM A9 Cortex örgjörvi
- Quad-Core Mali 400MP 1080p 3D skjákjarni
- 16GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- 150Mbps þráðlaust net og Bluetooth 4.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 5 tímar
- HDMI 1.4 mini, USB2 micro og Micro SD
- Tvær 2.0MP HD 1080p vefmyndavélar
- Android 4.1 Jelly Bean og fjöldi forrita

**69.900**

FRÁBÆR Í SUMARFRÍIÐ:)

## CLOUDBOX

**ÞITT EIGIÐ 3TB TÖLVUSKÝ**

LaCie Cloudbox tengir þig við þinn heim. Öll þín tónlist, kvikmyndir, ljósmyndir og meira, aðgengilegt á öllum þínum tölvum og tækjum hvaðan sem er í heiminum:)

ÖLL ÞÍN GÖGN! 3TB HVAR OG HVENÆR SEM ER:)

- 3TB LaCie CloudBox tölvuský
- Gögnin þín alltaf við hendina hvar sem er
- Deildu gögnum með vinum og fjölskyldu
- Sjálfvirk gagnafritun, Time Machine ofl.
- Streymir margmiðlunarefni í öll tæki
- 10 notendur með lykilorð og einkamöppur
- Gigabit net, HTTP, FTP, SMB og Torrent
- Fyrir PC, Mac, Android, iOS, SmartTV, ofl.

**29.900**

ÞITT EIGIÐ TÖLVUSKÝ :)

527

HÁHRAÐA 3G SPALDTÖLVA, SÍMI OG GPS LEIÐSÖGUTÆKI

DUAL SIM

## 7"ONIX3G

- 7" LED fjöldsnertiskjár 1024x600
- Dual Core 1.2GHz ARM A9 Cortex örgjörvi
- Multi-Core Mali 400MP 1080p 3D skjákjarni
- 8GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- Tekur tvö SIM kort og hefur GPS leiðsögn
- 150Mbps WiFi, Bluetooth, 3G og GSM net
- Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
- Tvær vefmyndavélar 0.3MP og 2MP
- Android 4.0 ICS stýrikerfi og fjöldi forrita

**34.900**

3G NET OG GPS LEIÐSÖGN

M900

5-PUNKTA FJÖLSNERTI-SKJÁR

## 8"PremiumPro

- 8" 5-punkta fjölsnertiskjár 800x600
- Spilar kvikmyndir beint af USB flakkara
- Multi-Core Mali 400MP 1080p 3D skjákjarni
- 4GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Li-Polymer rafhlaða allt að 6 tímar
- 2.0MP innbyggð vefmyndavél
- Fislétt aðeins 450gr og örþunn
- Android 4.0 ICS stýrikerfi og fjöldi forrita

**17.900**

ÓMISSANDI FERÐAFÉLAGI

INNBYGGÐ HARÐDISKDOKKA

120GB SSD STÝRIKERFISDISKUR

USB3 AÐ FRAMAN

## GIGABYTE

**DELUXE TÖLVUTILBOÐ 1**

- Thermaltake V3 BlacX Deluxe turn
- AMD A6-5400K Dual Core 3.8GHz Turbo
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 120GB SSD Chronos SATA3 diskur
- 1TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 2GB Radeon HD7540D DX11 skjákjarni
- 24x DVD SuperMulti skrifari
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**129.900**

HÖRKU VÉL MEÐ 120GB SSD

HDMI

## SMART TV

**FYRIR ÞITT SJÓNVARP**

- Tengist beint í HDMI tengi á sjónvarpi
- Spilar kvikmyndir & tónlist þráðlaust yfir net
- Facebook, Youtube, leikir & PlayStore
- Dual Core 1.6GHz örgjörvi og Mali400MP 3D
- 150Mbps þráðlaust WiFi net
- HDMI 1.4, USB2, Micro SD og RF sendir
- Android 4.1 JB stýrikerfi og fjöldi forrita
- Þráðlaust lyklaborð með innb. músarfleti

**24.900**

SJÓNVARPIÐ LIFNAR VIÐ ;-)

BeBook Pure **19.900**

WiFi SNERTISKJÁR 29.900

LES ÍSLENSKAR OG ERLENDAR RAFBÆKUR

## 6" E-INK LESTÖLVA

**2.490**

ÖFLUGASTA ANDROID VÍRUSVÖRNIN BÆÐI FYRIR SÍMA OG SPJALDTÖLVUR

## MOBILE SECURITY

iPAD GLITTER SKINN FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Verð frá: **87.900**

## Apple iPad 4

USB GLINGUR

ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF STÓR-SKEMMTILEGU USB GLINGRI FRÁ SATZUMA

Verð frá: **990**

## USB GLINGUR

POINT OF VIEW · Tt eSPORTS By Thermaltake · satzuma · TÖLVUTEK

# STÆRSTU MERKIN

## Í TÖLVUTEK ERU ÖLL STÆRSTU MERKIN Í FARTÖLVUM Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI

### lenovo G585

59359143

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF LENOVO FARTÖLVUM

- AMD Vision Dual Core E1-1500 1.48GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 512MB ATI HD7310M DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB 3.0
- 0.9MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**79.900**

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

### acer V5-551

64454G

NÝ SENDING ER AÐ LENDA

- AMD A6-4455M Dual Core 2.6GHz Turbo
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 4GB ATI HD7500G DX11 öflugur skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.0MP HD 720p vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

FRÁBÆR Í SUMARFRÍIÐ:)

### V5-551

84556G

15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með enn öflugri 4ra kjarna örgjörva ásamt nýjasta og einum öflugasta skjákjarna í heimi.

30% STÆRRI SNERTIFLÖTUR

6 TÍMAR

- AMD A8-4555M Quad Core 2.4GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 4G ATI HD7600G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.0MP HD 720p vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**119.900**

ÖRÞUNN OG ÖFLUG

### TE11

HC-73636G

2GB GT710 SKJÁKORT

NÝ SENDING LÆGRA VERÐ

ÖFLUG INTEL I7 LEIKJAFARTÖLVA

Öflugasta fartölvan frá Packard Bell er með 4ra kjarna Intel i7 örgjörvaskrímsli, nýja kynslóð GeForce skjákorta og hlaðin allri nýjustu tækni.

- Intel Core i7-3632QM 3.2GHz Turbo 8xHT
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT710M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

packard bell

**149.900**

INTEL i7 LEIKJAFARTÖLVA

### acer V3-571G

53238G

FULL HD IPS 1080p SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

- Intel Core i5-3230M 3.2GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" FULL HD 1920x1080 IPS skjár
- 2GB GeForce GT730M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.3MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**169.900**

MEÐ INTEL CORE i7 189.900

### acer V5-TOUCH

431PG

10-PUNKTA HD LED FJÖLSNERTISKJÁR

25 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

- Intel Pentium Dual Core 2117U 1.8GHz
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 14" HD LED 1366x768 fjölsnertiskjár
- 2GB GeForce GT710M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 5 tímar
- 1.0MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**129.900**

FRAMTÍÐIN Í FARTÖLVUM

### acer ICONIA W5

W510-32GB

TRUE HD IPS SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

LYKLABORÐS DOKKA FYLGIR

18 TÍMAR

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1366x768
- Intel Dual Core Atom Z2760 1.8GHz Turbo, 4xHT
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 32GB SSD og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Tvær myndavélar 8MP m/flassi og FullHD
- USB2, USB2 micro, HDMI1.4a micro
- Lyklaborðsvagga með aukarafhlöðu fylgir
- Windows 8 - Ótrúlegt snertiviðmót

**119.900**

64GB AÐEINS 144.900

### acer ICONIA W7

W700-64GB

FULL HD IPS 1080p SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

40 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

- 11.6" Full HD IPS 1920x1080 fjölsnertiskjár
- Intel Core i3-2365M 1.4GHz 3MB 4xHT
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 64GB FLASH SSD geymsludiskur
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Tvær HD vefmyndavélar 2MP og 5MP
- Bluetooth lyklaborðskápa fylgir
- Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**129.900**

i5 + 128GB SSD 199.900

### TOSHIBA C855D

**69.900**

15,6" fartölva með AMD Dual Core örgjörva, 4GB minni, 320GB disk og Windows 8 á ótrúlegu verði

NÝ FRÁ TOSHIBA

### 13" MacBook PRO

i5 + 500GB

**194.900**

VERÐ VÖRN

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum

### LENOVO G580

G580

**119.900**

i5 Lenovo

15,6" fartölva með Intel Core i5-3210M örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og Windows 8

### 17" HP FARTÖLVA

**99.900**

HP Pavilion

Glæsileg 17,3" fartölva með AMD A6 Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og Windows 8 stýrikerfi

acer · Apple · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA

# TÖLVUTEK

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Bílafjör

## á Kletthálsi



Opið til kl. 20.00 í kvöld
hjá bílasölum og fyrirtækjum á Kletthálsi.
Tilboðsverð á völdum ökutækjum og vörum.

Pylsur, gos, Svali og ís.
Glæsivagnar frá Krúser klúbbnum.

ergo

ARCTIC TRUCKS · DIESEL.IS · TOPPBÍLAR · ASKJA · Bílalíf · bílaland · VÍKURVAGNAR EHF. · TOYOTA

STORMUR EHF · STÓRA BÍLASALAN · HEIMSBÍLAR · Notaðir bílar Kletthálsi



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GERÐA JÓNSDÓTTIR**
**Vesturgötu 7, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi 27. apríl 2013. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Einar Ólafsson**
**Margrét Sólveig Ólafsdóttir**
**Berglind Gerða Libungan**
**Lisa Anne Libungan**
**Nói Steinn Einarsson**
**Hafsteinn Þór Einarsson**
**Sóley Ósk Einarsdóttir**
**Sindri Fannar Ólafsson**
**Daníel Pálmar Ólafsson**
**og barnabarnabörn.**
**Jónína Margrét Davíðsdóttir**
**Gústav Kristján Gústavsson**
**Bjarni Berg Elfarsson**
**Kjartan Benediktsson**
**Ingunn Eyþórsdóttir**
**Eva Hrund Guðlaugsdóttir**
**Baldur Freyr Óskarsson**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

**SKAFTI ÞÓRODDSSON**
**frá Sigtúni, Fáskrúðsfirði,**

sem lést 24. apríl sl., verður jarðsunginn frá Fáskrúðsfjarðarkirkju laugardaginn 4. maí klukkan 14.00.

**Högni Skaftason**
**Arnþór Atli Skaftason**
**Gunnþóra Arndís Skaftadóttir**
**Erla Skaftadóttir**
**Magnús Hafsteinn Skaftason**
**Kristján Birgir Skaftason**
**og fjölskyldur.**
**Ingeborg Eide Hansdóttir**
**Jóna Bára Jakobsdóttir**
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson**
**Sveinn Sigurjónsson**
**Sigríður Garðarsdóttir**
**Hafrún Traustadóttir**



Okkar ástkæri

**ÁRNI ST. HERMANNSSON**
**áður til heimilis að Gullsmára 9**
**en lengi búsettur í Þorlákshöfn,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 25. apríl sl., verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn laugardaginn 4. maí nk. klukkan 14.00.

**Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Jóhanna Lára Árnadóttir** — **Ólafur Lárus Baldursson**
**Magnea Ásdís Árnadóttir**
**Ólafur Árnason**
**Sigurlaug Árnadóttir** — **Árni Jón Eyþórsson**
**Hermann Valur Árnason**
**Jón Ingi Árnason**
**Þórunn Árnadóttir** — **Sveinbjörn Guðmundsson**
**og aðrir aðstandendur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**KÁRI SÖEBECK KRISTJÁNSSON**
**Miklubraut 64,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 27. apríl. Jarðarförin fer fram föstudaginn 3. maí frá Háteigskirkju kl. 15.00.

**Aðalheiður Ísleifsdóttir**
**Kristín Káradóttir** — **Albert Sigtryggsson**
**Sigríður Káradóttir** — **Guðjón Guðmundsson**
**Tryggvi Kárason** — **Guðrún R. Rafnsdóttir**
**Trausti Kárason** — **Selma Rut Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Fjölbreytt úrval legsteina**
**Frí áletrun og uppsetning**

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin

Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
Sími 555 38 88

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST** 2. MAÍ 1957

## Joseph McCarthy deyr

Á þessum degi árið 1957 dó bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Joseph McCarthy. Hann fór fremstur í flokki í baráttunni gegn „rauðu hættunni“; ofstækisfullum nornaveiðum gegn meintum kommúnistum í Bandaríkjunum á eftirstríðsárunum.

McCarthy fæddist í smábæ í Wisconsin árið 1908. Hann barðist í síðari heimsstyrjöldinni en ákvað að gerast stjórnmálamaður þegar hann sneri aftur heim. Eftir eina misheppnaða tilraun vann hann sæti í öldungadeild bandaríska þingsins árið 1946. Fyrstu ár hans í embætti voru tíðindalítil og þegar nær dró kosningum árið 1950 sárvantaði hann málefni til að gera út á. Þótt hann þekkti lítið til málsins ákvað hann að beina spjótum sínum að kommúnistum í Bandaríkjunum og vakti mikla athygli þegar hann hélt því fram að í utanríkisráðuneytinu störfuðu rúmlega 200 kommúnistar.

Á næstu fjórum árum náði „rauða hættan“ hysterískum hæðum en fáir áttuðu sig á að McCarthy afhjúpaði ekki einn einasta kommúnista í nornaveiðum sínum.

Árið 1954 var farið að síga á ógæfuhliðina hjá McCarthy og kornið sem fyllti mælinn var þegar hann sakaði bandaríska herinn um linkind gagnvart kommúnistum. Sama ár var yfirheyrslum hans sjónvarpað og almenningur sá ofstækisfulla hegðun hans með eigin augum.





**UNGUR Í ANDA** Valtýr Björn segir skipta höfuðmáli að lifa lífinu lifandi á meðan maður er hérna megin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekkert skelfileg upplifun, er bara hissa

**Valtýr Björn Valtýsson íþróttafréttamaður er fimmtugur í dag. Hann ætlar að bregða sér í ferðalag í tilefni tímamótanna en neitar að gefa upp hvert. Aldurinn leggst vel í hann og hann segist vera ungur í anda, hvað sem segja megi um útlitið.**

Þegar fólk les þetta er ég á leiðinni úr landi með miklu betri helmingnum,“ segir Valtýr Björn Valtýsson íþróttafréttamaður, spurður hvernig hann hyggist fagna fimmtugasta afmælisdeginum, sem er í dag. Hann vill þó ekki gefa upp hvert ferðinni er heitið, það fái enginn nema mamma hans að vita. Eru þessi tímamót svo skelfileg í hans huga að hann sjái þann kost vænstan að flýja land? „Upplifunin er ekkert skelfileg,“ segir hann. „En ég er svona mátulega hissa. Og ég er ekki að flýja land. Ég kem aftur. Ég kem alltaf aftur.“

Valtýr Björn hefur verið íþróttafréttamaður á Stöð 2 og Bylgjunni eins lengi og menn muna, en hvernig lenti hann í þessu starfi? „Þetta var lítið ævintýri sem hófst á Bylgjunni á Snorrabrautinni árið 1987. Jón Ólafsson réði mig þar með handabandi í Range Rovernum úti á plani.“ Og þar hefurðu verið síðan, eða hvað? „Nei, ekki alveg. Það kom smá útúrdúr á síðasta áratug þegar ég fór aðeins á flakk. Vann á blöðum, seldi fasteignir og fleira. En íþróttafréttamennskan er mínar ær og kýr. Það eru forréttindi að fá að starfa við áhugamálið. Auk þess eru hér frábærir vinnufélagar og góður andi. Það er bara ekkert neikvætt við þetta starf. Hver vinnudagur er hrein skemmtun.“

Hefurðu sjálfur verið í íþróttum? „Já, já, ég er gamall Framari. Er reyndar fæddur og uppalinn á Eskifirði en flutti í Kópavoginn tólf ára gamall og fór þá að spila fótbolta með Fram.“

Hvers vegna spilaðirðu með Fram ef þú bjóst í Kópavoginum? „Faðir minn heitinn var mikill Framari og gamall Íslandsmeistari og hann skráði mig í Fram og keyrði mig á æfingar þangað svo ég mætti nú örugglega.“

Og náðirðu einhverjum frama í fótboltanum? „Nei, mínum frama lauk á skurðarborðinu eftir hnémeiðsli sem ollu því að mér var bannað að spila fótbolta framar. Þannig endaði sá draumur.“

> **Mínum frama lauk á skurðarborðinu eftir hnémeiðsli sem ollu því að mér var bannað að spila fótbolta framar. Þannig endaði sá draumur.**

Talandi um drauma, eru einhverjir draumar óuppfylltir á þessum tímamótum? „Já, já, maður á eftir að upplifa ýmislegt. Spila golf á St. Andrews, hitta hina og þessa og ýmislegt í þeim dúr. Það kannski verður aldrei, en það skiptir máli að lifa lífinu lifandi og njóta þess á meðan maður er hérna megin á þessu tilvistarstigi.“

Og þú átt von á því að verða í íþróttafréttunum fram til sjötugs? „Ég veit það nú ekki endilega. Það er allt önnur Ella. Maður gæti tekið upp á einhverju allt öðru í framtíðinni. Ég er enn svo ungur í anda þótt ég ætli ekki að fullyrða neitt um útlitið.“

fridrikab@frettabladid.is

netto
Kræsingar & kostakjör



# LAMBAHRYGGUR
LANGSKORINN

## VERÐSPRENGJA!

30% AFSLÁTTUR

**1.392**
ÁÐUR 1.989 KR/KG

---

**GOÐI GRILLBORGARAR**
4STK M/BRAUÐI
**698**
ÁÐUR 895 KR/PK

GOÐI



**GOÐI GRÍSARIF**
BBQ
**1.499**
ÁÐUR 1.998 KR/KG



25% AFSLÁTTUR

**GOÐI GRÍSAKÓTILETTUR**
LÉTTREYKTAR/HUNANG
**1.769**
ÁÐUR 2.359 KR/KG



25% AFSLÁTTUR

**GOÐI LAMBASÚPUKJÖT**
BLANDAÐ
**766**
ÁÐUR 957 KR/KG



GOÐI

**GOÐI GRILLPYLSUR**
BRATWURST 330 G
**499**
ÁÐUR 587 KR/PK



---

**ÖMMUBOLLUR - FISKIBOLLUR**
800G
**599**
ÁÐUR 798 KR/PK



25% AFSLÁTTUR

**FISKUR Í ORLYDEIGI**
800G
**1.188**
ÁÐUR 1.398 KR/PK



**ALIFUGLAHAKK**
FROSIÐ/600G
**349**
ÁÐUR 585 KR/PK

ÍSFUGL




40% AFSLÁTTUR

**SÆTAR KARTÖFLUR**
**164**
ÁÐUR 327 KR/KG



50% AFSLÁTTUR

---

**BERLÍNARBOLLA**
BAKE OFF
**99**
ÁÐUR 198 KR/STK



50% AFSLÁTTUR

**GREEN &BLACK LÍFRÆNT SÚKKULAÐI**
DÖKKT/MJÓLKUR/HVÍTT/MÖNDLU 100G
**285**
ÁÐUR 379 KR/STK



25% AFSLÁTTUR

**SUNPRIDE ÁVAXTADRYKKIR 1L**
EPLA/TRÖNUBERJA/APPELSÍNU/BLANDAÐ
**149**
ÁÐUR 199 KR/STK



25% AFSLÁTTUR

**OKKAR HJÓNABANDSÆLA**
**539**
ÁÐUR 899 KR/STK



40% AFSLÁTTUR

**Tilboðin gilda 2.maí - 5.maí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** í röð, **8.** sauðagarnir, **9.** mærð, **11.** komast, **12.** lína, **14.** eftirgjöf, **16.** fisk, **17.** dvelja, **18.** flan, **20.** númer, **21.** steintegund.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** tveir eins, **4.** vitnisburður, **5.** hamfletta, **7.** neðsta lag, **10.** af, **13.** svelg, **15.** kropp, **16.** geislahjúpur, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** áb, **8.** vil, **9.** lof, **11.** ná, **12.** strik, **14.** náðun, **16.** ál, **17.** una, **18.** ras, **20.** nr, **21.** agat.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** vv, **4.** einkunn, **5.** flá, **7.** botnlag, **10.** frá, **13.** iðu, **15.** nart, **16.** ára, **19.** sa.






# Umburðarlyndi

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**UMBURÐARLYNDI** er einn af mínum helstu kostum. Ég er umburðarlyndur maður og ég geri umburðarlyndi hátt undir höfði í skoðunum mínum til lífsins. Umburðarlyndi er birtingarmynd samkenndar og samúðar. Það erum við umburðarlynda fólkið sem höldum þjóðfélaginu saman. Ef ekki væri til umburðarlynt fólk eins og ég þá væri hér hver höndin upp á móti annarri. Ég er stoltur af sjálfum mér því ég er ekki þrjóskur og þröngsýnn eins og flestir. Ég er umburðarlyndur.

**EN** ég þoli ekki Framsóknarflokkinn, Eurovision, Crocs-skó, Bíladaga á Akureyri, Hamborgarafabrikkuna, grenjandi krakka, verðtryggingu, gula bíla, athyglissýki, sértrúarsöfnuði, Bylgjuna, öryggisleitarhlið á flugvöllum, vegasjoppur úti á landi, hunda, rapp, raunveruleikasjónvarp, U2, FM, B5, Korputorg, fólk á kommentakerfum, lottó, póker og hvers konar innleiðingu á erlendum hefðum eins og hrekkjavöku og Valentínusardegi í þágu markaðs- og gróðahyggju. Ofangreint get ég ekki umborið. Að öðru leyti er ég umburðarlyndur.

**NEMA** náttúrulega ef við erum að tala um jólatónleika, smálánafyrirtæki, illa máli farna íþróttafréttamenn, sjálfselsku, íslensku krónuna, maraþonhlaup, auglýsingar um MBA-nám, sveitaböll, kántrítónlist, símasölumenn, dagskrána á RÚV, ljósabekki, Þjóðkirkjuna, Fálkaorðuna, stafsetningarvillur, SÁÁ, LÍÚ og önnur frek hagsmunasamtök, arkitektúr frá 10. áratugnum og að heyra íslenska tungu við lendingarhlið flugvalla eftir nokkurra daga ferð í útlöndum. Ofangreint get ég ekki umborið. En fyrir utan það er ég umburðarlyndur.

**EN** að sjálfsögðu hata ég sægreifa, bankaplebba, erlenda hrægamma, stjórnmálamenn, öfgafemínista, kaffiþambandi listamenn, líkamsræktarfrömuði, bótaþega, lögfræðinga, presta, heilara, hagfræðinga og atvinnumenn í fótbolta sem kunna ekki að skora. Að sjálfsögðu hata ég fólk sem talar of hægt og fólk sem talar of hratt. Að sjálfsögðu hata ég fólk sem talar um eitthvað sem mér finnst vera kjaftæði. Að sjálfsögðu hata ég 90% þjóðarinnar. Að sjálfsögðu hata ég alla sem eru ekki umburðarlyndir og með nákvæmlega sömu skoðun og ég. Slíkt get ég ekki umborið.

**Í** samfélaginu er margt sem þarf að laga. En sem betur fer er til umburðarlynt fólk eins og ég. Sem betur fer er ég umburðarlyndur!

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



PIPAR\TBWA SÍA - 122624

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?




# Svona er menningar-lífið á Ásbrú

Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.

Nánari upplýsingar á www.asbru.is.

ÁSBRÚ




Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is









**SIGURBJÖRG ÞRASTARDÓTTIR** Hún segir innihald ljóða sinna hafa fallið ótrúlega vel að efni hinna skáldanna en það hafi verið spegilslétt tilviljun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Háskinn lofsunginn í nýrri tímaritröð

**1005 er tímaritröð sem kemur út 10. maí næstu þrjú ár, fyrst nú árið 2013. Í hverri útgáfu eru þrjú hefti í einni kápu eftir jafnmarga höfunda. Sigurbjörg Þrastardóttir er meðal þeirra skálda sem ríða á vaðið.**

„Þetta verður nokkurs konar bókapakki, fólk opnar kápu sem á stendur 1005 og þar innan í eru – lausar hver frá annarri – þrjár bækur, þannig að ef þrjár manneskjur eru í heimili geta þær lesið hver sína bókina samtímis,“ segir Sigurbjörg Þrastardóttir, rithöfundur og skáld, þegar hún er spurð út í hina nýju tímaritröð 1005 sem kemur út í fyrsta sinn 10. maí.

„Það eru vinir og félagar úr bókabransanum, nokkrir höfundar og nokkrir bókmenntafræðingar sem koma að þessari útgáfu,“ heldur Sigurbjörg áfram. „Þegar þeir Hermann Stefánsson, Jón Karl Helgason og Þröstur Helgason höfðu samband við mig voru þeir byrjaðir að leggja línurnar, þeir buðu mér að vera með og ég lagði fram ljóðahandrit sem þeir tóku fagnandi.“

Auk ljóðabálks Sigurbjargar, sem nefnist Bréf frá borg dulbúinna storma, eru í pakkanum Hælið, glæpasaga um geðveiki eftir Hermann Stefánsson og Bautasteinn Borgesar, fræðigátubók eftir Jón Hall Stefánsson. Sigurbjörg segir innihald ljóða hennar hafa fallið ótrúlega vel að efni hinna skáldanna en það hafi verið spegilslétt tilviljun. „Ljóðin mín tengjast sterklega Argentínu, bók Jóns Halls fjallar um legstein hins argentíska rithöfundar Borgesar og í bók Hermanns er líka minnst á Borges. Þetta var bara í stjörnunum. Borges er sjálfur frægur fyrir að skrifa sögur þar sem allt tengist á dularfullan hátt þannig að þetta á vel við.“

Svona hlutir gerast á öld sköpunarkraftsins og skáldskaparins, sem nú ku runnin upp ef marka má stefnuyfirlýsingu nýju útgáfunnar. Þar stendur meðal annars að tímaritröðin 1005 sé vettvangur fyrir metnaðarfull og róttæk skrif, háskinn verði lofsunginn og fæð lögð á pólitískan einhug samtímans.

Um útlit og umbrot 1005 sér Ragnar Helgi Ólafsson. „Þetta er svolítið sérstök umgjörð hjá Ragnari Helga, sem er myndlistarhugurinn í hópnum. Hann þurfti til dæmis að sérpanta teygjur með gámi frá Ameríku og ég veit ekki hvort þær eru komnar,“ segir Sigurbjörg glaðlega. „Þetta er þannig ekki venjulegt tímarit, heldur kápa með teygju utan um þrjú verk. En það er hins vegar tímarit í þeim skilningi að það á að koma út á hverju ári í þrjú ár og alltaf 10. maí.“

En af hverju bara í þrjú ár? „Ja, Þröstur er sérfræðingur í íslenskum menningartímaritum og hann segir að hefðin sé sú að líftími nýstárlegra menningartímarita sé stuttur. Þess vegna sé betra að gefa upp stuttan útgáfutíma en láta líta út fyrir að þau gefist upp,“ segir Sigurbjörg til skýringar.

Útgefandi tímaritsins er Kind, en ritstjórn er í höndum allra þeirra sem að ofan eru taldir auk Eiríks Guðmundssonar og Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur. Söfnun áskrifenda stendur yfir. Netfangið er 1005.timaritrod@gmail.com og fésbókarsíðan heitir 1005.Tímaritröð.

Nafn tímaritsins á að vera eilífðargáta, að sögn Sigurbjargar. „Það má alls ekki gefa upp allar merkingar nafnsins en ein er sú að ritið kemur alltaf út 10. maí.“ gun@frettabladid.is




**1005** Kemur út 10 maí næstkomandi.




# BIOTHERM KYNNING

## Í LYFJU LÁGMÚLA OG LAUGAVEGI

FIMMTUDAGINN 2. TIL LAUGARDAGSINS 4. MAÍ.

**20% afsláttur af öllum BIOTHERM vörum á kynningu.**

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 7.900 kr. eða meira.

- Aquasource dagkrem 15 ml
- Aquasource næturkrem 15 ml
- Kornahreinsir fyrir andlit 20 ml
- Andlitsvatn 20 ml
- Biocils augnfarðahreinsir 30 ml
- Biotherm snyrtibudda

*Gildir meðan birgðir endast á kynningu. Gildir ekki með öðrum tilboðum.




LYFJA
- Lífið heil

Lágmúla 5 – sími 533 2309 · Laugavegi 16 – sími 552 4045



**EINU SINNI FRÆGIR** Aðalsteinn, Þráinn og Gestur Einar leika sjálfa sig í sýningunni sem tengist leikferli þeirra. MYND/HEIÐA.IS

# Gamlir geðstirðir leikarar að norðan

## Leiksýningin Ég var einu sinni frægur hefur verið sýnd 30 sinnum á Norðurlandi. Sýningin verður í Þjóðleikhúskjallaranum um helgina.

Þráinn Karlsson (74), Aðalsteinn Bergdal (64) og Gestur Einar (63) hafa í vetur túrað á hljómsveitarrútu milli bæja á Norðurlandi og sýnt sýninguna Ég var einu sinni frægur í öðru hverju samkomuhúsi á svæðinu. Um helgina verða þeir í Þjóðleikhúskjallaranum og sýna þar annað kvöld og á laugardagskvöldið.

„Þetta er verk um gamla geðilla leikara sem halda að þeir séu virtir, dáðir og sívinsælir. Þeir hittast í ferð eldri borgara á Kanarí og Gestur Einar heldur því fram að hann sé fararstjóri, Alli Bergdal segist vera þarna til að skemmta gamla fólkinu en Þráinn er einfaldlega einn af gamlingjunum,“ segir leikstjórinn Jón Gunnar Th.

Sýningin Ég var einu sinni frægur var frumsýnd í nóvember á síðasta ári í Ketilhúsinu á Akureyri. Ætlunin var að sýna nokkrar sýningar og gera upp leikferilinn. Nú eru sýningarnar orðnar þrjátíu talsins og leikararnir hafa komið við á Þórshöfn, Vopnafirði, Raufarhöfn, Breiðumýri, Hrísey, Blönduósi, Hólmavík, Skagaströnd og Varmahlíð. Fyrir hverja leikferð fara tveir leikaranna í athugun upp á spítala til að athuga með stöðuna á blóðþykktinni áður en haldið er af stað. **- fsb**

# Nýr tónleikasalur

TÓNLIST ★★★

**Hljómeyki flutti tónlist eftir Ligeti og Jón Nordal**
**Stjórnandi:** Marta Guðrún Halldórsdóttir
**HANNESARHOLT 29. APRÍL**



**HLJÓMEYKI** Hljóðberg hentar ekki kór að mati gagnrýnanda.

Í kvikmyndinni The Great Dictator leikur Charlie Chaplin Hitler. Hann heldur ræðu sem kallar á tryllt fagnaðarlæti. Þegar hann vill halda áfram bandar hann út hendinni og þá dettur allt í dúnalogn. Það gerist svo snögglega að það er drepfyndið.

Mér datt þetta í hug á tónleikum kórsins Hljómeykis í nýjum tónleikasal sem ber heitið Hljóðberg. Hann er í Hannesarholti við Grundarstíg 10. Húsið var byggt árið 1915 fyrir Hannes Hafstein, fyrsta ráðherra þjóðarinnar. Salurinn var vígður fyrir nokkrum dögum, en tónleikar Hljómeykis voru þeir fyrstu sem ég sæki þangað. Þetta er sjarmerandi salur, sem tekur um sjötíu manns, líflegur og bjartur. Hljómburðurinn á tónleikunum var þó býsna dauflegur. Meira að segja sterkir hljómar hurfu á örskotsstundu þegar kórinn lokaði munninum. Rétt eins og í The Great Dictator. Það var bókstaflega engin endurómun.

Nú er ég ekki að segja að Hljóðberg sé ómögulegur salur. Til að meta hann almennilega þarf maður að fara á fleiri tónleika með mismunandi tónlist. Það getur til dæmis verið að píanóleikur hljómi þar ágætlega. En lítill kór þarf meiri hljóm og glans.

Kórinn söng a cappella eins og það er kallað, án undirleiks. Á efnisskránni voru verk eftir Jón Nordal og ungverskar þjóðlagaútsetningar eftir Ligeti. Einnig var flutt lagið Einsemd við ljóð eftir Sándor Weöres eftir síðarnefnda tónskáldið.

Þjóðlagaútsetningarnar voru hér í íslenskri þýðingu Gunnsteins Ólafssonar, og þar hefur greinilega verið vandað til verka. Engu að síður spurði ég sjálfan mig af hverju kórinn söng ekki bara á ungversku. Í söng er tungumálið hluti af tónlistinni; lag á íslensku hljómar allt öðruvísi ef það er sungið á ungversku. Hljóðfall og hljómblær þessara tungumála er svo ólíkur. Þrátt fyrir prýðilegan söng glataðist einhver sjarmi við að syngja á íslensku.

Kórinn var þó vel samstilltur, bæði í Ligeti og í þremur þjóðlagaútsetningum, Kveðið í bjargi og Vori eftir Jón Nordal. Söngurinn var kraftmikill og litríkur, fínleg blæbrigði voru fallega mótuð, túlkunin ávallt sannfærandi. Einsöngur Hildigunnar Rúnarsdóttir í aukalaginu eftir Jón Nordal kom vel út.

Auðvitað heyrði maður einhverja hnökra; mest áberandi voru dálítið óhreinir tenórar snemma á tónleikunum. Einstaka innkomur voru líka ekki alveg nákvæmar. En í stærri sal hefði maður ekki tekið eftir svoleiðis. Í litlum hljómburðinum heyrðust hnökrarnir hins vegar of vel. Það var hálfóþægilegt.

Það verður spennandi að heyra eitthvað allt annað næst í Hannesarholti. Þetta er vissulega heillandi hús og tónleikasalurinn er flottur útlits. Synd ef hann verður ekki notaður.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Hljómeyki söng fallega, en hljómburðurinn í nýjum tónleikasal í Hannesarholti hentaði kórnum illa.



# Óskalög Sjómanna





## Stórtónleikar í Hörpu 1. júní kl. 17 og 21

Í tengslum við Hátíð hafsins í Reykjavík og í tilefni af 100 ára afmæli Reykjavíkurhafnar og 75 ára afmæli sjómannadagsins verða seglin þanin í Hörpu laugardaginn 1. júní og vinsælustu sjómannalögin okkar flutt af úrvali tónlistarmanna.






**Einstakur viðburður sem enginn má missa af.**
Miðasala hefst í dag kl. 12.00 á midi.is, harpa.is og í síma 528 5050.

## Verð frá 1.990 kr.

Þeir sem standa að Hátíð hafsins í Reykjavík eru Faxaflóahafnir og Sjómannadagsráð

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

SJÓMANNADAGURINN

HÁTÍÐ HAFSINS
1.-2. júní 2013
www.hatidhafsins.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 2. MAÍ 2013**

### Námskeið

**20.00** Hjörtur Þorbjörnsson forstöðumaður og Jóhanna Þormar garðyrkjufræðingur fjalla um helstu aðferðir og vandamál sem upp geta komið við ræktun lauk- og hnýðisplantna upp af fræi, en í Grasagarðinum í Laugardal hefur náðst góður árangur í slíkri ræktun.

### Tónlist

**22.00** Sara Blandon, Eðvarð Lárusson og Magnús Einarsson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

### Fyrirlestrar

**12.00** Maria de Fátima Marinho, prófessor í portúgölskum bókmenntum Háskólans í Portó í Portúgal og Isabel Pires de Lima, prófessor við sama háskóla, halda fyrirlestra um portúgalskar samtímabókmenntir í fyrirlestrasal 132 í Öskju.

### Myndlist

**10.00** Sýning Rósu Sigrúnar Jónsdóttur Andlit Esju opnar í SÍM salnum, sal Sambands íslenskra myndlistarmanna. Sýningin stendur út maímánuð.

**12.15** Í tengslum við sýninguna Flæði hefur Listasafn Reykjavíkur kallað eftir aðstoð frá hópi fólks að velja sér uppáhaldsverkið sitt á sýningunni. Á Kjarvalsstöðum í dag segir Toshiki Toma, prestur innflytjenda, frá vali sínu á verki vikunnar í samtali við gesti safnsins.

**17.00** Sjónvarpsserían Vinkonur eftir Dagrúnu Aðalsteinsdóttur verður sýnd í síðasta sinn á Listasafni Reykjavíkur (Tryggvagötu 17) kl. 17.00 og 18.00 með íslenskum texta, 17.30 og 18.30 með enskum texta.

**17.00** Sýningin Teiknað opnuð í dag í Norræna húsinu. Á henni sýnir hópur tólf listamanna frá Svíþjóð teikningar. Sýningin stendur til 26. maí.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



**Í BLÓMA** Hundaskógarlilja í Grasagarðinum.





**ÓVENJULEGUR ÍSBÍLTÚR** Ilmur og Davíð Þór prufukeyrðu strætóinn á dögunum með fjölskylduna í bílnum. MYNDIR/JÓN PÁLL EYJÓLFSSON

# Keypti sér strætó

**Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona tók meiraprófið á dögunum eftir að hafa keypt sér strætisvagn. Ástæðan er fyrirhuguð uppákoma hennar og Davíðs Þórs Jónssonar á Listahátíð í Reykjavík þar sem gestir hlusta á Davíð Þór leika á flygil í strætó sem Ilmur stýrir. Skemmtilegt vesen segir Ilmur.**

„Hugmyndin var að ég væri að gera það sem mér þykir skemmtilegt, að keyra bíl. Og Davíð það sem honum þykir skemmtilegt, að spila,“ segir Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona, en hún og Davíð Þór Jónsson píanóleikari leiða saman hesta sína á Listahátíð í Reykjavík með tónleikum sem haldnir verða í gömlum strætisvagni, eða flygilrútu eins og ökutækið er nefnt í dagskrá Listahátíðar. Hugmyndin á bak við þessa óvenjulegu tónleika er gömul, segir Ilmur. „Þetta er í rauninni framhald af þeim verkefnum mínum sem hafa snúist um að stökkbreyta hlutum í hljóðfæri, hárþurrku í blokkflautu, strauborði í selló og svo framvegis. Ég fékk svo þessa hugmynd fyrir löngu að leyfa Volkswagen-bjöllu og flygli að renna saman í einn hlut. Það hins vegar gekk ekki upp, bjallan var of lítil. Við Davíð Þór förum svo að leggja drög að því að finna rútu og setja í hana flygil og bjóða upp á tónleika þar sem hann spilaði en ég keyrði,“ segir Ilmur, sem segir þau Davíð hafa verið staðráðin í því síðasta sumar að láta verða af verkefninu. Það hafi hins vegar reynst þrautin þyngri að finna farartækið.



„Það tók mig hálft ár að finna ökutæki. Ég var alltaf að tala um að mig vantaði rútu og loks bar það árangur þegar Jón Atli Jónasson sagði mér frá gömlum strætisvagni sem væri í einkaeigu í Mosfellsbæ og hefði meðal annars verið notaður til að keyra gesti á Airwaves um í kynningarferð um íslenska tónlistarsögu. „Ég hringdi í eigandann og ætlaði upphaflega að athuga hvort hann væri til í að lána mér það sem reyndist vera gamall strætisvagn. Hann var ekki til í það en var til í að selja mér vagninn á svo hagstæðu verði að ég sló til. Og átti þá allt í einu strætó. Þá vantaði mig bara meirapróf þannig að ég dreif mig í Nýja ökuskólann og tók það.“

➜ Efnisskráin á tónleikunum í flygilrútu Ilmar og Davíðs Þórs er allt frá klassískri píanótónlist til sígunasöngls.

Ilmur segir strætóinn svo flottan að lítið þurfi að gera við hann. „Það verður samt svona barokk-rókókóþema og þess vegna ætlum við að vera með kristalsljósakrónu og rauðan dregil í vagninum. Ég hlakka mest til þess að heyra hvað Davíð Þór mun spila í beygjunum,“ segir Ilmur og hlær. „Við tókum prufutúr um daginn, buðum fjölskyldunni í ísbíltúr og það var mjög skemmtilegt. Þá spilaði Davíð Þór reyndar bara á banjó, því flygillinn var ekki kominn inn í vagninn.“

Ilmur segir dásamlegt að eiga strætó. „Þetta er búið að vera geðveikt vesen og ótrúlega skemmtilegt. Ég hef ekki talað um annað en kælivökva og smurolíu undanfarið. Fjölskyldan er kannski frekar hissa, Valur [Freyr Einarsson, eiginmaður Ilmar] veit eiginlega ekki hvaðan á hann stendur veðrið,“ segir Ilmur að lokum.

Haldnir verða þrennir tónleikar í rútunni, 19. maí, 26. maí og 31. maí.

sigridur@frettabladid.is


## Vinsælasti bíll heims á enn betra verði
FORD **FOCUS** TREND EDITION

Ford Focus, söluhæsti bíll í heimi árið 2012, er nú fáanlegur í nýrri útfærslu. 16“ álfelgur eru undir bílnum og sérstakt Trend Edition áklæði á sætum. Loftkæling, öflug aksturstölva, regnskynjari í framrúðu og blátannarbúnaður eru einnig til staðar. Til viðbótar hefur verið hugað að fjölmörgum praktískum atriðum, svo sem sjálfvirkri dimmingu á baksýnisspegli og sniðugri hurðavörn. Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér vinsælasta bíl heims árið 2012.

**FORD FOCUS TREND EDITION 5 DYRA FRÁ 3.390.000 KR.**
**FORD FOCUS TREND EDITION STATION FRÁ 3.540.000 KR.**




FORD **FOCUS**
TREND EDITION
FRÁ
**27.447** KR./MÁN

ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Focus Trend Edition 5 dyra, 1,0 EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.750.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,60%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# ALLT Í GARÐINN
# TAX FREE*

**Garðplöntur • Áburður og gróðurmold**
**Hekkklippur • Garðverkfæri**
**Háþrýstidælur • Hjólbörur • Garðleikföng**
**Trampolín • Garðhúsgögn**




blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

*Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

DYNAMO REYKJAVÍK



## TÓNNINN GEFINN

Freyr Bjarnason

# Spotify gegn ólöglegu niðurhali

Tónlistarveitan Spotify virðist hafa hitt vel í mark hérlendis, eins og hún hefur reyndar gert úti um víða veröld. Það kemur ekki á óvart enda er þetta notendavæn síða sem veitir manni auðveldan aðgang í tölvum og símum að tónlist víðs vegar að úr heiminum. Þó svo að bæði Bítlana og Led Zeppelin vanti enn þarna inn er um nóg bitastætt að velja. Meira að segja Metallica, sem lengi hefur litið slíkar veitur hornauga, er með efnið sitt þarna. Íslensk tónlist er að sjálfsögðu einnig hluti af síðunni.



Með tónlistarveitum eins og Spotify, þar sem hægt er að streyma tónlist í gegnum netið, annaðhvort ókeypis eða gegn frekar vægu gjaldi, hlýtur að draga stórlega úr tilhneigingu tónlistaráhugamanna til að hala ólöglega niður efni af skráaskiptasíðum. Lengi hefur verið leitað leiða til að sporna við þeirri þróun og vel hannaðar tónlistarveitur eins og Spotify hljóta að beina fólki í áttina frá ólöglega niðurhalinu.

Það er annars eitthvað heillandi við að geta valið nánast hvaða tónlist sem manni dettur í hug og spilað hana í símanum sínum eða tölvunni hvar og hvenær sem er án þess að þurfa að hala efninu niður á undan. Manni líður eiginlega eins og krakka í leikfangabúð þar sem ótakmarkað magn af æðislegum leikföngum er í boði. Já, þessi tækni nú til dags er svo sannarlega ótrúleg.

## Í spilaranum







**Jimi Tenor og Hjálmar** - Dub of Doom
**Eurovision Song Contest** - We Are One
**Savages** - Silence Yourself


Síðustu sætin í vor

Golfferð til

Costa Ballena á Spáni

9. maí í 8 nætur

Frá kr. 165.000

með hálfu fæði á mjög góðu 4 stjörnu hóteli

Hotel Barcelo Costa Ballena ****

Kr. 165.000

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í herbergi með hálfu fæði í 8 nætur.
Verð m.v. gistingu í einbýli kr. 185.000

**Innifalið er:** Flug, flugvallarskattar, flutningur á golfsetti, gisting á Barcelo Costa Ballena**** með hálfu fæði. Ótakmarkað golf í 7 daga + komudag, golfkerrur og æfingaboltar.

**Ferðtilhögun:** Flogið út í beinu flugi frá Keflavík til Jerez (ca. 25 mín akstur til Costa Ballena) að morgni 9. maí. Heimflug frá Sevilla með Easy Jet kl. 10:25 þann 17. maí með millilendingu í London Gatwick. Þaðan er svo flogið kl. 14.35 með Wow air til Íslands með lendingu kl. 16:35.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




**JEHNNY BETH** Söngkona Savages á tónleikum. Fyrsta plata hljómsveitarinnar er á leiðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Frumstæður kraftur

Fyrsta plata pönksveitarinnar Savages, Silence Yourself, kemur út í næstu viku.

Enska pönksveitin Savages gefur út sína fyrstu plötu, Silence Yourself, á vegum Matador í næstu viku og samkvæmt erlendum tónlistarsíðum er eftirvæntingin eftir henni mikil.

Þessi kraftmikla sveit var stofnuð í London árið 2011 og er skipuð fjórum konum, bassaleikaranum Ayse Hassan, gítarleikaranum Gemmu Thompson, trommaranum Faye Milton og söngkonunni Jehnny Beth.

Fyrstu tónleikar Savages voru á síðasta ári þegar sveitin hitaði upp fyrir British Sea Power í Brighton. Eftir að myndband frá tónleikum sem voru haldnir í London fór eins og eldur í sinu um netið fór bandið að vekja verulega athygli. Tónlistinni var lýst sem síðpönki; einhvers konar blöndu af hljómsveitunum The Birthday Party, Killing Joke, Mission of Burma og The Slits. Í árlegri könnun BBC var Savages tilnefnd sem ein af þeim hljómsveitum sem fólk ætti að fylgjast með árið 2013.

Í viðtali við bandarísku vefsíðuna Pitchfork segir Thompson nafnið Savages vera undir áhrifum frá bókum sem hún las í æsku eins og Lord of the Flies og The Catcher in the Rye. „Á einhverju tímabili heldur maður að allir viti hvað er í gangi og hvernig hlutirnir eiga að vera. Síðan áttarðu þig á því að allir eru að þykjast. Ég man þegar ég sat í lest og áttaði mig á því að ef heimsendir yrði þá myndum við byrja að haga okkur aftur eins og dýr. Í myrkri sýn minni sá ég fólk rífa hvert annað í sig,“ sagði hún.

Í sama viðtali sagðist söngkonan Beth hafa lagt upp með að semja ágeng og ofbeldisfull lög í stað ástarlaga. Hún hlustaði mikið á Black Sabbath og heillaðist af því hversu sterk lögin voru. Einnig las hún ljóð um síðari heimsstyrjöldina frá sjónarhóli Englendinga sem bjuggu í Frakklandi og fékk innblástur þaðan.

Silence Yourself var tekin upp á aðeins þremur vikum í London og er einungis 38 mínútna löng. Platan byrjar óvenjulega, með tali úr kvikmyndinni Opening Night frá árinu 1977 eftir John Cassavetes: „The world used to be silent / Now it has too many voices.“

Í dómi á vefsíðu tímaritsins Clash fær platan 9 af 10 mögulegum í einkunn. Þar segir að hljómsveitinni hafi tekist að fanga kraftinn frá tónleikum sínum og færa yfir á plötuna. Silence Yourself sé nútímalegt og reitt meistarastykki.

freyr@frettabladid.is

## Þreytt á áreiti nútímans

Savages segist í yfirlýsingu á vefsíðu sinni vera þreytt á öllu áreiti nútímans. Hljómsveitin hvetur fólk einfaldlega til að halda kjafti og hlusta, enda heitir upphafslag plötunnar Shut Up. Hún mælir með því að fólk leiti innra með sér að hinum frumstæða krafti sem sé svo mikilvægur. Á tónleikum sveitarinnar er mælt með því að engir farsímar séu á lofti. Í staðinn eigi tónleikagestir að einbeita sér að því að njóta tónlistarinnar og upplifunarinnar í heild sinni.

## 25.4.2013 ➜ 1.5.2013

### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Retro Stefson | She Said |
| * | 2 | Daft Punk / Pharrell | Get Lucky |
| ▲ | 3 | Valdimar | Beðið eftir skömminni |
| ▼ | 4 | Pink / Nate Ruess | Just Give Me a Reason |
| ▼ | 5 | Justin Timberlake | Mirrors |
| ▼ | 6 | Christina Aguilera / Pitbull | Feel This Moment |
| ▲ | 7 | Bruno Mars | When I Was Your Man |
| ▶ | 8 | Phillip Phillips | Gone, Gone, Gone |
| ▲ | 9 | Sigur Rós | Brennisteinn |
| ▼ | 10 | Christina Agui./Blake Shelton | Just a Fool |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 2 | Ýmsir | Tíminn flýgur áfram |
| ▲ | 3 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▲ | 4 | Of Monsters and Men | My Head Is an Animal |
| ▼ | 5 | John Grant | Pale Green Ghosts |
| ▲ | 6 | Valdimar | Um stund |
| ▲ | 7 | David Bowie | The Next Day |
| ▼ | 8 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| ▲ | 9 | Hjaltalín | Enter 4 |
| ▲ | 10 | Moses Hightower | Önnur Mósebók |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.







**Happy people möndlur – ýmsar bragðtegundir.**
Hollt og bragðgott lífrænt snakk.
KAUPIR TVO OG FÆRÐ EINN POKA FRÍAN.

**Vítamín og bætiefni**
Solaray, Guli miðinn og
Higher Nature.
20% AFSLÁTTUR

# BREYTT OG BÆTT HEILSUHÚS Á SMÁRATORGI

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ




**Amé**
**Lífrænn gosdrykkur í veisluna.**
3 bragðtegundir.
20% AFSLÁTTUR




**Yogi te**
Fjölmargar
tegundir sem kitla
bragðlaukana.
25% AFSLÁTTUR

GLÆSILEGUR KAUPAUKI




**Vivani**
Lífrænt
lúxus súkkulaði.
KAUPIR TVÖ OG
FÆRÐ EITT FRÍTT MEÐ.




**Mádara**
Ef þú kaupir fyrir 8.000 kr. eða meira í Mádara línunni
færðu deodorant að verðmæti 3.139 kr. í kaupbæti.

**Heilsuhúsið**
1979

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

LAUGAVEGI | LÁGMÚLA | KRINGLUNNI | SMÁRATORGI | SELFOSSI | AKUREYRI | REYKJANESBÆ

ÍSLENSKA SIA.IS HLS 63956 05/13

## KVIKMYNDARÝNI



★★★★☆
**Iron Man 3**
„Besta mynd seríunnar.“

★★★☆☆
**Falskur fugl**
„Áhugavert en óþægilegt unglingadrama.“

★★★★☆
**Oblivion**
„Oblivion stendur vissulega á öxlum forfeðra sinna, en hún gerir það bara svo vel.“

★★★☆☆
**G.I. Joe: Retaliation**
„Bjánaleg en fer langt á sjarmanum.“

★★★☆☆
**Snitch**
„Fínasta spennumynd sem skilur þó ekkert sérlega mikið eftir sig.“

# Lokakvöld Svartra sunnudaga í nánd

### Tvær költmyndir sýndar á lokakvöldinu í Paradís.

Lokasýning Svartra sunnudaga fer fram næsta sunnudagskvöld. Þá verða sýndar tvær myndir á einni sýningu sem hefst klukkan 20 í Bíó Paradís. Myndirnar eru Jómfrúarvorið eftir Ingmar Bergman og The Last House on the Left eftir Wes Craven.

Myndirnar tvær byggja á sömu sögu; seinni myndin er endurgerð á þeirri fyrri, sem byggð er á sænsku miðaldaljóði.

Hugleikur Dagsson, Páll Óskar Hjálmtýsson, Sigurjón Kjartansson og Sjón standa að Svörtum sunnudögum. Þeir draga sig í hlé yfir sumarið en koma tvíefldir inn í Paradísina í haust.



**HERRA CRAVEN** Mynd eftir Wes Craven verður sýnd.






**HARÐGERÐUR GAUR** Kvikmyndin The Place Beyond the Pines segir frá ökuþórnum Luke Glanton. Ryan Gosling fer með aðalhlutverk myndarinnar.

# Harðgerð en margtuggin harmsaga

### Kvikmyndin The Place Beyond the Pines er frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin skartar gæðaleikaranum Ryan Gosling í einu aðalhlutverkinu.

Luke Glanton er þekktur í heimabæ sínum sem ansi fær ökuþór. Hann starfar sem áhættuökumaður í farandsýningu og dag einn, í bænum Altamont, fær Glanton heimsókn frá fyrrverandi kærustu sinni, Rominu, og þær fréttir að hann eigi með henni son. Glanton ákveður að segja skilið við farandsýninguna, finna sér vinnu í Altamont og rækta samband sitt við soninn. Romina er lítt hrifin af áformum Glantons, þá sérstaklega vegna þess að hún er komin í nýtt samband með manni að nafni Ali. Glanton berst í bökkum fjárhagslega og ákveður að grípa til sinna eigin ráða. Svo hefst myndin The Place Beyond the Pines, en sagan spannar fimmtán ár og fléttar saman sögu þriggja persóna.

Ryan Gosling fer með hlutverk ökuþórsins Luke Glanton og með önnur hlutverk fara Bradley Cooper, Eva Mendez, Rose Byrne, Dane DeHaan og Ray Liotta. Leikstjóri myndarinnar er Derek Cianfrance, en þetta er í annað sinn sem hann og Gosling vinna saman. Áður höfðu þeir leitt saman hesta sína í kvikmyndinni Blue Valentine frá árinu 2010.

Myndin fær góða dóma og lýsir gagnrýnandi Rottentomatoes.com henni á þennan veg: „Þetta er harðgert efni en myndin var hvað hörðust þegar Gosling var á skjánum.“ Annar gagnrýnandi segir söguþráðinn þó margtugginn og ótrúverðugan.

Myndin hlýtur 80 prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes.com og 7,9 í einkunn á vefsíðunni Imdb.com. **- sm**

> ➜ Titill myndarinnar er ensk þýðing á nafni bæjarins Schenectady. Nafnið er komið frá Mohawk-indíánum.

## Hin ólíku andlit Ryan Gosling

Ryan Gosling er fæddur þann 12. nóvember 1980. Hann var ungur að árum þegar hann steig sín fyrstu skref í skemmtanabransanum, en hann kom fyrst fram í barnaþáttunum The Mickey Mouse Club ásamt Justin Timberlake og Britney Spears.

**2002**



**MURDER BY NUMBERS** Gosling lék ungan morðingja í spennumynd sem skartaði þáverandi kærustu hans, Söndru Bullock, í aðalhlutverki.

**2004**



**THE NOTEBOOK** Það var í hlutverki Noah Calhoun sem Gosling vann hugi og hjörtu ungra stúlkna um heim allan.

**2007**



**LARS AND THE REAL GIRL** Gosling bætti tölvert á sig fyrir hlutverk einfarans Lars Lindstrom.

**2010**



**BLUE VALENTINE** Michelle Williams og Gosling fóru á kostum í dramatískri mynd um ástina og skilnað.

**2011**



**CRAZY, STUPID, LOVE** Gosling var heillandi í hlutverki glaumgosans Jacob Palmer.

**2011**



**DRIVE** Hér fór Gosling með hlutverk ónefnds ökuþórs í kvikmynd danska leikstjórans Nicolas Winding Refn.

# DEBENHAMS

# SENSAI

## Sveipaðu húðina bronslitu slöri… úr vatni og silki

Aðaluppistaðan í BRONZING GEL er vatn (70%) og extrakt unnið úr hinu undurfína *Koishimaru-silki.*
BRONZING GEL leggst yfir húðina eins og fislétt slör, sveipar hana gegnsæjum lit,
veitir henni ríkulegan raka og í dagsbirtunni ljómar hún óviðjafnanlega.
BRONZING POWDER, byggt á hinni einstöku rakaþéttniformúlu (Moist Thight-Fit),
laðar samstundis fram afar jafnan, endingargóðan og umfram allt náttúrulegan ljóma húðarinnar,
hinnar óaðfinnanlegu Silky Bronze-húðar.




## Gleðilegt sumar

Í tilefni af hækkandi sól og björtum sumarnóttum er 20% afsláttur af Bronzing gel og sólarpúðrum frá Sensai 2. – 8. maí.
Ef keyptar eru tvær vörur í Sensai fylgir falleg gjöf.



Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

4G

Ofurhraði
ofureinfalt
ofurgott verð!

3 X meiri hraði
en ADSL!




**Netþjónusta fyrir heimili og vinnustaði.**
**Þú stingur bara í samband!**

**4G box**

**1.690 kr.** /mán. í 12 mán.

með þjónustusamningi í áskrift.
Fullt verð í áskrift og frelsi: **2.190 kr.** /mán. í 12 mán.

**4G netþjónusta**

**Fyrsti mánuðurinn á 0 kr.!**

| 15 GB | 50 GB | 100 GB |
|---|---|---|
| **3.990 kr.** | **4.990 kr.** | **5.990 kr.** |

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Verð 1.690 kr. á mánuði í 12 mánuði í gegnum Borgun auk 325 kr. greiðsludreifingargjalds.
Þjónustusamningur í áskrift hjá Nova er til 6 mánaða, greitt með kreditkorti. Nánari upplýsingar á nova.is.
Fyrsti mánuðurinn á 0 kr. í áskrift, skv. þeirri leið sem er valin, en í frelsi 1 GB.





**PRÓA VÖRUR ÚR GEITAMJÓLK** Heather Philip og Berglind Sigmarsdóttir stofnuðu fyrirtækið Geiturnar þrjár ásamt Ragnheiði Sveinþórsdóttur og þróa afurðir geitamjólkur.

# Geiturnar þrjár búa til jógúrt, ís og osta

Geitamjólk getur hentar mörgum þeim sem hafa mjólkuróþol eða -ofnæmi. Geiturnar þrjár ehf. þróa nú vörur úr geitamjólkurdufti til sölu hér á landi.

Geiturnar þrjár ehf. er nýtt sprotafyrirtæki í Vestmannaeyjum. Að fyrirtækinu standa Berglind Sigmarsdóttir, Ragnheiður Sveinþórsdóttir og Heather Philip. Saman ætla þær að þróa ís, jógúrt og osta til framleiðslu úr geitamjólk.

Berglind gaf út bókina Heilsuréttir fjölskyldunnar í fyrra og vinnur nú að framhaldi hennar. Þar mun hún skoða hvernig mataræði hefur áhrif á hegðun barna. Hugmyndin að fyrirtækinu kviknaði í vinnslu bókarinnar. „Ég ræddi við konu sem á dóttur með mjólkuróþol og hún sagði mér frá áhrifum þess að skipta kúamjólkinni út fyrir geitamjólk,“ segir Berglind og vísar til Heather Philip, eins stofnenda Geitanna þriggja, sem hefur flutt inn geitamjólkurduft í talsverðan tíma fyrir dóttur sína. „Duftið er einfaldlega þurrkuð geitamjólk. Engu er bætt í hana né tekið úr. Við ætlum að pakka duftinu í neytendapakkningar og þróa jógúrt, ís og osta til framleiðslu.“ Vörur framleiddar úr geitamjólk geta hentað mörgum þeim sem hafa mjólkuróþol eða -ofnæmi.

Berglind segir að með framleiðslunni vilji þær fyrst og fremst gefa fólki val. „Flestir í heiminum drekka geitamjólk, um það bil 65 prósent íbúa heimsins. Kúamjólkin er í raun bara meira áberandi á Vesturlöndunum.“ Geitaræktun á Íslandi er nokkur en ekki nógu mikil til að mjólkurframleiðsla standi undir sér. „Það væri gaman að skoða það síðar en sem stendur kaupum við duftið að utan. Duftið er vottað með stimpli sem kallast QualiGoat og staðfestir að velferð dýranna sé höfð að sjónarmiði sem og gæði framleiðslunnar.“

halla@frettabladid.is

## Geitamjólk drukkin í mörg þúsund ár



Geitur eru taldar vera elstu tömdu húsdýrin og menn hafa neytt geitamjólkur og afurðum hennar í meira en tíu þúsund ár. Margir ræktendur fjarlægja geithafurinn úr hjörðinni sökum slæmrar lyktar sem getur smitast í mjólkina. Kvenkyns geiturnar lykta aftur á móti ekki.

# Píkan þarf ekki að láta „skvísa“ sig upp

**?** Ég er frekar með hugleiðingu heldur en beint spurningu. Um daginn var ég að versla í matvöruverslun og mig vantaði dömubindi, mín tegund var ekki til svo ég fór að velta fyrir mér úrvalinu og tók eftir að í boði eru dömubindi með lykt. Ég velti því fyrir mér hvaða skilaboð við erum að senda stúlkum um líkamann og blæðingar þegar það er farið að setja blómalykt í bindi. Kannski er ég orðin gömul en þetta þykir mér ekki eðlilegt og myndi gjarnan vilja fá meiri umræðu og gagnrýni á þessi mál.

• • •

**SVAR** Þegar Svört G-strengs dömubindi með blómalykt, ávaxtalyktarsprey fyrir útferð og litur í þremur blæbrigðum af bleikum fyrir barmana. Það er hreint ótrúlegt hvers lags snyrtivörur eru framleiddar fyrir píkuna og allt frekar útlitsmiðað eða ætlað að koma í veg fyrir óþægindi sem hún veldur öðrum. Þetta er ákveðinn liður í þeirri trú að konan sé oft „gölluð“ og þurfi á einhvern hátt að fela gallana eða reyna að bæta upp fyrir þá. Píkan er alveg nógu mikil pæja með sína eigin fylgihluti og þarf ekki snillinga úti í bæ til að skvísa sig upp. Það má svo ekki gleyma því að snyrtivörubransinn er ansi stór og vinnur að því að búa til nýja „þörf“ og vörur sem mæta þessari þörf. Það er því mjög mikilvægt að vera gagnrýninn á snyrtivörur og geta lesið sér til um hvort óæskileg efni séu í þeim og hvað sé í lagi.

Þá er frekar sorglegt að konur sem glíma við lyktarsterka útferð eiga það til að skrúbba píkuna með lyktarsterkri sápu og smúla svo, eins og mörgum ungum stúlkum er kennt að gera. Slík hreinsun getur einmitt raskað náttúrulegri sýklaflóru píkunnar og búið til vandamál sem leiðir af sér illa lyktandi útferð. Píkuna þarf bara rétt að skola með hreinu vatni. Þá á hvorki að vera blómalykt né ávaxtabragð af píkunni. Ef þú trúir mér ekki prófaðu þá að sprauta ilmvatni upp í þig, það er frekar ólystugt og allt annað en kynæsandi. Sama væri upp á teningnum með typpailmefni, ef slíkt væri framleitt. Það er eðlilegt að það sé lykt af kynfærum og tíðablóði en ef þér þykir lyktin óvenju sterk eða að henni fylgir öðruvísi útferð getur verið gott að kíkja til læknis. Svarið er því læknir en ekki ilmsprey. Eins myndi ég mæla með dömubindi sem er úr óbleiktri bómull (og fæst í næstu matvöruverslun) sem er alveg lyktarlaust enda finnst mér tíðablóð og blómaangan vera ansi ógirnileg blanda.



**ANGAN** Tíðablóð og blómaangan er ógirnileg blanda að mati Siggu Daggar.
NORDICPHOTOS/GETTY

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**



Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



Nýdönsk

# FRAM Á NÓTT



**Nýdönsk leikur sín vinsælustu lög**



Hörpu **21**. sept.



Hofi **28**. sept.

Miðasala hefst kl. **12.00** fimmtudaginn **2**. maí
á **miði.is**, **harpa.is** og **menningarhus.is**
Einnig í miðasölu Hörpu, sími **528 5000**
og miðasölu Hofs, sími **450 1000**

PIPAR\TBWA • SÍA

# Úfið hár og frísklegar kinnar

Fatnaðurinn kann að vera í aðalhlutverki á tískuvikunum en mikil vinna fer einnig í hárgreiðslur og förðun fyrirsætanna. Í vor og sumar virðist helst tvennt vera í tísku þegar kemur að hárinu; úfið hár eða vel greitt. Þegar kemur að sumarförðuninni er gott að hafa í huga orðtakið „minna er meira“. Kinnarnar skulu vera frísklegar og varirnar náttúrulegar að lit.

VEL GREITT HÁR


ALEXANDER WANG


JIL SANDER

ÚFIÐ HÁR


PAUL & JOE


BALENCIAGA


**ÚFIÐ HÁR Í TÍSKU** Úfið hár verður í tísku í sumar. Lítið þarf að hafa fyrir slíkri hárgreiðslu.


**VINNUSÖM** Winona Ryder segist þakka hlutverkinu í Beetlejuice fyrir leiklistaráhuga sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

## 25 ár frá Beetlejuice

Leikkonan Winona Ryder fer með hlutverk eiginkonu mafíuforingans Richard Kuklinski í spennumyndinni The Iceman. Leikkonan hefur leikið í fimm kvikmyndum frá endurkomu hennar í Black Swan árið 2011. Hún þakkar hlutverki sínu í Beetlejuice fyrir leiklistaráhuganum, en 25 ár eru síðan hún lék í þeirri kvikmynd.

„Það er skrítið að það sé svo langt liðið því mér finnst ég enn svo náin myndinni. Ég fékk tölvupóst frá Tim [Burton] fyrir stuttu. Ég held að það ríki nokkurs konar nostalgía í kringum þetta tímabil. Mér líður eins og persónunni Lydiu, hefði ég ekki tekið það hlutverk að mér hefði ég líklega ekki endað sem leikkona,“ sagði Ryder í viðtali við Huffington Post.


# NÝJIR TOYOTA BÍLAR TIL SÖLU






MÖGULEIKI Á ALLT AÐ
80% FJÁRMÖGNUN

| | | OKKAR VERÐ | VERÐ FRÁ UMBOÐI |
|---|---|---|---|
| TOYOTA AVENSIS WAGON SOL 2,2 DÍSEL | SJÁLFSKIPTUR | 5.690.000 | 7.250.000 |
| TOYOTA AVENSIS WAGON SOL 2,0 DÍSEL | BEINSKIPTUR | 4.690.000 | 5.380.000 |
| TOYOTA AVENSIS WAGON SOL 1,8 BENSÍN | SJÁLFSKIPTUR | 4.790.000 | 5.380.000 |

EIGUM EINNIG EFTIRFARANDI BÍLA

| | | | |
|---|---|---|---|
| TOYOTA AURIS SOL HYBRID | SJÁLFSKIPTUR | 4.190.000 | 4.790.000 |
| TOYOTA AURIS TERRA DÍSEL | BEINSKIPTUR | 3.080.000 | 3.480.000 |
| TOYOTA YARIS HYBRID SPORT | SJÁLFSKIPTUR | 3.590.000 | 4.040.000 |
| TOYOTA YARIS SOL 1.3 | SJÁLFSKIPTUR | 2.790.000 | 3.180.000 |
| TOYOTA YARIS TERRA 1.0 | BEINSKIPTUR | 2.490.000 | 2.880.000 |
| TOYOTA AYGO 1.0 MEÐ A/C | BEINSKIPTUR | 1.890.000 | 2.290.000 |

STÓRA BÍLASALAN
Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 586 1414 · stora@stora.is


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
GRILLTÍMINN er kominn!
Piparmarinerað lambalæri
Trönuberja- og eplamarinerað
Hvítlauks- og rósmarínmarinerað
New York-marinerað
Grillkryddað
1398 kr. kg
Lambalæri, krydduð og ókrydduð
25% afsláttur
798 kr. kg
Verð áður 1098 kr. kg
Grísakótilettur, frosnar í kassa
ca. 5 kg í kassa
2 í pk.
398 kr. pk.
Ungnautahamborgarar, 2 x 120 g
2 lítrar
toppur
99 kr. stk.
Toppur án bragðefna, 2 l
SPRENGJU-VERÐ!
2 lítrar
6 stk. 2 lítra (kippa) Pepsi Max
pepsi MAX
998 kr. kippan
Meðan birgðir endast!
MAGN-PAKKNING
KRÓNAN Kjúklingur
2099 kr. kg
Krónu kjúklingabringur, magnpakkning
Krónan Árbæ
Krónan Bíldshöfða
Krónan Breiðholti
Krónan Granda
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Lindum
Krónan Mosfellsbæ
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Akranesi
Krónan Reyðarfirði
Krónan Selfossi
Krónan Vestmannaeyjum
EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl



**MÆTTI MEÐ BLÓM** Jónas Hauksson kom færandi hendi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Opnar herrafata-verslunina Sturlu

Ingólfur Arnar Magnússon opnaði í vikunni herrafataverslunina Sturlu við Laugaveg. Fjölmargir lögðu leið sína þangað til að berja verslunina augum og fagna með verslunareigandanum. Ingólfur hefur löngum verið með áhuga á tísku, en búðin leggur áherslu á fatnað fyrir unga sem aldna karlmenn og í framtíðinni verður einnig dömufatnaður fáanlegur.



**LEIKARAR** Björn Hlynur Haraldsson og Vignir Rafn Hafþórsson.



**GÓÐIR GESTIR** Bragi G. Bragason og Ingólfur Haraldsson.



**FLOTTIR** Magnús Magnússon, faðir eigandans, og Ásmundur Jónsson.



**EIGANDINN** Hrafnhildur Ingólfsdóttir ásamt eigandanum Ingólfi og Kristínu Magnúsdóttur.



**BROSANDI** Þröstur Árnason, Kjartan Kjartansson og Hrund Finnbogadóttir.



**GAMAN** Björg Ingólfsdóttir, Magnús Dalberg og Ragnheiður Njálsdóttir.


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%

POWERSÝNING KL. 10.40 IRON MAN 3 — Latabæ í bíó! — OBLIVION ★★★★ T.K. - Kvikmyndir.is ★★★★ H.V.A - FBL — SCARY MOVIE — G.I. JOE 3D

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | 5.20, 8, 10.10, 10.40(P) | 12 |
| LATIBÆR | 6 | L |
| G.I. JOE 2 3D | 8 | 12 |
| OBLIVION | 5.30, 8 | 12 |
| SCARY MOVIE 5 | 10.30 | 14 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

FRÁ MARVEL ÞEIM SEM FÆRÐU OKKUR AVENGERS — KEMUR FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS — ROBERT DOWNEY JR. GWYNETH PALTROW BEN KINGSLEY GUY PEARCE — IRON MAN 3 — Arion banki
GERARD BUTLER AARON ECKHART MORGAN FREEMAN — GRJÓTHÖRÐ SPENNUMYND Í ANDA DIE HARD — OLYMPUS HAS FALLEN — FRÁ LEIKSTJÓRA TRAINING DAY OG HANDRITSHÖFUNDINUM KATRÍN BENEDIKT
STÓRMYNDIN SEM TEKIN VAR UPP Á ÍSLANDI — TOM CRUISE OBLIVION
ÓFEIGUR gengur aftur
SIDE EFFECTS
STEVE CARELL JIM CARREY — MÖGNUÐ GRÍNMYND — The Incredible BURT WONDERSTONE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 6:20 - 8 - 9 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 5:50 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE CALL | KL. 8 | 16 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 10 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 7 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 9:40 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| OBLIVION | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 | 16 |
| OBLIVION | KL. 10:10 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 6 | L |

SMÁRABÍÓ — LÚXUS THE CALL — FRÁBÆR SPENNUMYND MEÐ HALLE BERRY Í AÐALHLUTVERKI
"FÍNASTI FUGL" ★★★ -H.V.A., FBL ★★★★ G.H.J., RÚV — FALSKUR FUGL ★★★★ -H.S., MBL — NÝ ÍSLENSK SPENNUMYND BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK. MYND SEM ENGIN MÁ MISSA AF!
HÁSKÓLABÍÓ — PASSION
Latabæ í bíó! — TOM CRUISE OBLIVION ★★★★ -T.K., KVIKMYNDIR.IS ★★★★ -H.V.A. FRÉTTABLAÐIÐ — THE CROODS ★★★★ - H.S.S., MBL

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| THE CALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE CALL LÚXUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| LATIBÆR | KL. 4 | L |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 - 8 | 14 |
| SCARY MOVIE 5 | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| OBLIVION | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| PASSION | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE CALL | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| FALSKUR FUGL | KL. 8 - 10 | 14 |
| OBLIVION | KL. 9 | 12 |
| KAPRINGEN | KL. 5.45 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| FALSKUR FUGL | KL. 6 | 14 |
| OBLIVION KL. 10 12 / THE CALL | KL. 8 - 10 | 16 |
| SCARY MOVIE 5 | KL. 8 | 14 |
| LATIBÆR | KL. 6 | L |

SLÓ Í GEGN Á ÞÝSKUM KVIKMYNDADÖGUM — HANNAH ARENDT — JAGTEN græna ljósið — EFTIR ÓMAR RAGNARSSON IN MEMORIAM
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| IN MEMORIAM | (L) | 18:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50 |
| BANFF | (L) | 20:00 |
| ON THE ROAD | (16) | 20:00 |



KFC
Doritos
TWISTER
Brakandi,
seiðandi,
tælandi, eggjandi,
töfrandi, fagnandi, stökkur,
sætur, mjúkur, sterkur,
nýr, ferskur, unaðslegur,
yndislegur, frábær og skemmtilegur!
799 kr.
Tortilla • rifinn ostur
majónes • iceberg
muldar Doritos flögur • Zinger lundir
salsasósa • ristaður í grilli
PIPAR \ TBWA • SÍA • 131127
svoooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

**SPÁ FRÉTTA-BLAÐSINS 2013**

hefst eftir **3** daga

## Stjarnan hafnar í 3. sæti

Nú gæti verið komið að því. Eftir 53 ára titlalausa vertíð Stjörnumanna hefur liðið aldrei verið jafnsterkt. Alexander Scholz yfirgaf félagið en tveir landar hans voru fengnir í staðinn. Garðbæingar hafa trú á því að liðið geti farið alla leið í ár. Til þess þarf þó stöðugleika en liðið tapaði of mörgum stigum gegn minni spámönnum í fyrra.

Stjarnan missti af tveimur dauðafærum á sæti í Evrópukeppni í fyrra en þetta gæti verið tímabilið þar sem boltinn fer í slána og inn.




**→ STJARNAN**

**Veigar Páll Gunnarsson**

Silfurskeiðin hefur beðið lengi eftir heimkomu týnda sonarins og nú er stundin runnin upp. Með uppeldisbræðurna Veigar Pál og Garðar í fremstu víglínu mæta Stjörnustrákar með nefið upp í loft og fullir sjálfstrausts í leikina í sumar.

**→ ÞJÁLFARINN**



**Logi Ólafsson** er 58 ára gamall og á sínu fyrsta tímabili með liðið. Þetta er sjötta félagið sem hann þjálfar í efstu deild en hann þjálfaði síðast Selfoss í fyrra. Á að baki þrettán tímabil sem þjálfari í efstu deild (216 leikir, 103 sigrar, 55 prósent)

**→ NÝJU ANDLITIN**

Martin Rauschenberg (Esbjerg)
Michael Præst (FC Fyn)
Ólafur Karl Finsen (Selfoss)
Robert Sandnes (Selfoss)
Veigar Páll Gunnarsson (Stabæk)

**Fylgstu með þessum:**
**Michael Præst** – 26 ára Dani sem gæti slegið í gegn á miðjunni.

**→ HVAÐ ER LANGT SÍÐAN…**

…liðið var ekki í efri hluta – **3 ár** …Veigar Pálll Gunnarsson spilaði á Íslandi – **10 ár** …liðið spilaði í B-deild – **5 ár** …liðið átti markakóng deildarinnar – **2 ár** …liðið spilaði í C-deild – **8 ár** …liðið spilaði heimaleiki á alvöru grasi – **13 ár**

**→ EINKUNNASPJALDIÐ** **VÖRNIN** ★★★☆☆ **SÓKNIN** ★★★★★ **ÞJÁLFARINN** ★★★☆☆ **BREIDDIN** ★★★★☆ **ÍSLANDSMEISTARI:** Aldrei **BIKARMEISTARI:** Aldrei



**HAMINGJA** Skúli Gunnsteinsson faðmar Hönnu G. Stefánsdóttur eftir sigurinn Stjörnukvenna á Fram í Safamýri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÚRSLIT

### N1-DEILD KVENNA

**FRAM - STJARNAN** **19-21 (8-13)**

**Fram-kvenna - Mörk (skot):** Sunna Jónsdóttir 5 (10/1), Stella Sigurðardóttir 5 (11/1), Elísabet Gunnarsdóttir 4/1 (7/3), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (5), Ásta Birna Gunnarsdóttir 2 (5), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1 (1), Marthe Sördal (3),

**Varin skot:** Hildur Gunnarsdóttir 3 (7, 43%), Guðrún Bjartmarz 2/1 (19/4, 11%),

**Stjarnan-kvenna - Mörk (skot):** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 7/2 (9/2), Rakel Dögg Bragadóttir 7/1 (12/1), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 5 (6), Kristín Clausen 1 (1), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1 (6/1), Sandra Sif Sigurjónsdóttir (1),

**Varin skot:** Sunneva Einarsdóttir 16/2 (35/3, 46%),

*Stjarnan leiðir í einvíginu 2-1. Næsti leikur liðanna fer fram í Mýrinni á föstudag og þá geta Stjörnustúlkur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn.*

### N1-DEILD KARLA

**FRAM - HAUKAR** **35-30 (12-13)**

**Fram - Mörk (skot):** Sigurður Eggertsson 11/1 (14/1), Róbert Aron Hostert 7 (15), Jóhann Gunnar Einarsson 6/2 (13/2), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (5), Garðar B. Sigurjónsson 2 (3), Ólafur Magnússon 2 (3), Sigfús Páll Sigfússon 1 (2), Haraldur Þorvarðarson 1 (3), Jón Arnar Jónsson 1 (3),

**Varin skot:** Magnús Erlendsson 12 (32, 38%), Björn Viðar Björnsson 9 (19/2, 47%),

**Haukar - Mörk (skot):** Árni Steinn Steinþórsson 9 (17), Gylfi Gylfason 6/2 (11/2), Jón Þorbjörn Jóhannsson 4 (4), Freyr Brynjarsson 4 (8), Tjörvi Þorgeirsson 4 (10), Sigurbergur Sveinsson 3 (6), Elías Már Halldórsson (1), Adam Haukur Baumruk (1), Sveinn Þorgeirsson (2),

**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 12 (39/2, 31%), Giedrius Morkunas 3 (11/1, 27%),

*Leikurinn var tvíframlengdur. Fram leiðir í einvíginu 2-0. Næsti leikur liðanna fer fram að Ásvöllum á laugardag.*

### MEISTARAKEPPNI KSÍ KVENNA

**ÞÓR/KA - STJARNAN** **0-0**
**Þór/KA vann 4-1 eftir vítaspyrnukeppni.**

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**Barcelona - Bayern München** **0-3**
*Bayern vann samanlagt 7-0 og mætir Dortmund í úrslitaleik á Wembley 25. maí.*

## Sandra laus við hækjurnar

**FÓTBOLTI** Landsliðskonan Sandra María Jessen var ekki í leikmannahópi Þórs/KA gegn Stjörnunni í gær. Sandra meiddist á hné í upphafi apríl og hefur verið á hækjum síðan.

„Hún fer aftur í segulómun þann 12. maí. Þá getum við farið að meta hvenær hún verður klár," segir Jóhann Kristinn, þjálfari Þórs/KA.

Sandra María skoraði 18 mörk í deildinni síðastliðið sumar. Ljóst er að meistararnir verða án hennar í fyrstu leikjum sumarsins. - ktd

# Svanasöngur Teits

**Stjörnumenn glöddust í gær þegar Teitur Örlygsson ákvað að halda áfram að þjálfa körfuboltalið félagsins. Teitur tók aðra ákvörðun en hún er sú að hætta með liðið eftir næsta tímabil. Þjálfaranum er létt að hafa tekið ákvörðun.**

**KÖRFUBOLTI** Teitur Örlygsson var að klára sitt fjórða tímabil hjá Stjörnunni og fimmta tímabilið verður hans síðasta í Garðabænum. Að sinni að minnsta kosti.

„Ég er tilbúinn í eitt ár í viðbót. Það verður líka mitt síðasta ár hjá félaginu. Það er gott að vera búinn að taka ákvörðun og hún var ekkert erfið þannig séð. Það er gott að geta núna horft fram á veginn," sagði Teitur, en hann hefur gert Stjörnuna tvisvar sinnum að bikarmeistara.

Íslandsmeistaratitilinn hefur þó ekki komið í hús en Stjarnan var ansi nálægt því að vinna hann um síðustu helgi. Þá tapaði Stjarnan naumlega gegn Grindavík í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn.

„Stjarnan vildi halda mér og það var gott að finna þann stuðning. Það hefur gengið ágætlega hjá okkur og ég vil því taka eitt ár í viðbót," sagði Teitur, en það er ástæða fyrir því að hann tekur aðeins eitt ár í viðbót.



**EITT ÁR Í VIÐBÓT** Teiti hefur liðið vel í Garðabænum og hann ætlar að njóta síðasta ársins hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Eins og að hætta að drekka

„Það verða væntanlega kynslóðaskipti hjá félaginu eftir þann vetur og ég vil að einhver annar stýri þeirri uppbyggingu. Ég nenni ekki að fara aftur í gegnum það og sagði það við fjölskylduna. Þetta er bara eins og þegar menn ætla að hætta að drekka. Þetta er bara búið þennan ákveðna dag. Ég held að það sé auðveldara að gera þetta svona."

Það er mikil reynsla í Stjörnuliðinu og næsti vetur verður líklega lokaáhlaup einhverra leikmanna liðsins á Íslandsmeistaratitilinn. Kempurnar í liðinu yngjast ekki frekar en aðrir. Teitur er bjartsýnn á að halda flestum, ef ekki öllum, hjá liðinu.

„Ég veit ekki til þess að neinn sé að fara. Mér skilst að helmingurinn sé enn með samning og stjórnin þarf að klára þessi mál. Ég veit ekki hvort Jarrid Frye verður áfram Kaninn okkar á næsta ári en ég er persónulega mjög hrifinn af honum," sagði Teitur, en aðeins verður hægt að spila með einn Kana næsta vetur.

Stjarnan er með tvo sterka og reynslumikla menn í Justin Shouse og Jovan Zdravevski. Verða þeir áfram?

„Við sjáum hvað þeir geta gert en það er vonandi. Þeir hugsa báðir virkilega vel um sig og þá er aldurinn oft afstæður. Ef þeir gerðu það ekki væri ekki sama staða upp á borði. Menn eru farnir að geta teygt ferilinn með því að hugsa vel um sig. Það á við í öllum íþróttum í dag."

Sá stóri er ekki enn kominn í Garðabæinn undir stjórn Teits og liðið hlýtur að stefna á Íslandsmeistaratitilinn næsta vetur.

„Við viljum í það minnsta vera í toppbaráttunni og það á eftir að koma í ljós hvernig liðið verður og hvað við getum gert. En það er alveg ljóst að við viljum berjast á toppnum. Þannig hefur metnaðurinn verið hjá okkur," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar.

henry@frettabladid.is



**SLÁTRUN** Arjen Robben kom Bæjurum á bragðið í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Barcelona niðurlægt

**FÓTBOLTI** Það verða Bayern München og Borussia Dortmund sem mætast í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu á Wembley á Englandi þann 25. maí næstkomandi. Þetta varð ljóst þegar Bayern vann 3-0 sigur á Barcelona í síðari undanúrslitaleik liðanna á Spáni í gær.

4-0 sigur þeirra þýsku í fyrri leiknum setti Barcelona í erfiða stöðu sem reyndist ómöguleg þegar til kastanna kom.

Þetta verður í fyrsta skipti í sögu keppninnar sem tvö þýsk lið leiða saman hesta sína í úrslitaleiknum. Borussia Dortmund sló Real Madrid úr keppni á þriðjudag þrátt fyrir 2-0 tap í síðari leiknum á Spáni. Dortmund og Bayern mættust einmitt í þýsku deildinni á laugardag en þar hafa Bæjarar löngu tryggt sér titilinn.

Þetta verður í fjórða skiptið sem tvö lið frá sama landi mætast í úrslitaleiknum. -ktd

**→ Úrslitaleikir liða frá sama landi**

**Spænsk lið árið 2000**
Real Madrid - Valencia 3-0
**Ítölsk lið árið 2003**
AC Milan - Juventus 0-0
*AC Milan vann í vítakeppni*
**Ensk lið árið 2008**
Man. United - Chelsea 1-1
*United vann í vítakeppni*

# Ætla að halda meistaratitlinum fyrir norðan

**Þór/KA er meistari meistaranna eftir sigur á Stjörnunni norðan heiða í gær og ætlar sér mikið í sumar.**

**FÓTBOLTI** Eftir sjö mánaða undirbúningstímabil hefst keppni í Pepsi-deild kvenna á þriðjudaginn. Þór/KA á titil að verja. Jóhann Kristinn Gunnarsson, þjálfari Íslandsmeistara Þórs/KA, fer ekki í neinar grafgötur með markmið komandi tímabils.

Þór/KA lagði Stjörnuna í leik Íslands- og bikarmeistara síðustu leiktíðar norðan heiða í gær. Ekkert var skorað í venjulegum leiktíma en hinn 18 ára markvörður Helena Jónsdóttir tryggði norðankonum titilinn með því að verja tvær spyrnur Stjörnukvenna í vítaspyrnukeppninni.

„Við setjum okkur þau markmið að halda titlinum fyrir norðan. Það þýðir ekkert fyrir mig að fara í eitthvað annað, við erum að stefna hátt og við getum ekki stefnt neðar en í fyrra. Við erum búin að leggja mikið á okkur í vetur til að ná þessu markmiði og við ætlum að standa við það."

Jóhann Kristinn sá stelpurnar sínar skila fyrsta titlinum í hús í gær þegar Stjarnan var lögð að velli í vítaspyrnukeppni í árlegum leik Íslands- og bikarmeistaranna. Markvörðurinn Helena Jónsdóttir, sem verður nítján ára í næstu viku, var hetja Þórs/KA en hún varði tvö af fjórum vítum Stjörnukvenna.

Helena stóð í markinu í fjarveru hinnar bandarísku Kaitlyn Savage sem meiddist í frumraun sinni með Akureyrarliðinu á dögunum. Óttast er að Savage sé með slitin krossbönd. Þrátt fyrir ágæta frammistöðu Helenu í gær reiknar Jóhann með því að fá nýjan markvörð til liðsins.

„Við erum með stóran og öflugan meistaraflokk sem 2. flokk og ætlum að vera í toppbaráttunni á báðum stöðum. Hins vegar höfum við bara einn markvörð (Helenu) eins og er. Þótt hún sé frábær þá er það ekki á hana leggjandi. Ef við fáum inn markmann með henni þá erum við líklegast mjög vel sett," segir Jóhann. Hann reiknar með því að sömu lið raði sér í efstu fimm sætin í deildinni í ár og í fyrra.

„Stjarnan var í bílstjórasætinu í leiknum í dag og liðið er mjög líklegt til afreka eins og Breiðablik og við. Svo er ÍBV með nánast nýtt lið og ef Valur finnur flugið aftur þá getur allt gerst." - ktd, bhs



**MEISTARAR** Þór/KA vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í fyrra. MYND/AUÐUNN


VAXTALAUSAR
12 MÁN
AFBORGANIR
3,5% lántökugj.
EINFÖLD ÁKVÖRÐUN
VELDU ÖRYGGI
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA
ÞÚ PASSAR HANN
VIÐ PÖSSUM ÞIG
Continental
NANKANG
Hankook
driving emotion
Mastercraft
JEPPADEKK
Dekkjaverkstæði
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Hjólastillingar
Bremsuklossar
Rúðupurrkur
Rúðuvökvi
Rafgeymar
Peruskipti
SÓLNING
Renndu við
www.solning.is
Smiðjuvegi 68-70, Kópavogi ☎ 544 5000
Hjallahrauni 4, Hfj ☎ 565 2121
Rauðhellu 11, Hfj ☎ 568 2035
Fitjabraut 12, Njarðvík ☎ 421 1399
Eyrarvegi 33, Selfossi ☎ 482 2722
– UMBOÐSMENN UM LAND ALLT –

# Vígamenn úr Mjölni slást við Breta og Íra

Bardagakappar úr íþróttafélaginu Mjölni gera víðreist á þessu ári. Fram undan eru bardagar á Englandi og Írlandi. Einn Mjölnismaðurinn enn ætlar að reyna fyrir sér sem atvinnumaður í haust. Félagið fær enga styrki til að senda keppendur út.

**MMA** Fimm vaskir kappar úr bardagaklúbbnum Mjölni taka þátt í bardagamótinu 10th Legion Champion Fighting sem fram fer í Hull á Englandi á laugardaginn kemur.

Fjöldi bardaga fer fram um kvöldið, þar af fimm atvinnumannabardagar. Íslensku strákarnir eru margir að stíga sín fyrstu skref í keppni í blönduðum bardagalistum, MMA, en hafa þó æft íþróttina um þó nokkurt skeið.

„Við höfum aldrei áður sent svona marga keppendur á mót,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður Mjölnis. Tveir Íslendinganna munu berjast um titil eða belti á laugardaginn kemur, Diego Björn Valencia og Bjarki Þór Pálsson.

„Diego á einn áhugamannabardaga að baki en hann hefur æft karate í fjölda ára og hefur mikla keppnisreynslu. Bjarki Þór vann báða áhugamannabardagana sína en hann stefnir á atvinnumennsku í MMA í haust,“ segir formaðurinn.

Mótið á laugardaginn kemur er það fyrsta af mörgum sem Mjölnir sendir keppendur á. Þrír Mjölnismenn fara á mót á Írlandi eftir rúmar tvær vikur og áðurnefndur Bjarki Þór mun keppa í Cage Warrior-mótinu, sem er eitt það stærsta í Evrópu, stuttu eftir það. Það er því óhætt að segja að Mjölnir sé á miklu flugi um þessar mundir. „Ég bjóst aldrei við því að þetta myndi gerast svona hratt,“ segir Jón Viðar. „Þetta verður mikið keppnisár hjá okkur.“

Eins og gefur að skilja er kostnaðurinn við keppnisferðir mikill. Mjölnir fær ekki aðild að Íþróttasambandi Íslands, auk þess sem áhugamenn í blönduðum bardagalistum fá ekki greitt fyrir bardaga. Mjölnir reynir af fremsta megni að styðja við keppnislið sitt og rennur hluti félagsgjalda í að greiða fyrir ferðirnar. Bardagakapparnir sjálfir bera síðan töluverðan kostnað sjálfir.

Gunnar Nelson, skærasta stjarna Mjölnismanna, er meiddur en keppir væntanlega í UFC-mótaröðinni seinna á árinu. Árni Ísaksson, einn reyndasti kappi Mjölnismanna, mun einnig keppa síðar á árinu og sem fyrr segir mun Bjarki Þór reyna fyrir sér í Cage Warrior, en hann ætlar að reyna fyrir sér sem atvinnumaður í haust. Jón Viðar telur að Bjarki geti náð langt. „Hann æfir eins og skepna, hefur mikinn áhuga og er mjög hæfileikaríkur.“

kristjan@frettabladid.is



JÓN VIÐAR ARNÞÓRSSON

## MJÖLNISMENNIRNIR FIMM

### DIEGO BJÖRN VALENCIA



**Aldur:** 25 ára
**Þyngd:** 84 kg
**Bakgrunnur:** Svart belti í karate og blátt belti í brasilísku jiu-jitsu. Margfaldur Íslandsmeistari í karate.
**Reynsla:** Á einn áhugamannabardaga í MMA að baki. Var dæmdur úr leik fyrir að ganga of vasklega fram.
**Andstæðingur:** Tom Crosby, NSAC breskur meistari í millivigt.

### BJARKI ÓMARSSON



**Aldur:** 18 ára
**Þyngd:** 70 kg
**Bakgrunnur:** Blátt belti í BJJ.
**Reynsla:** Hefur unnið Mjölnir Open unglinga tvisvar í röð. Sigraði á Íslandsmeistaramóti unglinga í BJJ tvö ár í röð.
**Andstæðingur:** Rico Franco.

### BJARKI ÞÓR PÁLSSON



**Aldur:** 26 ára
**Þyngd:** 77 kg
**Bakgrunnur;** Blátt belti í BJJ og með reynslu í muay-thai.
**Reynsla:** 2-0 í áhugamanna MMA. 3-0 í boxi. 1. sæti í Hólmgöngu Mjölnis 2013 í flokki blábeltinga, sigraði í flokki hvítbeltinga á Opna norska BJJ-mótinu árið 2011 og í -79 kg flokknum. 2. sætið á Íslandsmótinu í BJJ árið 2012.
**Andstæðingur:** Sam Dulieu

### MAGNÚS INGI INGVARSSON



**Aldur:** 19 ára
**Þyngd:** 77 kg
**Bakgrunnur:** Blátt belti í BJJ.
**Reynsla:** Jafntefli í fyrsta áhugamanna MMA-bardaganum. 4. sætið í opnum flokki á Íslandsmótinu í BJJ 2013.
**Andstæðingur:** Deon Bruning

### BJARNI KRISTJÁNSSON



**Aldur:** 26 ára
**Þyngd:** 82 kg
**Bakgrunnur:** Hefur æft kickbox, BJJ og MMA í Mjölni frá 2007.
**Reynsla:** 2. sæti í -99 kg og 3. sæti í opnum flokki á Mjölnir Open 2012. 2. sæti í -94 kg og 3. sæti í opnum flokki á Opna danska mótinu. Brons í -99 kg flokki á Opna skandinavíska.
**Andstæðingur:** Calvin Mooney

Nýtt app



Fáðu okkur í símann þinn!

Sæktu þér nýja appið í snjallsímann þinn og hlustaðu á FM957, Bylgjuna og X977 hvar og hvenær sem er.

Farðu á visir.is/utvapp eða skannaðu QR kóðann og sæktu Útvappið fyrir iOS eða Android.

BYLGJAN 989 FM957 X 97.7



HIN EINA SANNA
SKÓSPRENGJA
HEFST Í DAG
50-90% afsláttur
50%
60%
70%
80%
90%
Toppskórinn
Outlet
Toppskórinn
Markaður
Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17
Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18



## Stöð 2 kl. 20.40
### NCIS

Sakamálaþáttaröðin NCIS er á dagskrá Stöðvar 2 í dag. Sjóliðsforingi er myrtur og rannsóknin leiðir í ljós að raðmorðingi gengur laus og hefur áður myrt liðsmenn bandaríska sjóhersins.

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?
### HEIÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR SKÁLD

**Harðir dagskrárstjórar** Ég kveiki yfirleitt ekki sjálf á sjónvarpinu nema mikið liggi við, til dæmis þegar bróðir minn er á skjánum í MasterChef. Ég er þó með tvo afar harða dagskrárstjóra á heimilinu sem ráða flestu áhorfi.



**RÚV KL. 19.40**



1 **Alla leið** Yngri dagskrárstjórinn er gallharður Júróvisjónaðdáandi svo við horfum alltaf á Alla leið.

**SKJÁREINN KL. 22.00**



2 **Elementary** Hér fær unglingurinn að ráða og velur eitthvað poppaðra en Júró.

**RÚV KL. 21.15**



3 **Neyðarvaktin** Þessir þættir eru voða góðir til að hreinsa hugann. Maður sofnar alveg tómur.

## RÁS 1
FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunglugginn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Segðu mér **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Sjónmál **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hlustarinn **15.25** Rauði þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Sápukúlur yfir Vonarstræti **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Kiljan** *(e)*
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.14 Úmísúmí** *(5:20) (Team Umizoomi - Season 1)*
**17.37 Lóa** *(47:52) (Lou!)*
**17.50 Stundin okkar** *(26:31) (e)*
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Melissa og Joey** *(13:15) (Melissa & Joey)* Bandarísk gamanþáttaröð. Stjórnmálakonan Mel situr uppi með frændsystkini sín, Lennox og Ryder, eftir hneyksli í fjölskyldunni og ræður mann að nafni Joe til þess að sjá um þau.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólahreysti** *(Úrslitaþáttur)* Úrslitaþátturinn í beinni útsendingu úr Laugardalshöll. Umsjón: Edda Sif Pálsdóttir og Haukur Harðarson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(5:24) (Criminal Minds VII)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** *(10:10) (Borgen)*
**00.05 Kastljós**
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30 Gray Matters**
**14.05 Diary of a Wimpy Kid**
**15.35 I Could Never Be Your Woman**
**17.10 Gray Matters**
**18.45 Diary of a Wimpy Kid**
**20.20 I Could Never Be Your Woman**
**22.00 Stieg Larsson þríleikurinn:** Karlar sem hata konur
**00.30 The Beach**
**02.30 The Road**
**04.20 Stieg Larsson þríleikurinn:** Karlar sem hata konur

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(16:22)*
**08.30 Ellen** *(136:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(72:175)*
**10.15 Smash** *(14:15)*
**11.00 Human Target** *(6:12)*
**11.50 Touch** *(8:12)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Who Do You Think You Are?** *(1:7)*
**13.45 Nanny Mcphee returns**
**15.45 Histeria!**
**16.05 Grallararnir**
**16.30 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(137:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(14:17)*
**19.40 New Girl** *(16:24)*
**20.05 The F Word** *(6:9)* Íslandsvinurinn Gordon Ramsay sem sýnir okkur að skyndibiti þarf ekki endilega að vera óhollur.
**20.55 NCIS** *(20:24)* Áttunda þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta og fjallar um sérsveit lögreglumanna í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.40 Grimm** *(4:22)* Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning. Nick Burkhardt er rannsóknarlögreglumaður sem sér hluti sem aðrir sjá ekki og hefur það hlutverk að elta uppi alls kyns kynjaverur sem lifa meðal mannfólksins. Á sama tíma og hann berst við djöfla og ára er hann önnum kafinn við að leysa morðmál með félaga sínum í lögreglunni.
**22.25 Sons of Anarchy** *(8:13)*
**23.05 Mr Selfridge** *(7:10)*
**23.55 The Mentalist** *(20:22)*
**00.35 The Following** *(13:15)*
**01.20 Mad Men** *(3:13)*
**02.10 Medium** *(9:13)*
**02.55 Burn Notice** *(5:18)*
**03.40 Nanny McPhee Returns**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**07.25 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**07.50 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**08.15 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**08.40 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**16.55 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Bayern**
**18.35 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**19.00 Chelsea - Basel** Bein útsending frá leik Chelsea og Basel í undanúrslitum Evrópudeildarinnar. Þetta er síðari viðureign liðanna.
**21.00 Benfica - Fenerbahçe**
**22.40 Chelsea - Basel**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Reading - QPR**
**18.20 Everton - Fulham**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review Show**
**21.25 Football League Show**
**21.55 Wigan - Tottenham**
**23.35 Chelsea - Swansea**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.01 Lalli**
**07.06 Lalli**
**07.16 Refurinn Pablo**
**07.21 Áfram Diego, áfram!**
**07.46 Waybuloo**
**08.06 Svampur Sveinsson**
**08.31 Könnuðurinn Dóra**
**08.56 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.01 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.06 UKI**
**09.11 Strumparnir**
**09.36 Histeria!**
**09.56 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.16 Ofurhundurinn Krypto**
**10.36 Lukku láki**
**11.01 Njósnaskólinn** *(13:13)*
**11.31 Ofurhetjusérsveitin**
**11.56 iCarly** *(43:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(19:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(9:10)*
**19.00 Friends** *(14:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(2:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(11:22)*
**20.10 Brickleberry** *(1:10)* Bráðsmellnir teiknaðir gamanþættir um hóp misheppnaðra þjóðgarðsvarða sem sjá fyrir að garðinum þeirra verður lokað innan skamms. Gamanið hefst þegar þeim berst óvæntur liðsauki sem hyggst bjarga garðinum.
**20.35 Sons of Tucson** *(5:13)* Gamanþættir um þrjá bræður sem eiga hús í bænum Tucson, Arizona og eftir að móðir þeirra yfirgefur þá og pabbinn lendir í fangelsi, leiga þeir mann til að ganga þeim í föðurstað svo þeir þurfi ekki að enda á fósturheimili.
**21.00 FM 95BLÖ**
**21.20 Glory Daze** *(3:10)* Gamanþættir sem gerast árið 1986 og fjalla um hóp háskólanema sem eru nýgengnir í bræðrareglu en komast að því að lífið á háskólalóðinni er ekki auðvelt og koma sér oftar en ekki í vandræðalegar aðstæður.
**22.05 Brickleberry** *(1:10)*
**22.25 Sons of Tucson** *(5:13)*
**22.50 FM 95BLÖ**
**23.15 Glory Daze** *(3:10)*
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## STÖÐ 2 GULL

**12.16 Doctors** *(24:175)*
**12.56 Bernard**
**19.00 Ellen** *(137:170)*
**19.40 Strákarnir**
**20.10 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(8:9)*
**20.40 Svínasúpan**
**21.05 Curb Your Enthusiasm** *(2:10)*
**21.35 The Drew Carey Show** *(9:22)*
**22.00 Frasier** *(20:24)*
**22.25 Strákarnir**
**22.55 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(8:9)*
**23.25 Svínasúpan**
**23.50 Curb Your Enthusiasm** *(2:10)*
**00.20 The Drew Carey Show** *(9:22)*
**00.45 Frasier** *(20:24)*
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 Pepsi MAX tónlist**
**13.20 The Voice** *(5:13)*
**15.50 7th Heaven** *(17:23)*
**16.35 Dynasty** *(19:22)*
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 Megatíminn** *(6:7)*
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.25 Everybody Loves Raymond** *(18:25)*
**19.50 Will & Grace** *(22:24)* Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.15 The Office** *(4:24)*
**20.40 Ljósmyndakeppni Íslands - LOKAÞÁTTUR** *(6:6)* Úrslitakeppni stærstu ljósmyndakeppni sem haldin hefur verið á landinu. Að lokum mun aðeins einn standa eftir sem sigurvegari. Í þessum æsispennandi lokaþætti fara þeir þrír keppendur sem eftir eru til Kaupmannahafnar.
**21.10 An Idiot Abroad** *(2:3)* Þetta er þriðja og síðasta þáttaröðin af þessu óborganlegu þáttum en í þeim slæst leikarinn Warwick Davis í hóp með Karl til að ferðast sömu leið og Marco Polo gerði á sínum tíma. Karl og Warwick eru nú komnir til Indlands, eins fjölmennasta ríkis heims.
**22.00 Vegas** *(15:21)*
**22.50 Dexter** *(2:12)*
**23.40 Law & Order UK** *(12:13)*
**00.30 Excused**
**00.55 The Firm** *(8:22)*
**01.45 Vegas** *(15:21)*
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.50** Zurich Classic **2013** *(4:4)* **12.20** Golfing World **13.10** Zurich Classic **2013** *(4:4)* **17.40** PGA Tour - Highlights *(12:45)* **18.35** Inside the PGA Tour *(17:47)* **19.00** Wells Fargo Championship **2013** *(1:4)* **23.00** The Open Championship Official Film **1978** **23**.55 PGA Tour - Highlights *(12:45)* **00.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Átthagaviska **21.00** Auðlindakistan **21.30** Siggi Stormur og helgarveður

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




*Sérstök brúðkaupsgjöf*

**KitchenAid**

*Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.*




Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir!
Gildir um **KitchenAid** hrærivélar.





*Brúðarleikur*



Nýjar **KitchenAid** vörur

*Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðargjafalista fá nöfnin sín sjáfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

LÍFIÐ ER
# LITRÍKT

Nú er kominn nýr
**Nokia Lumia 620**
í hina litríku og
frábæru **Lumia**
línu frá **Nokia**.

**MEÐ LUMIA**




**Lumia 620** – 3,8" ClearBlack skjár / 5 MP myndavél með Autofocus / 8GB innbyggt minni + minniskortarauf / Dual-core 1GHz örgjörvi / Skiptanlegar bakhliðar / 3G og WIFI / **Verð: 46.995**




**Lumia 820** – 4,3" AMOLED ClearBlack skjár / 8 MP Carl Zeiss myndavél með Autofocus / 8GB innbyggt minni + minniskortarauf / Dual-core 1,5GHz örgjörvi / Skiptanlegar bakhliðar / 3G, 4G og WIFI / **Verð: 79.995**

PIPAR\TBWA • SÍA • 130798






Þráðlaus hleðsla.

**Lumia 920** – 4,5" PureMotion HD+ ClearBlack skjár / 8,7 MP PureView Carl Zeiss myndavél með Optical Image Stabilizer / 32GB innbyggt minni / Dual-core 1,5GHz örgjörvi / Þráðlaus hleðsla / 3G, 4G og WIFI / **Verð: 109.995**

NOKIA

Windows Phone

**Lumia 620, 820, 920** – Windows Phone 8 / Fullkominn stuðningur við Outlook, MS Office og annan viðhengjastuðning / Nokia HERE Maps – NAVTEQ Nokia kortagrunnur / Nokia HERE Drive – frí akstursleiðsögn með raddstýringu / 7GB frítt SkyDrive pláss / Snertiskjár sem hægt er að stjórna með hanska á höndum / Nokia Smartshoot / Nokia CityLens / Nokia Cinemagraph / NFC og Bluetooth / Hægt að læsa síma, finna á korti og/eða eyða gögnum í gegnum internetið / 128 bita dulkóðun á gögnum / Einstök samhæfing við Facebook, Twitter og aðra samfélagsmiðla

Hátækni

VORBOÐINN



**„Þegar kötturinn kemur með flærnar inn. Þá er kominn tími á flóaól.“**

Ásta Gísladóttir, ritstjóri Spássíunnar og höfundur leikverksins Spilaborg.

# Hjálmar taka upp plötu með Erlend Øye

## Upptökum er að ljúka á nýrri plötu sem Hjálmar og Norðmaðurinn Erlend Øye hafa unnið saman.

Hjálmar og hinn þekkti norski tónlistarmaður Erlend Øye úr hljómsveitunum Kings of Convenience og The Whitest Boy Alive eru að vinna saman að nýrri plötu. Upptökum er í þann mund að ljúka hér á landi.

„Hann sá okkur spila í Noregi. Hann fór að spjalla við okkur og við vorum svo í sambandi yfir netið,“ segir Helgi Svavar Helgason, trommari Hjálma, spurður út í tilurð samstarfsins. „Hann bókaði okkur á festival í Hollandi sem hann er að sjá um. Við spiluðum á undan honum og svo með honum. Í framhaldinu spurði hann mig hvort ég væri til í að spila með honum en svo þróaðist það út í að hann kom hingað og við erum að taka upp nýju plötuna hans.“

➜ Hjálmar munu hugsanlega fara í tónleikaferð erlendis með Øye til að fylgja plötunni eftir.

Öll lög og textar eru eftir Øye en Hjálmar spila undir á plötunni.

Aðspurður segir Helgi Svavar það algjöra snilld að starfa með Norðmanninum. „Þetta er „spontant“ og skemmtilegur gaur,“ segir hann, en Helgi, Siggi í Hjálmum og Øye spiluðu óvænt saman á Slippbarnum í síðustu viku. „Hann gistir á þessu hóteli og langaði að spila þar.“ Øye spilaði einnig með Hjálmum á Faktorý á laugardag þar sem nýja efnið var prufukeyrt. - fb



**Í HLJÓÐVERINU** Hjálmar og Erlend Øye í Hljóðrita í Hafnarfirði. Óvíst er hvenær platan kemur út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Haraldur vann Webby-verðlaun

## Fékk virt vefverðlaun fyrir Google Maps-síðu sína.

„Ég er húrrandi glaður,“ segir vefhönnuðurinn Haraldur Þorleifsson. Hann vann ein Webby-verðlaun og tvenn People´s Choice-verðlaun, sem eru hluti af Webby-verðlaununum, fyrir hönnun kynningarsíðu fyrir Google Maps.

Webby-verðlaunin eru þau virtustu innan vefheimsins og því um mikinn heiður að ræða fyrir Harald. „Ég held að þetta séu stærstu verðlaunin sem er hægt að vinna í þessum bransa. Öll svona verðlaun hjálpa til við að auka athygli á því sem maður er að gera.“

Haraldur, sem er sjálfstætt starfandi, hefur á nokkrum árum skapað sér sess á meðal fremstu vefhönnuða í heiminum. Á ferli sínum hefur hann unnið fyrir Microsoft, Motorola og nú síðast Google.

Hann vann Webby-verðlaunin, sem eru aðalverðlaunin og valin af dómnefnd, í flokknum „Corporate Communications“. Hann hlaut People´s Choice-verðlaunin, þar sem almenningur gat kosið hann, í flokkunum „Corporate Communications“ og „Best Navigation/Structure“. - fb



**SIGURVEGARI** Haraldur Þorleifsson hlaut Webby-verðlaunin fyrir google maps. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SKIPULEGGUR FLÓAMARKAÐ** Berglind Hasler, fréttakona og meðlimur í hljómsveitinni Prins Póló, skipuleggur markað sem fram fer í Kópavogi um helgina. Með henni á myndinni eru eiginmaður hennar, Svavar Pétur Eysteinsson, og Hrólfur sonur þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Skipuleggur flóamarkað í Kópavogi

## Berglind Hasler segir ekki allt þurfa að gerast innan póstnúmers 101. Hún skipuleggur flóamarkað sem fer fram í húsnæði við Nýbýlaveg um helgina.

„Það má nýta höfuðborgarsvæðið betur, það þarf ekki allt að gerast í póstnúmeri 101,“ segir Berglind Hasler, fréttakona og meðlimur í hljómsveitinni Prins Póló, sem stendur fyrir flóamarkaði sem fram fer í atvinnuhúsnæði við Nýbýlaveg í Kópavogi um helgina. Eiginmaður hennar, tónlistarmaðurinn Svavar Pétur Eysteinsson, hefur verið henni innan handar sem sérlegur flóamarkaðsráðgjafi.

Berglind og Svavar þekkja eiganda húsnæðisins og það var hann sem gaukaði flóamarkaðshugmyndinni að þeim. Í næsta húsi við þau fer fram markaður fyrir netverslanir og að sögn Berglindar hefur sá gengið glimrandi vel. „Þar hefur verið mikil eftirspurn eftir notuðum hlutum þannig að okkur þótti þetta alveg rakið og ákváðum að kýla á þetta. Við byrjum í temmilegu plássi fremst í húsinu en ef vel gengur er stórt port á bak við húsið sem væri kjörið undir útimarkaði í sumar. Þar fyrir aftan er svo enn stærra pláss þannig í raun er hægt að hafa þetta endalaust,“ segir Berglind og hlær.

Gangi allt að óskum verður flóamarkaðurinn starfræktur um hverja helgi í allt sumar. Aðspurð segir Berglind fjölda fólks þegar hafa pantað sölubás fyrir komandi helgi og verður hún sjálf í hópi þeirra. „Við erum að tæma geymsluna um þessar mundir, hún er komin inn á stofugólf til okkar. Alls konar fólk hefur haft samband og pantað bás þannig að ég held að úrvalið um helgina verði bæði fjölbreytt og spennandi,“ segir hún að lokum.

sara@frettabladid.is

### Allt má selja

Markaðurinn á að vera fjölbreyttur og skemmtilegur, svo ef fólk lumar ekki á gersemum í geymslunni má líka selja hæfileika, veitingar eða annað sem fólki kemur til hugar. Dagurinn kostar 5.500 krónur, helgin kostar 9.500 krónur og hægt er að panta bás með því að senda póst á netfangið berglind@skakkapopp.is.

# Auglýsing Reynis á vefsíðu Shots

## Auglýsing sem Reynir Lyngdal gerði fyrir þýska auglýsingastofu vekur athygli.

Auglýsing sem Reynir Lyngdal leikstýrði fyrir þýska auglýsingastofu hefur vakið mikla athygli á vefsíðu fagtímaritsins Shots, sem er eitt það þekktasta innan auglýsingabransans.

„Þetta gerist eiginlega ekki betra í þessum geira, þegar fagaðilarnir fara að hampa manni,“ segir Reynir. Auglýsingin var gerð til að koma hugmyndasmiðum þýsku stofnunar á framfæri, en hún hefur mikið unnið fyrir Volkswagen í Þýskalandi. Haft var samband við Reyni og ákveðið var að auglýsa úlpu frá 66°Norður. Í aðalhlutverkum eru Halldór Gylfason og Gunnar Hansson og fóru tökur fram á einum degi uppi á Hellisheiði og í Skíðaskálanum í Hveradölum.

➜ Reynir er í samstarfi við Pegasus að vinna að nýrri þáttaröð af Hamrinum og að kvikmyndaútgáfu af bók Gerðar Kristnýjar, Garðurinn.

Reynir hefur áður komið efni inn á vefsíðu Shots. Það var fyrir Thule-auglýsingarnar sem nutu mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum.

Leikstjórinn hefur haft í nógu að snúast undanfarið. Á þriðjudagskvöld var frumsýnt í Bíó Paradís nýtt alþjóðlegt tónlistarmyndband sem hann tók upp fyrir Retro Stefson við lagið Qween. Það fer í almennar sýningar í dag. - fb



**REYNIR LYNGDAL** Vekur athygli fyrir auglýsingu sem hann gerði fyrir þýska auglýsingastofu.


THULE OG NÁMAN KYNNA
JEFF DUNHAM
VINSÆLASTI GRÍNISTI HEIMS Á ÍSLANDI!
ÓSPEKTIR Á ALMANNAFÆRI
FÖSTUDAGINN 20. SEPTEMBER Í HÖLLINNI
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10
THULE
Léttöl
Miðasala fer fram á Miði.is og í síma 540 9800
Nánar á www.sena.is/jeffdunham
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tískutímaritin nýtt

Fatahönnuðirnir **Rebekka Jónsdóttir** og Dúsa Ólafsdóttir vinna hörðum höndum við að breyta hluta vinnustofu sinnar í verslun. Verslunin verður opnuð í Miðstræti 12 á morgun og þar munu hönnuðirnir selja eigin hönnun ásamt flíkum frá austurríska fatamerkinu Superrated. Rebekka og Dúsa hafa að mestu séð um allar innréttingar sjálfar og bjó sú fyrrnefnda til búðarborð úr nokkur hundruð Vogue-tímaritum. **- sm**



### Smugunni lokað 1. maí

Fréttavefnum Smugunni var lokað í gær, 1. maí. Vonast er til að vefsíðan verði opnuð á ný í haust ef tekst að afla nægilegs fjár.

Á síðunni segir að stærstu eigendur Smugunnar, Vinstrihreyfingin – grænt framboð, Lilja Skaftadóttir og fleiri, hafi dregið sig út úr rekstrinum. Útgáfufélagið, með **Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur** í broddi fylkingar, leitar nú leiða til að fjármagna reksturinn.

Nú leita forsvarsmenn vefjarins til lesenda sinna og óska eftir framlagi í gegnum sérstaka styrktaráskrift sem kostar annaðhvort 500 eða 1.000 krónur á mánuði. Takist að safna nægilegum fjölda áskrifenda verður Smugan opnuð aftur í haust og þá verður haft samband við þá sem skrá sig til að virkja áskriftina. Tekið er fram að hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. **- sv**



## Mest lesið Vísir

1 Potan sem fórst var eitt sinn í eigu Atlanta
2 Allt tal um minnihlutastjórn brandari
3 Telur minnihlutastjórn vera góðan kost
4 Sprotafyrirtæki selt á milljarð
5 Fundurinn haldinn til að skýra myndina
6 Fundir forystumanna halda áfram
7 Frábær árangur segir Jón Gnarr
8 Þúsund grænir fánar fari niður





